ALLT ATVINNA

*Stútfullt blað af atvinnuauglýsingum*

Atvinna

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



INGÓLFUR GUÐBRANDSSON

*Kennir Íslendingum að ferðast með stæl*

Á alveg eftir að kynnast Mið-Asíu

FÓLK 38




LAGERSALA SENU

TÓNLIST · TÖLVULEIKIR · DVD

OPIÐ 11-19 ALLA DAGA!

FRÁ 199,-

LAGERSALA SENU FELLSMÚLA 28

(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

...GERÐU BESTU KAUPIN ▶

sena



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. mars 2006 — 77. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000




**Elvar Gunnarsson**

Kvikmyndagerðarmaðurinn er kominn með sína eigin myndbandaleigu og segir það draumastarf.

FÓLK 38

**Hnattvæðing ekki sjálfgefin**

Aukin spenna fer ekki vel saman við friðsamlega verslun og viðskipti, segir Illugi Gunnarsson.

Í DAG 12

**Afsprengi arkitekts**



„Fólk fær oftast óstöðvandi hláturskköst í nokkrar mínútur eftir sprengingarnar."

HELGAREFNI 18-19

**Silvía Nótt er fyndin**



Eiður Smári Guðjohnsen svarar spurningum lesenda Fréttablaðsins og Vísis í dag. Þar kemur margt áhugavert fram enda viðtalið ólíkt öðrum viðtölum sem Eiður fer í dags daglega.

ÍÞRÓTTIR 32-33

## VEÐRIÐ Í DAG




**KÓLNANDI** Í dag verður yfirleitt hæg norðlæg átt, en bætir þó í vind á Vestfjörðum þegar líður á daginn. Bjart með köflum syðra en snjó- eða slydduél norðan og austan til. Hiti 5-8 stig syðra en 0-3 stig á landinu norðanverðu.

VEÐUR 4






# Halldór grunaði að herinn myndi fara

**Halldór Ásgrímsson segir að verji Bandaríkjaher ekki landið sé varnarsamningur þjóðanna tilgangslaus. Bandarísk stjórnvöld verði að skýra hvernig þau hyggist verja landið herlaust á næstu vikum og mánuðum.**

**VARNARLIÐIÐ** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra segir ríkisstjórnina verða að fá skýra mynd af því hvernig bandarísk stjórnvöld hyggist tryggja varnir Íslands án veru Varnarliðsins á landinu áður en teknar séu ákvarðanir um hvort rétt sé að rifta varnarsamningnum frá árinu 1951.

„Ef engar varnir eru þá verður varnarsamningurinn ansi tilgangslaus, þannig að við viljum að þetta komi skýrt fram nú næstu vikur og mánuði," segir Halldór.

Forysta Samfylkingarinnar telur nauðsynlegt að láta reyna á það hjá Atlantshafsbandalaginu hvort Bandaríkjamenn hafi brotið varnarsamninginn með einhliða og að margra mati harkalegri og ódiplómatískri ákvörðun sinni um brotthvarf hersins.

Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, sagði efnislega í Laugardagsþætti Ríkisútvarpsins í gær að hann saknaði nú Davíðs Oddssonar og yfirlýsinga um að ef Bandaríkjamenn hirtu ekki lengur um sýnilegar varnir jafngilti það uppsögn samningsins. Jón Baldvin kvaðst þessu sammála og því gætu Bandaríkjamenn bara hypjað sig.

Halldór segir að hann hafi grunað að Bandaríkjamenn myndu draga herliðið burt. Hann hafi því 11. nóvember sagt í ræðu á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins að Íslendingar myndu aldrei neyða herinn til að vera hér vildu Bandaríkjamenn það ekki. „En ég átti satt best að segja von á því að það gerðist í þessum samningaviðræðum og með öðrum hætti en nú hefur gerst. Ég var einfaldlega að segja að það er mikilvægt fyrir okkur að vita þetta. Nú vitum við þetta og þá förum við að vinna út frá því." Hvort það verði álver eða aðrar lausnir vill Halldór ekki nefna en segir brotthvarf Varnarliðsins hugsanlega geta réttlætt sértækar og tímabundnar aðgerðir í atvinnumálum á Suðurnesjum.

**- jh /** **sjá síðu 16**



**UNGIR OG UPPRENNANDI TÓNLISTARMENN Á AFMÆLISTÓNLEIKUM** Skólahljómsveitirnar í Reykjavík héldu upp á fimmtíu ára afmæli sitt í gær með tónleikum í Háskólabíói þar sem fjöldi barna kom fram og leikið var af innlifun á hvert hljóðfæri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Frost fram undan um land allt eftir hlýindi undanfarinna daga:

# Gróðurinn er ekki í hættu

**GRÓÐURFAR** Þrátt fyrir að gróður sé víða farinn að taka við sér eftir hlýindi síðustu daga og vikur víða um land telur Borgþór Magnússon plöntuvistfræðingur litla hættu á ferð þótt fram undan sé frostakafli samkvæmt spám veðurfræðinga.

Segir Borgþór að trjágróður og runnar eigi enn aðeins í land og hættan sé því að mestu bundin við vorlauka og slíkar jurtir sem farnar eru að taka við sér víða á sunnanverðu landinu. „Eitthvað mun eflaust skemmast en það er lítið farið að laufgast enn sem komið er og hættan er ekki mikil meðan svo er. Sama gildir um skordýr, þau eru ekkert farin að láta að sér kveða og því ólíklegt að þau verði illa úti þó að nú komi kaldur kafli."



**GRÓSKA Í GRÓÐRINUM** Þótt víða sé gróður að taka við sér á láglendi telur Borgþór Magnússon plöntuvistfræðingur ekki ástæðu til að hafa áhyggjur. Kuldakast eða hret hafi ekki mikil áhrif á þessum árstíma. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Borgþór segir þá mildu vetur sem verið hafa á landinu síðustu árin hafa haft talsvert áhrif á gróðurfar og náttúru landsins. „Ef fram heldur sem horfir er gósentíð fram undan hvað gróðurinn snertir. Það hefur verið mikil framför í úthagagróðri á undanförnum árum. Bæði er það vegna minni beitar en hlýindi síðustu vetra hafa mikil áhrif. Frost í jörð hefur verið tiltölulega lítið og gróður eflst gríðarlega mjög víða. Haldi fram sem horfir megum við eiga von um umfangsmeiri breytingar á gróðurfari hér á landi en við höfum upplifað áður; meiri grósku og víðar og ofar í fjöllum en áður hefur þekkst."

**- aöe**



**Á GÖTUNNI** Breyta á átján hótelíbúðum við Höfðabakka í heimili fyrir heimilislausa og aðra í miklum kröggum, verði hægt að ganga frá kaupum á húsnæðinu.

Breyta hótelíbúðum í heimili:

# Samningurinn ekki í höfn

**VIÐSKIPTI** Félagsbústaðir hafa undirritað kaupsamning um kaup á átján hótelíbúðum við Höfðabakka í Reykjavík fyrir 158 milljónir króna. Þar sem íbúðirnar höfðu áður verið seldar öðrum og samningurinn þinglýstur en ekki efndur hafa kaupin þó ekki gengið eftir.

Félagsbústaðir hafa gefið út stefnu til að afmá kauptilboðið vanefnda úr þinglýsingarbókum og stefnt seljanda til að gefa út afsal fyrir eigninni.

Þröstur Ólafsson, formaður bústaðanna, segir íbúðirnar átján ætlaðar fólki sem sé í miklum erfiðleikum, jafnvel á götunni. Kaupsamningurinn hafi verið undirritaður 18. desember. Málið hafi því verið í kyrrstöðu í þrjá mánuði.

**- gag /** **sjá síðu 6**

Ástralskir nektardansarar:

# Fá rétt til að fara í mat

**ÁSTRALÍA, AP** Ástralskar nektardansmeyjar unnu markverðan vinnulöggjafarsigur á dögunum. Þær mega nú taka sér matar- og kaffihlé eftir að þær hafa beráttað sig á sviðinu. Stjórnvöld í landinu samþykktu vinnulöggjöfina á föstudag.

„Við höfum nú rétt á að fá greidda yfirvinnu þegar við vinnum á helgidögum, sem við höfum aldrei fengið áður," sagði Mystical Melody, talskona verkalýðsfélags ástralskra nektardansara. „Við megum ekki vinna lengur en tíu tíma vaktir."

Dansararnir fá nú yfirvinnu greidda, eiga rétt á hvíldar- og matartímum og fá greidd barnseignarfrí.

**- smk**




1+7=1

ÍSLANDSBANKI OG 7 DÓTTURFYRIRTÆKI OG STARFSSTÖÐVAR SAMEINAST UNDIR EINU NAFNI

GLITNIR



## SPURNING DAGSINS

*Kristinn, vantar alla framsókn í flokkinn?*

„Já, menn þurfa að sækja meira fram.“

Kristinn H. Gunnarsson segir að ef fram heldur sem horfir endi Framsóknarflokkurinn sem lítill jaðarflokkur.

Frakkar gengu gegn nýrri vinnulöggjöf í gær:

# Fjölmennustu mótmælin

**FRAKKLAND, AP** Hundruð þúsunda nema og annarra ungmenna flykktust út á götur Parísar og annarra franskra borga í gær í stærstu mótmælum fram að þessu gegn nýrri vinnulöggjöf í Frakklandi. Þetta var í annað sinn á þremur dögum sem nemarnir héldu mótmælagöngur gegn löggjöfinni, í þetta sinn studdir af stjórnendum og meðlimum verkalýðsfélaga. Um 160 göngur voru skipulagðar víðs vegar um Frakkland og fóru flestar þeirra friðsamlega fram, en í París lauk göngunni með því að ungmenni kveiktu í bíl, brutu búðarglugga og fleygðu steinum og golfkúlum í lögreglu. Lögregla sagðist í gærkvöld telja að um hálf milljón manna hefði gengið gegn löggjöfinni, en skipuleggjendur mótmælanna töldu að 1,5 milljónir manns hefðu tekið þátt. Talið var að um 350.000 manns hefðu gengið í Parísargöngunni einni saman.

Reiði fólksins stafar af fyrirhuguðum lagabreytingum, sem Dominique de Villepin forsætisráðherra hyggst setja í þeim tilgangi að draga úr atvinnuleysi meðal ungs fólks, en með lagasetningunni verður atvinnurekendum gert auðveldara um vik að segja upp ungu starfsfólki. Atvinnuleysi meðal ungs fólks er 23 prósent í Frakklandi, en nær allt að fimmtíu prósentum í fátækrahverfum stórborga. **- smk**



**MÓTMÆLI** Fjölmargir Frakkar mótmæltu nýrri vinnulöggjöf í gær. Myndin er frá borginni Rennes. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samtök iðnaðarins:

## Meirihlutinn vill evru

**SKOÐANAKÖNNUN** Rúmlega helmingur félagsmanna í Samtökum iðnaðarins vill taka upp evru eða 61,1 prósent, á meðan aðeins 42,5 prósent almennings á Íslandi vilja það og 47,6 prósent eru andvíg því, samkvæmt skoðanakönnun sem IMG Gallup gerði fyrir samtökin í febrúar.

Samkvæmt könnuninni vill tæplega helmingur félagsmanna samtakanna, eða 44,8 prósent, ganga í Evrópusambandið en mun færri eru á móti því eða 33,9 prósent. Á sama tíma vilja 40,6 prósent landsmanna ganga í Evrópusambandið en nánast jafn margir eru á móti því, 37,9 prósent. **- eö**



**STRÍÐI MÓTMÆLT** Þessir tveir ungu Grikkir tóku þátt í mótmælum í Aþenu í gær gegn stríði Bandaríkjanna í Írak. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íraksstríði mótmælt:

## Þrjú ár liðin frá innrásinni

**ÍRAKSSTRÍÐ, AP** Þúsundir manna víða um heim mótmæltu stríði Bandaríkjanna gegn Írak í gær, en þrjú ár voru þá liðin frá innrás Bandaríkjahers inn í Írak. Flestir mótmælendanna kröfðust þess að Bandaríkin og önnur lönd kölluðu heri sína tafarlaust heim frá Írak.

Færri mættu í göngurnar en búist var við í flestum evrópskum borgum, að Róm undanskilinni, jafnvel þó skoðanakannanir sýni að flestir Evrópubúar séu mótfallnir stríðinu. **- smk**

Vinstri grænir:

## Umhverfissýn í öllum málum

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Vinstri-græn - hreinar línur“ er yfirskrift allra framboða Vinstri grænna til sveitarstjórnarkosninga í vor. „Við stöndum fyrir skýran valkost í sveitarstjórnarmálum og kjarni okkar pólitíkur er félagslegt réttlæti og náttúrusýn á alla málaflokka,“ segir Svandís Svavarsdóttir, sem leiðir lista flokksins í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík í vor.

„Við lítum á skipulagsmál sem umhverfismál og þau verða alltaf að vera í sátt við mannlíf og umhverfi.“ **- eö**

# Uppstokkunar á flugrekstri krafist

**Skafti Þórisson segir nauðsynlegt að taka flugrekstrarmál til endurskoðunar vegna brotthvarfs Varnarliðsins. Formaður nefndar um flugvallarmál segir vinnu um flugvallarmál ekki breytast þó Varnarliðið hverfi á braut í haust.**

**FLUGVALLARMÁL** Skafti Þórisson, formaður Félags slökkviliðsmanna á Keflavíkurflugvelli, telur íslensk stjórnvöld ekki hafa efni á því að reka tvo stóra flugvelli.

Félagið sendi í gær frá sér ályktun þess efnis að brottför bandaríska varnarliðsins frá Íslandi í haust kallaði á „meiriháttar uppstokkun á rekstri og stjórnsýslu Keflavíkurflugvallar, svo og öllum flugrekstrar- og flugöryggismálum Íslands,“ eins og segir orðrétt í tilkynningunni.

Skafti telur ljóst að íslensk stjórnvöld verði að axla þá ábyrgð sem fylgir því að taka við stjórn og rekstri alþjóðaflugvallar. „Það er staðreynd að íslensk stjórnvöld munu taka við rekstri flugvallarins og ég tel það liggja ljóst fyrir að þau hafa ekki efni á því að reka tvo flugvelli. Það liggur því fyrir að stórfelldar breytingar á rekstri og stýringu flugmála í landinu eru óhjákvæmilegar. Ég tel því skynsamlegast að gera Keflavíkurflugvöll að miðstöð flugs, bæði innan og utanlands, hér á landi.“

Á vegum samgönguráðuneytisins starfar nú nefnd sem er ætlað að skoða meðal annars mögulegan flutning á miðstöð innanlandsflugs frá Reykjavík til Keflavíkur, auk annarra þátta er við koma flugmálefnum á höfuðborgarsvæðinu.

Helgi Hallgrímsson, sem er formaður nefndarinnar, segir forsendur starfsins í nefndinni ekki breytast þrátt fyrir að íslensk stjórnvöld muni koma að rekstri Keflavíkurflugvallar með meiri mætti en þau hafa gert hingað til, í ljósi þess að bandaríska varnarliðið mun fara af landi brott í haust. „Það hefur ekki áhrif á störf nefndarinnar, þótt líklegt sé að íslensk stjórnvöld komi til með að taka meiri þátt í rekstri Keflavíkurflugvallar í ljósi breytinganna sem boðaðar hafa verið. Við tökum að sjálfsögðu ekki afstöðu til þess hvort færa eigi miðstöð innanlandsflugs frá Reykjavík til Keflavíkur. Okkar verkefni er að gera úttekt á flugvallarmálum á höfuðborgarsvæðinu og einn af þeim kostum sem eru til skoðunar er hvort það komi til greina að færa miðstöð innanlandsflugs til Keflavíkur.“

Auk Helga sitja í nefndinni Þorgeir Pálsson flugmálastjóri, Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, og Sigurður Snævarr, hagfræðingur Reykjavíkurborgar. Nefndin skilar niðurstöðum sínum í haust.

Ekki náðist í Sturlu Böðvarsson samgönguráðherra í gær en hann var staddur í Frakklandi.

magnush@frettabladid.is



**FRÁ VARNARLIÐSSVÆÐINU** Ýmsir velta því nú fyrir sér hvort brotthvarf Varnarliðsins frá Keflavíkurflugvelli í haust muni verða til þess að miðstöð innanlandsflugs verði flutt til Keflavíkur, í ljósi þess að íslensk stjórnvöld taka við rekstri flugvallarins úr höndum Bandaríkjamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/



**HELGI HALLGRÍMSSON** Segir forsendur vinnu í nefnd um flugvallarmál ekki breytast þrátt fyrir miklar breytingar hjá íslenskum stjórnvöldum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



**KVEÐJUATHÖFN** Um 80.000 manns tóku þátt í kveðjuathöfn sem haldin var í minningu Slobodans Milosevic í Belgrad í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Milosevic jarðaður:

## Tugþúsundir í jarðarför

**SERBÍA-SVARTFJALLALAND, AP** Jarðneskar leifar fyrrverandi forseta Júgóslavíu, Slobodans Milosevic, voru fluttar í heimabæ hans Pozarevac í Serbíu í gær. Um 15.000 manns mættu í jarðarförina, en áður höfðu minnst 80.000 manns kvatt hann í Belgrad. Engir af nánustu ættingjum Milosevics voru þó viðstaddir athafnirnar.

Milosevic lést fyrir viku í fangaklefa sínum í Haag í Hollandi, þar sem réttað var yfir honum vegna stríðsglæpa og þjóðarmorðs sem hann var ákærður fyrir. **- smk**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Táningar teknir á bílum** Sextán ára piltur var tekinn fullur á bíl foreldra sinna á Miklubraut klukkan þrjú í fyrrinótt. Lögreglan segir nokkuð algengt að unglingar taki bíla foreldra án leyfis.

**Með amfetamín til sölu** Tveir sautján ára strákar og einn nýorðinn átján voru handteknir í morgunsárið í Vesturbænum. Þeir voru með fíkniefni í bílnum. Lögreglan þekkti til eins þeirra og stöðvaði bílinn og fann þar amfetamín í söluumbúðum.

**Teknir fullir og með kannabis** Ölvaðir ungir menn voru teknir á bíl í borginni í gær. Lögreglan fann einnig kannabisefni á þeim. Hún segir að svo virðist sem mjög mikið sé í gangi af efnum um þessar mundir.

FERMINGARGJÖFIN

Ný ensk orðabók

með hraðvirku uppflettikerfi



**Ný og endurbætt ensk-íslensk/íslensk-ensk orðabók með hraðvirku uppflettikerfi er komin út.**

Bókin hefur að geyma 72.000 uppflettiorð og var sérstaklega hugað að fjölgun orða í tengslum við tækni, vísindi, tölvur, viðskipti og ferðalög.

Hún spannar því fjöldamörg svið og nýtist vel hvort sem er á heimili, vinnustað, í skóla eða bara hvar sem er.

Orðabókin er 932 bls. í stóru broti og innbundin í sterkt band.

*Kynningarverð: 8.800 kr.*

O

ORÐABÓKAÚTGÁFAN

Lögreglan vonlítil um að árás tveggja manna á sjötugan mann upplýsist:

# Barinn í jörðina og rændur

**LÖGREGLA** Karlmaður á sjötugsaldri var fluttur á slysadeild eftir að tveir menn réðust á hann og rændu af honum veski og farsíma í Vesturbænum rétt fyrir klukkan tíu á föstudagskvöldið.

Maðurinn var á göngu nærri gatnamótum Hringbrautar og Suðurgötu þegar ráðist var á hann. Rifu mennirnir úlpuna yfir höfuð hans og börðu hann í jörðina og héldu barsmíðunum áfram.

Maðurinn hljóp blóðugur með sprungna vör á Select-bensínstöðina við Birkimel. Starfsmaður sem þar var að störfum segir manninn hafa beðið um að lögreglan yrði kölluð til. Því næst hafi maðurinn hlaupið aftur út og ætlað að elta árásarmennina uppi. Lögreglan hafi verið fljót á staðinn og fundið þann sem ráðist var á en ekki þrjótana.

Lögreglan ók manninum á slysadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss þar sem gert var að sárum mannsins. Þau voru ekki alvarleg.

Lögreglan býst ekki við að málið upplýsist nema vitni gefi sig fram, því maðurinn gat ekki lýst útliti mannanna nema að litlu leyti. Fáir voru á ferli þegar árásin átti sér stað og enginn hefur gefið sig fram við lögreglu. **- gag**



**LÖGREGLAN FLJÓT Á VETTVANG** Starfsmaður bensínstöðvar kallaði lögreglu til eftir að tveir menn réðust með barsmíðum á sjötugan mann. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI


Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | www.landsbanki.is
Það skiptir ekki máli hvað þú færð mikið í fermingargjöf, heldur hvað þú gerir við það. Leggðu 20.000 kr. eða meira inn á Framtíðargrunn Landsbankans og þú færð 5.000 kr. til viðbótar.
Þú gætir líka unnið:
• iBook fartölvu
• iPod nano
Hafðu samband og við ráðleggjum þér hvernig fermingarpeningarnir þínir eru best geymdir.
Þú gætir unnið iBook fartölvu eða iPod nano
„Ég hefði getað átt útborgun í íbúð en nei, ég eyddi peningunum bara í nammi og franskar.“

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 17.3.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,32 | 68,64 |
| Sterlingspund | 119,92 | 120,5 |
| Evra | 83,17 | 83,63 |
| Dönsk króna | 11,144 | 11,21 |
| Norsk króna | 10,418 | 10,48 |
| Sænsk króna | 8,9 | 8,952 |
| Japanskt jen | 0,5866 | 0,59 |
| SDR | 98,86 | 99,44 |

*Gengisvísitala krónunnar:*

116,1034

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Trúnaðarupplýsingar um fjárfestingatækifæri:

# FL Group borgi 266 milljónir

**DÓMSMÁL** Kristinn Rúnar Kjartansson krefst þess að Hannes Smárason, forstjóri FL Group, og fyrirtækið greiði honum 266 milljónir króna í þóknun fyrir að benda á hagkvæmni þess að kaupa fyrirtækin Bláfugl og Flugflutninga.

Kristinn, Hannes og lögmaður FL Group undirrituðu trúnaðaryfirlýsingu haustið 2004 þegar Kristinn afhenti þeim ársreikninga og upplýsingar um fyrirtækin tvö. Í yfirlýsingunni stendur að þeir ætli að greiði honum þóknun af kaupverðinu. Ekki var samið um hve há hún ætti að vera en Kristinn krefst sjö prósenta af kaupverðinu, sem var tæpir fjórir milljarðar króna. Í tölvupósti til Kristins segir lögmaður FL Group að ábendingarnar hafi ekki skilað samningi. „Í framhaldi af fundinum okkar og trúnaðaryfirlýsingunni þá fóru fram viðræður sem slitnaði upp úr, þar sem himinn og haf var á milli manna. KB banki setti söluferlið í gang síðar, eða 1,5-2 mánuðum eftir að fyrri umferð kláraðist. Þannig er ég nú ekki viss um að menn séu þeirrar skoðunar að að þetta tvennt sé tengt,“ segir í tölvupóstinum sem vitnað er í í stefnunni.

Lögmaður Kristins, Sveinn Andri Sveinsson, segir mál sem þetta ekki hafa komið til dóms á Íslandi áður. Í fyrradag voru sérfræðingar kallaðir til að meta hverjar bætur Kristinn ættu að vera. Ekki náðist í Hannes. Kristinn vildi ekki tjá sig. **- gag/- mh**



**FORSTJÓRI FL GROUP** Hannesi Smárasyni hefur verið stefnt. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Fundur Þjóðarhreyfingarinnar:

## Fjölmenni í Háskólabíói

**BORGARAFUNDUR** Fjöldi fólks var á borgarafundi sem Þjóðarhreyfingin hélt í Háskólabíói í gær undir yfirskriftinni „Innrásin í Írak - ekki í okkar nafni.“ Þrjú ár eru liðin síðan íslensk stjórnvöld sendu stuðningsyfirlýsingu við innrásina í Írak.

„Vel yfir fimm hundruð manns mættu og stemmningin var feikilega góð,“ segir Ólafur Hannibalsson hjá Þjóðarhreyfingunni. Tvær heimildarmyndir um innrásina, eftir Sigurð Guðmundsson myndlistarmann og Ara Alexander Magnússon kvikmyndagerðarmann, voru sýndar á fundinum og var þeim vel tekið að sögn Ólafs. **- eö**

Nýtt stjórnmálaafl í Dalvík:

## Svanfríður leiðir listann

**KOSNINGAR** Svanfríður Inga Jónasdóttir, fyrrverandi alþingismaður, mun leiða J-listann, nýtt óháð framboð í Dalvíkurbyggð, í sveitarstjórnarkosningunum í vor. Samfylkingin mun ekki bjóða fram lista í sveitarfélaginu en flokkurinn hafði áður tilkynnt að Svanfríður myndi skipa efsta sæti lista Samfylkingarinnar í Dalvíkurbyggð.



**SVANFRÍÐUR JÓNASDÓTTIR** Bæjarstjóraefni J-listans í Dalvíkurbyggð segir listann skipaðan ungu athafnafólki sem vilji koma að stjórnum bæjarins.

Svanfríður segir listann samanstanda af kraftmiklu fólki sem náð hefur að sanna sig í atvinnu- og félagslífi bæjarins. „Það kom fram ríkur vilji hjá bæjarbúum til að móta nýtt og öðruvísi framboð. Listinn er skipaður ungu athafnafólki og við stefnum á að verða ráðandi afl í sveitarfélaginu,“ segir Svanfríður. **- kk**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Tveir í fangageymslur** Tveir gistu fangageymslur lögreglunnar á Akranesi vegna ölvunar og óspekta. Fjarlægja þurfti mennina eftir að þeim var hent út af skemmtistaðnum Café Mörk. Þeir voru ekki sáttir við málalokin og reyndu að komast aftur inn á staðinn. Lögreglan var þá kölluð til, tók þá með valdi og stakk þeim inn.

**Hraðakstur í Hafnarfirði** Átta ökumenn voru teknir á of miklum hraða í Hafnarfirði frá föstudagskvöldið og fram að hádegi á laugardag. Þeir voru teknir víðs vegar um bæinn.

**Unglingapartí stöðvað** Lögreglumenn stöðuðu unglingapartí í heimahúsi í Vogum á Vatnsleysuströnd. Þar voru sex ungmenni sem öll höfðu neytt áfengis án þess að hafa aldur til.

# Lúkasjenkó öruggur með kosningasigur

**Forseti Hvíta-Rússlands, Alexander Lúkasjenkó, telur sigur vísan í forsetakosningunum sem fram fara í dag. Mótframbjóðendur hafa hvatt til friðsamlegra mótmæla, þótt stjórnvöld hafi hótað að stöðva alla slíka fundi með ofbeldi.**

**HVÍTA-RÚSSLAND, AP** Kosningar verða í Hvíta-Rússlandi í dag, bæði til þings og forseta, og er fastlega reiknað með því að forsetinn, Alexander Lúkasjenkó, muni halda embættinu og að þingið verði honum áfram auðsveipt þriðja kjörtímabilið í röð.

Gagnrýnendur Lukasjenkós, jafnt erlendis sem heima fyrir, segja hann vera miskunnarlausan harðstjóra og einræðisherra.

Andstæðingar Lúkasjenkós hafa lýst því yfir að niðurstöður kosninganna verði ekki löglegar, því stuðningsmenn Lúkasjenkó muni eiga við kosningatölurnar til að tryggja sigur hans. Farsímaskilaboð gengu manna í millum í gærkvöldi, daginn fyrir kosningar, sem vöruðu við blóðbaði á kosningadag. Í þeim stóð að andstæðingar Lúkasjenkó ætluðu sér að safnast saman á Oktyabrskaya-torginu í Minsk til að mótmæla úrslitum kosninganna.

„Gætið að lífi ykkar og heilsu,“ stóð í nafnlausum skilaboðunum sem eigendur síma frá stærsta farsímafyrirtæki landsins fengu í gær.

Helsti mótframbjóðandi Lúkasjenkós, Alexander Milinkevitsj, sagði skilaboðin vera hluta af áætlun ríkisstjórnar landsins til að koma óorði á andstæðinga forsetans og halda fólki frá götunum. Hann hvatti fólk til að safnast saman á götum úti síðar í dag með blóm og halda friðinn.

Stjórnvöld hafa hótað að bæla alla fjöldafundi niður með ofbeldi.

Lúkasjenkó hefur verið kallaður síðasti einræðisherra Evrópu, en hann hefur setið á valdastóli í Hvíta-Rússlandi í tólf ár.

Engu að síður er hann dáður af mörgum Hvít-Rússum, sem kalla hann óhikað Batka, föður, eins og hann sjálfur vill láta kalla sig og líta margir Hvít-Rússar á hann sem almúgamann sem braust til valda til að berjast fyrir hagsmunum bænda og verkamanna. Ríkissjónvarpið sýnir hann á stöðugum ferðalögum um landið, þar sem hann sést mjólka kýr, ganga um í kolanámum og leika hokkí. Sjálfstæðir fjölmiðlar eru varla til í landinu og vinsældir forsetans má væntanlega rekja til þess.

„Loksins lifum við hundrað prósent,“ sagði Nikolai Azheni, rúmlega sjötugur ellilífeyrisþegi, í viðtali skömmu fyrir kosningar. Hann sagðist vera hamingjusamari og öruggari í lífinu en nokkru sinni fyrr, og þakkaði forsetanum það. „Ef þeir fella Lúkasjenkó þá er allt glatað,“ segir hann.

**gudsteinn@frettabladid.is**




**ANDSTÆÐINGAR FORSETANS** Þrátt fyrir að Alexander Lúkasjenkó þyki öruggur með að hreppa þriðja kjörtímabilið komu þessir andstæðingar hans saman á fimmtudag til þess að hampa sínum manni, mótframbjóðandanum Alexander Milinkevitsj. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bónus styrkir barnaspítalann:

## Með þakklæti til þjóðarinnar

**STYRKVEITING** „Við ákváðum að gera þetta núna vegna þeirrar hlýju og velvildar sem við höfum fengið frá almenningi á undanförnum árum og í þessari baráttu sem við höfum verið,“ segir Jóhannes Jónsson í Bónus um þrjú hundruð milljóna króna gjöf Bónus-fjölskyldunnar til Barnaspítala Hringsins.



**JÓHANNES JÓNSSON** Er þjóðinni þakklátur fyrir stuðninginn.

„Það er fólkinu í landinu að þakka að viðskipti okkar hafa blómstrað á þessu tímabili við vildum sýna þakklæti okkar í verki. Við höfum styrkt spítalann í mörg ár en þetta er stærsta gjöfin sem við höfum gefið hingað til.“ **- eö**

Viðbrögð vegna fuglaflensu:

## Heimavarnarliðið á verði

**DANMÖRK** Eftir að staðfest var að fuglaflensutilfellið sem fannst í Danmörku er af þeim stofni sem óttast er að geti sýkt menn hafa yfirvöld boðað hertar aðgerðir. Er nú til umræðu að kalla út heimavarnaliðið til landsins til að hreinsa tíu kílómetra strandlengju á svæðinu þar sem sýkta fuglshræið fannst.

Í frétt á vefsíðu Politiken kemur einnig fram að fuglabændur í nágrenninu ráðgeri að slátra öllum ungum á búum sínum. **- ks**

## SPÁNN

**Skotbardagi** Til skotbardaga kom við Hæstarétt Spánar í Madríd á föstudag. Enginn særðist en einn maður var handtekinn. Að sögn fjölmiðla þar í landi ætlaði maðurinn að skjóta sér leið inn í bygginguna.

Verk og vit 2006

Stórsýningin Verk og vit
– íslenskur byggingariðnaður, skipulagsmál og mannvirkjagerð í Laugardalshöllinni.

16.–19. mars 2006

Misstu ekki af glæsilegri sýningu

verkogvit.is

AP almannatengsl / H2 hönnun

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**SITJUM VIÐ SAMA BORÐ**

Jæja, svona fór það þá. Hlýindin sem verið hafa hér á landi upp á síðkastið eru á förum og við tekur frost um allt land um miðja vikuna. Kannski er þetta bara sanngjarnt sé hugsað til frænda okkar á Norðurlöndunum sem mega muna sinn fífil fegri í hitastiginu. Við fáum semsagt að sitja við sama borð og þeir !!!

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Hæg norðlæg átt og bjart með köflum. Hiti 5-7 stig í dag en kólnar á morgun.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5°C léttskýjað | París | 13°C léttskýjað | Alicante | 20°C léttskýjað |
| Osló | 2°C hálfskýjað | Berlín | 4°C léttskýjað | Mílano | 12°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 0°C léttskýjað | Frankfurt | 9°C léttskýjað | New York | 7°C heiðskírt |
| Helsinki | 0°C skýjað | Madríd | 15°C léttskýjað | San Francisco | 16°C léttskýjað |
| London | 11°C léttskýjað | Barcelona | 14°C léttskýjað | Orlando/Flórída | 28°C léttskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.


Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Bestir í kjöti
Sparaðu 300kr.
GRÍSALUNDIR MEÐ FYLLINGU ÚR KJÖTBORÐI
2.398 kr. kg
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
Nóatún er með ánægðustu viðskiptavinina á matvörumarkaði
UNGNAUTA INNRALÆRI ÚR KJÖTBORÐI
1.998 kr. kg
30% afsláttur
BAUTABÚRS FOLALDAKJÖT SALTAÐ EÐA REYKT
30% afsláttur
KRYDDAÐ LAMBALÆRI HÁLF ÚRBEINAÐ OG SNYRT
1.499 kr. kg
LÍF, FERSKUR APPELSÍNUSAFI
169 kr. 1l
Túnfisksalat
Rækjusalat
40% afsláttur
Fusilli tricolore
Farfalle
GRAND ITALIA PASTA
99 kr. pk
Mundu CHESTER FRIED
NÓATÚN
OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA



## KJÖRKASSINN

*Ertu sátt(ur) við að Varnarliðið fari úr landi?*

Já 65%
Nei 35%

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Fylgistu með Formúlu 1 kappakstrinum?*

Félagsmenn Eflingar sem vinna hjá Orkuveitu Reykjavíkur eru samningslausir:

# Engar viðræður í þrjá mánuði

**KJARAMÁL** Þeir 55 starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur sem eru í verkalýðsfélaginu Eflingu lýsa yfir furðu sinni á vinnubrögðum vinnuveitanda síns við gerð kjarasamnings milli þeirra. Samningaviðræður hvorki gangi né reki en samningar runnu út í október.

„Þrátt fyrir að nú séu liðnir þrír mánuðir frá því að gengið var frá kjarasamningi við borgina hafa engar alvöru viðræður átt sér stað af hálfu fyrirtækisins,“ segir í ályktun fjölmenns fundar starfsmannanna frá því á miðvikudag.

Harpa Ólafsdóttir, sviðstjóri kjaramála hjá Eflingu, segir að ekki hafi verið fundað frá því að forsvarsmenn Orkuveitunnar vildu fella niður símenntunarflokka og setja alla í efsta flokk. Þessum flokkum hafi hins vegar verið fjölgað úr fjórum í sex í samningum við borgina. Hugmyndir vinnuveitandans hafi leitt til þess að fólk með mikla starfsreynslu hafi ekki hækkað í launum.

Skúli Waldorff, starfsmannastjóri hjá Orkuveitu Reykjavíkur, segir hugmyndina hafa verið að einfalda launakerfið þar sem í því sé einnig gert ráð fyrir launahækkunum eftir lífaldri. Hann bendir á að tvo þurfi til þess að ná samningum.

Ekki hefur verið ákveðið hvenær deilendur funda næst. **- gag**



**ORKUVEITA REYKJAVÍKUR** Eflingarfólk innan Orkuveitunnar hefur verið án kjarasamnings frá því í október. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Múhameðsteikningar:

## Samtök múslima kæra

**DANMÖRK** Í kjölfar úrskurðar danska ríkissaksóknarans um að Jótlandspósturinn hafi ekki brotið lög með Múhameðsteikningunum hefur málinu verið skotið til mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna.

Að kærunni standa 27 samtök múslima. Í fréttatilkynningu frá samtökunum í gær kemur fram að þau telji að ríkissaksóknari hafi ekki tekið tillit til mannréttindasamþykkta Sameinuðu þjóðanna og því sé þessi leið farin. Samtökin segja líklegt að einstaklingar í Danmörku kæri myndbirtingarnar á næstu misserum. **- ks**

Veiðiheimildir lækkaðar:

## Karfaveiðar dragast saman

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Karfaveiðar munu í ár dragast saman um sautján prósent eða í 28.610 lestir miðað við aflaheimildir frá árinu 2005, þetta kemur fram í reglugerð sjávarútvegsráðherra.

Ástæða samdráttarins er samkomulag sem náðist á ársfundi Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) sem fór fram í nóvember síðastliðnum. Samkomulagið var að NEAFC myndi lækka heildaraflamark sitt út 75.200 lestum í 62.416 eða 17 prósent og munu aðildarríkin draga úr veiðum sínum sem því nemur. **- sts**

**SPÁNN**

**300 handteknir** Spænska lögreglan segist hafa handtekið nærri 300 Rúmena í tengslum við ofbeldisfull rán, eiturlyf og vændi. Fólkið var flest handtekið á Spáni, en fjórtán þeirra voru teknir höndum í Rúmeníu.

Dómur í Baugsmálinu:

## Jón neitar að tjá sig um dóm

**BAUGSMÁL** Jón H. B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, neitar að tjá sig um dóm héraðsdóms í Baugsmálinu og vísar alfarið á Sigurð Tómas Magnússon, settan saksóknara í málinu. „Málið er enn til meðferðar og í höndum Sigurðar Tómasar Magnússonar. Það er óviðeigandi ég sé að tjá mig um málið,“ sagði Jón.



**JÓN H.B. SNORRASON** Telur óviðeigandi að tjá sig.

Héraðsdómur sýknaði fyrr í vikunni alla ákærðu í Baugsmálinu en Jón H. B. Snorrason sagði sig frá málinu þegar það var fyrir dómi. **- mh**



**UNNIÐ Í NÝBYGGINGU** Rúmlega tíu þúsund vinnuslys hafa verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins frá árinu 1995 til loka síðasta árs. Það er í ósamræmi við tölur úr slysaskrá Íslands er þar voru skráð tæplega fimm þúsund vinnuslys árið 2004 eingöngu.

# Flestir slasast í byggingarvinnu

**Vinnuslys eru mun algengari en tölur Vinnueftirlitsins gefa til kynna en samkvæmt þeim verða 122 slys í byggingariðnaðnum árlega. Yfirlæknir Vinnueftirlitsins telur að slys séu allt að þrefalt fleiri en opinberar tölur gefi til kynna.**

**VINNUSLYS** Gera má ráð fyrir að fjöldi vinnuslysa hér á landi árlega sé allt að þrefalt meiri en opinberar tölur gefa til kynna og sé það rétt eru þau í raun litlu færri en árleg slys í umferðaróhöppum. Þetta er mat Kristins Tómassonar, yfirlæknis Vinnueftirlits ríkisins, sem hefur tekið saman lista yfir algengustu vinnuslys á landinu síðustu tíu árin.

Samkvæmt þeim lista eru störf í byggingariðnaði hættulegustu störf sem unnin eru hérlendis en rúmlega 1.700 slys hafa verið tilkynnt í þeim geira síðustu tíu árin. Þar af eru tólf banaslys. Er það töluvert hærra hlutfall en í málm- og skipasmíði. sem er sú grein er næst kemur með alls tæplega 1.100 slys á sama tímabili. Alls verða því 122 vinnuslys í byggingariðnaði ár hvert að meðaltali en vinnuslys teljast öll þau slys er leiða til fjarvistar lengur en einn dag eða en það alvarleg að varanlegt heilsutjón hlýst af.

Alls hafa 10.389 vinnuslys verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins frá árinu 1995 til loka síðasta árs, rúmlega þúsund slys árlega. Það er þó í hróplegu ósamræmi við tölur úr Slysaskrá Íslands en þar eru skráð tæplega fimm þúsund vinnuslys árið 2004 eingöngu.

**VINNUSLYS**

| Hættulegustu atvinnugreinarnar: | |
|---|---|
| Byggingariðnaður | 1723 |
| Málm- og skipasmíði | 1084 |
| Fiskiðnaður | 907 |
| Flutningastarfsemi | 725 |
| Matvælaiðnaður | 693 |
| Opinber stjórnsýsla | 689 |
| Opinber þjónusta | 529 |
| Póstþjónusta | 411 |
| Heildverslun | 341 |
| Ál- og járnblendi | 307 |

**tilkynnt slys til Vinnueftirlitsins 1995 - 2006*

Skýringar á þessu segir Kristinn liggja að hluta til í skilgreiningum Vinnueftirlits á því hvað sé vinnuslys og hvað ekki en einnig sé pottur brotinn víða hjá minni fyrirtækjum sem ekki hirða um að tilkynna um minniháttar slys. „Það verða mörg minniháttar slys innan fyrirtækja sem þó valda því ekki að viðkomandi er fjarverandi frá vinnu og slík tilvik þarf ekki að tilkynna, en einnig er talsvert um að hjá einyrkjum og minnstu fyrirtækjunum sé alls ekki tilkynnt um nein slys og geta ástæður þess verið margvíslegar.“

Athyglisvert er að slysum fækkar í þungaiðnaði síðustu árin en slysatíðni hefur löngum þótt há í þeim greinum. Átak hefur verið gert í slysavörnum á þeim vettvangi, sem skilar sér í lægri tíðni slysa, og skoðar Vinnueftirlit ríkisins nú leiðir til að fækka slysum í byggingariðnaði með sama hætti með það að grundvallarmarkmiði að vinnustaðir verði slysalausir með öllu.

albert@frettabladid.is

Félagsbústaðir, sem reka félagslegt leiguhúsnæði, skila methagnaði:

# Græddu 4,6 milljarða

**VIÐSKIPTI** Mikill hagnaður varð á rekstri Félagsbústaða á síðasta ári sökum mikillar hækkunar á fasteignaverði. Félagið, sem er í eigu Reykjavíkurborgar og rekur félagslegt leiguhúsnæði, skilaði 4,6 milljarða hagnaði eftir skatta samanborið við hagnað upp á 1,5 milljarð árið 2004.

Matsbreytingar og söluhagnaður fjárfestingaeigna námu 4.831 milljónum króna en 218 milljóna króna tap varð af rekstri félagsins fyrir þessa liði.

Tapið skýrist af auknum fjármagnskostnaði sem kom til vegna hækkunar á verðtryggðum langtímalánum.

Tekjur Félagsbústaða hækkuðu um níu prósent á milli ára vegna hækkana á leiguverði og fjölgunar íbúða á árinu.

Félagið keypti 74 íbúðir árið 2005 en seldi 24. Á þessu ári er ráðgert að fjölga íbúðum um 193, þar af eru áætluð kaup á 124 þjónustuíbúðum fyrir aldraða. **- eþa**



**FÉLAGSBÚSTAÐIR HAGNAST** Hækkun á fasteignaverði á höfuðborgarsvæðinu skilaði Félagsbústöðum miklum hagnaði á síðasta ári.





17" flatur skjár
8ms Refresh !!
♫ Hátalarar ♫
Geforce 6200
256 mb skjákort
Kortalesari
DVD skrifari
300 GB SATA
Harður Diskur
AMD 64 bita
3700+
1 GB DDR
vinnsluminni
2ja ára Hp ábyrgð
Þráðlaust
Windows XP
Microsoft Word
og Works
139.900 krónur
Hp Pavilion t3345
invent
langmest seldu tölvur í Evrópu*
www.fartolvur.is
Muna! Taka þátt í leiknum...
Ferð þú á tónleika með Rolling Stones?
5,0 Megapixel | 4x stafrænn aðdráttur
Photosmart E327
Photosmart 2575
LINKSYS
2ja ára HP ábyrgð
Windows Xp
Microsoft works
15,4"
Breiður skjár!!!
'Bright View'
54g Þráðlaust netkort
ATI Radeon 128 MB Skjástýring
AMD Turion 64 Bita 1,8 Ghz
DVD skrifari
1 GB DDR vinnsluminni
80 GB Harður diskur
129.900 krónur
Hp Pavilion dv5052
Express Ferðir
Fótboltaferðir - Golfferðir - Tónleikar
Viðurkenndir HP Söluaðilar:
BÚÐIN
netx
SAMHÆFNI
Bókaverslun Þórarins
TRS
Office 1 Superstore
hp búðin Reykjavík sími: 568 5400
Tölvuþjónustan Akranesi sími: 575 9200
Netx Egilsstaðir & Reyðarfjörður sími: 471 2011
Samhæfni Reykjanesbær sími: 421 7755
Bókaverslun Þórarins Húsavík sími: 464 1234
TRS Selfossi sími: 480 3300
Office1 um land allt sími: 550 4100
Opin kerfi ehf. er eini viðurkenndi innflutnings og þjónustuaðili á tölvubúnaði frá HP á Íslandi og er í nánu samstarfi við sölu- og þjónustuaðila um land allt. Verslaðu aðeins við viðurkenndan HP söluaðila, nánari upplýsingar á www.ok.is

FRAMKVÆMDASVIÐ

Opinn kynningarfundur

# Miðborg-Austurhöfn

- framkvæmdir vegna lóðar undir tónlistar- og ráðstefnuhús, hótel, íbúðir, banka, skrifstofuhúsnæði og bílakjallara.

Opinn kynningarfundur um framkvæmdir í miðborginni og Austurhöfn verður haldinn miðvikudaginn 22. mars kl. 17.00 í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur.

kaktus FRA 0306-04

Nánari upplýsingar eru á www.reykjavik.is/fs

HLUTHAFAFUNDUR ÍSLANDSBANKA HF.

Hluthafafundur Íslandsbanka hf. verður haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Kirkjusandi, 5. hæð, þriðjudaginn 28. mars 2006 og hefst kl. 10.00.

Dagskrá:

1. Tillaga stjórnar til breytinga á 1. gr. samþykkta félagsins þess efnis að nafn félagsins verði Glitnir banki hf.
2. Önnur mál.

Tillögur fundarins verða hluthöfum til sýnis í höfuðstöðvum félagsins að Kirkjusandi, Reykjavík, frá og með þriðjudeginum 21. mars nk. og á www.glitnir.is.

Atkvæðaseðlar og aðgöngumiðar að fundinum verða afhentir hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað milli kl. 9.00 og 10.00 á fundardegi.

17. mars 2006
Stjórn Íslandsbanka hf.

GLITNIR

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Lyfjahneykslið í Bretlandi:

## Tveir eru í lífshættu

**BRETLAND, AP** Fjórir mannanna sex sem urðu alvarlega veikir við prófun lyfja á fólki á Englandi á mánudag komust til meðvitundar á föstudag. Tveir þeirra eru þó enn taldir í lífshættu.

Mennirnir voru í hópi fólks sem bandarískt lyfjafyrirtæki prófaði lyf á. Lyfið var ætlað til lækninga við sjúkdómum svo sem hvítblæði, og fór prófið fram á Northwick Park-spítalanum í London.

Afar óvenjulegt er að fólk sýni svo sterk viðbrögð við lyfjum sem verið er að prófa og er þetta eitt alvarlegasta tilfellið sem komið hefur upp.

**- smk**




**NORTHWICK PARK SJÚKRAHÚSIÐ** Sex menn veiktust alvarlega á Northwick Park-sjúkrahúsinu í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ÞVERRANDI MATARBIRGÐIR** Palestínsk kona gengur framhjá matargjöfum frá Evrópu og Bandaríkjunum. Líklegt þykir að hungur verði almennt þar í landi þegar Hamas tekur við völdum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnarmyndun gengur enn treglega í Palestínu:

## Fatah verður í stjórnarandstöðu

**GAZA-BORG, AP** Fatah-samtökin tilkynntu á föstudag að þau myndu ekki sitja í nýrri ríkisstjórn með Hamas-hreyfingunni í Palestínu. Meðlimir Hamas munu því sitja einir í stjórn og er líklegt að þessi ákvörðun Fatah torveldi mjög allar ákvörðunartökur nýrrar stjórnar.

Hamas-hreyfingin, sem Evrópusambandið, Bandaríkin og Ísrael skilgreina sem hryðjuverkasamtök, vann meirihlutasigur í kosningum sem fram fóru í landinu í janúar en hefur átt í erfiðleikum með að fá aðra flokka með sér í stjórn. Hungursneyð gæti verið yfirvofandi í landinu, geri alþjóðavöld alvöru úr þeim hótunum að skera á matar- og fjárgjafir til landsins þegar Hamas tekur völdin. Lokið var við að skipa í ráðherraembættin í gær og sagðist Ismail Haniyeh, forsætisráðherraefni samtakanna, þess fullviss að Mahmoud Abbas, forseti heimastjórnarinnar, myndi samþykkja listann í dag.

Leiðtogar Hamas-hreyfingarinnar hafa neitað að viðurkenna tilverurétt Ísraels og að afneita ofbeldi. Þó lýsti verðandi forsætisráherra Palestínu, Ismail Haniyeh, því yfir á fimmtudag að friður gæti komist á, samþykktu Ísraelsmenn þau landamæri sem Hamas krefst fyrir hönd Palestínu. Talsmenn Ísraelsstjórnar hafa sagt þvert nei við þeim skilmálum.

**- smk**

Hátíðahöld í New York vegna dags heilags Patreks:

## Samkynhneigðir reiðir

**NEW YORK, AP** Írar héldu upp á dag heilags Patreks á föstudag, þar á meðal í New York þar sem samkynhneigðir eru býsna ósáttir við skipuleggjendur hátíðargöngu Íra.

Sextán ár í röð hefur samkynhneigðum verið bannað að taka þátt í göngunni, en það sem sérstaklega fór fyrir brjóstið á fulltrúum samkynhneigðra í ár var ummæli sem höfð voru eftir John Dunleavy, formanni skipulagsnefndar göngunnar, í írska dagblaðinu The Irish Times. Hann líkti samkynhneigðum við nasista og liðsmenn Ku Klux Klan.

„Ef ísraelskur hópur vill fara í skrúðgöngu í New York, ætti þá að leyfa nýnasistum að ganga með? Ef afrískir Bandaríkjamenn efna til göngu í Harlem, verða þeir þá að leyfa Ku Klux Klan að vera með í göngunni?“ spurði Dunleavy í blaðaviðtali.



**GRÆNN BJÓR** Degi írska þjóðardýrlingsins heilags Patreks fylgja ýmsir skemmtilegir siðir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Ég held að þetta sé ekki svara vert,“ sagði Christine Quinn, forseti borgarstjórnar í New York, sem lengi vel vonaðist til þess að ná mætti málamiðlun í ár um að samkynhneigðir mættu taka þátt í göngunni, en hún er fyrsti forseti borgarstjórnarinnar sem opinskátt viðurkennir samkynhneigð.

**- gb**

# OPNUM Í DAG!

## FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ

LÁGVÖRUVERSLUN MEÐ RAFMAGNSVÖRUR




**OPIÐ ALLA DAGA**

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

RAFVÖRU MARKAÐURINN

evrópa
*Ísland og Evrópusambandið*

**AF EVRÓPUVETTVANGI:** AUÐUNN ARNÓRSSON

# *Evrópuvæðing öryggismálanna*

Ný staða er komin upp í öryggis- og varnarmálum Íslands eftir að Bandaríkjastjórn tilkynnti í vikunni að mestallt Varnarliðið hverfi frá Keflavíkurstöðinni fyrir haustið. Í ljósi þessarar nýju stöðu er fimmti þáttur greinaflokks um Evrópumál helgaður því hvað Evrópa hefur upp á að bjóða í þessum málaflokki.

Eins og fram kemur í samtali við Val Ingimundarson sagnfræðing hér á síðunni hefur allnokkur Evrópuvæðing íslenzkra öryggismála þegar átt sér stað á síðustu árum, án þess að mikið hafi borið á því. Raunar færðu Bandaríkjamenn Ísland þegar árið 2002 út úr eigin víðari varnarlögsögu og inn í þá evrópsku, er þeir færðu yfirstjórn Keflavíkurstöðvarinnar frá Norfolk í Bandaríkjunum til Evrópuherstjórnar Bandaríkjahers í Þýskalandi. Nú er farið fyrir Keflavíkurstöðinni eins og mörgum öðrum herstöðvum Bandaríkjamanna í Evrópu; umsvifin dregin saman í sama og ekki neitt. Sú allsherjaruppstokkun á herstöðvakerfi Bandaríkjamanna í heiminum hefur verið í gangi í nokkur ár og miðar fyrst og fremst að því að færa búnað og herafla Bandaríkjahers á ótryggari svæði þar sem meiri þörf er á honum.

Þrátt fyrir að íslenzkir ráðamenn hefðu trú á því í lengstu lög að varnarsamningurinn tryggði að Bandaríkjamenn myndu áfram hafa „trúverðugar“ og „sýnilegar“ varnir hérlendis er nú ljóst að svo er ekki. Talsmenn Bandaríkjastjórnar segja að vísu að þeir ætli sér að tryggja varnir Íslands áfram, en ekkert er vitað að svo stöddu um hvernig þeir hyggist uppfylla það fyrirheit. Vitað er að þeir hafa áður ráðlagt Íslendingum að leita eftir aðstoð NATO við að halda



úti öryggiseftirliti í íslenzku lofthelginni, eftir að Varnarliðsþoturnar verða farnar héðan.

Ljóst er að raunverulegar öryggistryggingar fá Íslendingar ekki í Evrópu nema með fullri aðild að Evrópusambandinu. Öryggisþátturinn var eitt af því sem

# Öryggis leitað í Evrópu

**Nú þegar fyrir liggur að bandaríska varnarliðið er á förum frá Íslandi vaknar spurningin um það hvort Evrópusamstarf um varnarmál geti að einhverju leyti komið í staðinn til að tryggja öryggi Íslands til framtíðar.**

Í grein sem Valur Ingimundarson, dósent í sagnfræði við Háskóla Íslands, skrifaði í International Herald Tribune í júlí 2003 segir: „Ef Bandaríkjamenn neita að endurskoða ákvörðun sína [um að senda herþoturnar fjórar frá Íslandi] gæti Ísland þurft að líta til annarra Evrópuríkja vegna varnarmála sinna.“

Spurður um þetta segir Valur nú að í þeirri stöðu sem upp er komin blasi við að íslenzk stjórnvöld leiti til annarra Evrópuríkja í NATO.

### Trúnaðarbrestur

„Það hefur orðið alvarlegur trúnaðarbrestur í samskiptum Íslands og Bandaríkjanna sem vekur spurningar um gildi varnarsamningsins og hvort mark sé takandi á þeirri öryggistryggingu sem í honum felst,“ segir Valur.

Hann bendir á að sé ráðizt á eitt NATO-ríki beri öðrum bandalagsríkjum að koma því til aðstoðar samkvæmt 5. grein Atlantshafssáttmálans. Hins vegar er ekki skilgreint nákvæmlega í hverju sú aðstoð felst. Því hefur varnarsamningurinn verið talinn veita mun meiri öryggistryggingu fram að þessu, enda augljóst að Bandaríkjamenn hefðu brugðizt við ef ráðizt hefði verið á þeirra eigin hermenn. Það er ein helzta ástæða þess að mörg Evrópuríki hafa lagt svo mikla áherzlu á að hafa bandaríska hermenn í Evrópu.



VALUR INGIMUNDARSON

Sú ákvörðun Bandaríkjamanna að flytja fastaherlið sitt héðan staðfestir það sem legið hefur fyrir síðustu ár, að landið hefur glatað hernaðargildi sínu fyrir þá, auk þess sem þeir þurfa á flugkosti sínum hér, einkum þyrlunum, að halda annars staðar. Valur bendir á að frá árinu 2004 hafi Bandaríkjamenn beinlínis vísað íslenzkum stjórnvöldum á önnur Evópuríki í NATO til að sinna lofthelgiseftirliti hér. Þeir hafa litið á Ísland sem hluta af herstjórnarkerfi þeirra í Evrópu eftir að þeir færðu yfirstjórn Keflavíkurstöðvarinnar frá Norfolk í Virginíu árið 2002. Með breytingunni hætti Keflavíkurstöðin að vera liður í eigin landvarnakerfi Bandaríkjanna og varð þess í stað í þeirra augum eins og hver önnur herstöð Bandaríkjahers í Evrópu, en mörgum þeirra hafa þeir nú lokað í allsherjarendurskoðun á herstöðvakerfi sínu í heiminum.

### Útvíkkun öryggishugtaksins

Valur segir, að með útvíkkun öryggishugtaksins eftir að kalda stríðinu lauk hafi fyrstu alvarlegu skrefin verið stigin í Evrópuvæðingu íslenzkra öryggismála. Á hann þar ekki sízt við Schengen-vegabréfasamstarfið, sem felur í sér víðtækt Evrópusamstarf um landamæra- og löggæzlu. Þátttaka Íslendinga í friðargæzlu og uppbyggingu eftir stríðsátök sé einnig dæmi um mjög „evrópsk“ áherzlu, enda hafi hún fram til þessa að miklu leyti farið fram undir evrópskum formerkjum. Íslenzk stjórnvöld hafi áttað sig á því, að þau yrðu að leggja eitthvað af mörkum til NATO í ljósi minnkandi hernaðarmikilvægis landsins eftir lok kalda stríðsins. Áður hefði verið nóg að leggja fram landssvæði til bandalagsins. Þau friðargæzluverkefni á vegum NATO sem Íslendingar hafa komið nálægt eru öll á vegum evrópskra bandamanna; Bandaríkjamenn hafa að mestu látið evrópska bandamenn sína um slík verkefni.

Í ljósi þeirra breytinga sem átt hafa sér stað í öryggismálum snýst orðræðan nú að verulegu leyti um „baráttuna gegn hryðjuverkum“ og „átakastjórnun“. Engin bein ógn stafar af öðrum ríkjum í okkar heimshluta. Þrátt fyrir þessa þróun segir Valur að engin bein öryggistrygging felist í EES- og Schengen-aðild. Aftur á móti felist viss öryggistrygging í fullri aðild að Evrópusambandinu mikla áherzlu á að meginstoðir utanríkis- og öryggismálastefnu séu óbreyttar; þótt stjórnmála- og viðskiptatengsl hafi eflzt við Evrópu væru NATO-aðildin og varnarsamstarfið við Bandaríkin hornsteinar hennar.

„Þetta er einmitt athyglisvert,“ segir Valur, að „á sama tíma og þeir hafa haldið fast í gömlu stoðirnar, stutt dyggilega stefnu Bandaríkjastjórnar í utanríkismálum og beinlínis beitt sér gegn sérevrópsku varnarsamstarfi af ótta við að það kynni að veikja NATO og tengslin yfir Atlants-hafið, hefur áðurnefnd Evrópuvæðing íslenskra öryggismála þróazt hægt og rólega.“

Engin sjálfsmyndarbreyting hafi þó enn átt sér stað í utanríkis- og öryggismálum í átt til Evrópu; hin ráðandi „Atlantshafsorðræða“ hafi ávallt verið yfirsterkari. En nú vakni sú spurning hvort það gerist eftir að ljóst er, að Bandaríkjamenn vilja ekki lengur halda úti því sem íslenzkir ráðamenn hafa kallað „trúverðugar“ eða „sýnilegar“ varnir hérlendis.

### Óvissuástand

Valur samsinnir því að Ísland sé í öryggispólitísku óvissuástandi. Bandaríkjamenn séu að miklu leyti búnir að skilgreina landið út úr sinni lögsögu og ætlist til að NATO taki við umsjá hennar með einum eða öðrum hætti, þótt þeir vilji halda í varnarsamninginn til að tryggja óheftan hernaðar-aðgang að landinu og nota það sem bækistöð fyrir eigin her- og hergagnaflutninga.

Það á eftir að skilgreina skýrar hvernig brugðizt verður við „nýjum hættum“ eins og hryðjuverkum eða kannski frekar „áhættuþáttum“ í íslenzku samhengi, eins og náttúruhamförum, umhverfisslysum eða opnun nýrra siglingaleiða. Óljóst er að hve miklu leyti evrópskir bandamenn Íslendinga og bandarísku bandamennirnir hins vegar muni taka þátt í viðbúnaði gegn þessum ógnum.

Að sögn Vals er eitt víst, eftir síðustu tíðindi, og það er að huga þurfi að mun fleiri kostum en hingað til í öryggismálum Íslendinga, enda óhjákvæmilegt að stjórnmálasambandið við Bandaríkin muni veikjast.



**VARNARSTÖÐIN Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI** Var þegar árið 2002 skilgreind út úr víðari varnarlögsögu Bandaríkjanna og inn í þá evrópsku. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR


**Elliðaárvogur og nágrenni**

**Rammaskipulag - fundarboð**



**Skipulagsráð og Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkur boða til almenns fundar þar sem kynnt verður staða vinnunnar og leiðarljós í áframhaldandi vinnu.**

**Rammaskipulagssvæðið afmarkast af Sæbraut, Kleppsmýrarvegi, strönd og fyrirhuguðum landfyllingum, Gullinbrú og Vesturlandsvegi.**

**Auk formanns skipulagsráðs Dags B. Eggertssonar, og embættismanna munu skipulagsráðgjafar mæta á fundinn og kynna verkefnið.**

**Hagsmunaðilar á svæðinu eru hvattir til að mæta og kynna sér verkefnið og ræða það.**

**Fundurinn verður haldinn í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur þriðjudaginn 21.mars kl 17:00.**

**Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkur • Borgartún 3 • 105 Reykjavík • Sími 411 3000**

Austantjaldslöndunum fyrrverandi þótti einna eftirsóknarverðast við aðild að Evrópusambandinu. En þeim þótti öryggi ESB-aðildar ekki nægjanlegt, heldur lögðu áherzlu á að fá aðild að NATO líka.

Rifja má upp að í stjórnarskrársáttmála ESB, sem óvíst er hvort komist í gildi eftir að Frakkar og Hollendingar höfnuðu honum í þjóðaratkvæðagreiðslum í fyrra, er sérstakt samstöðuákvæði þar sem kveðið er á um samstöðuskyldu aðildarríkjanna ef eitt þeirra eða fleiri verða fyrir áfalli á borð við hryðjuverk, meiriháttar umhverfisslys eða náttúruhamfarir. Fullyrða má að slík samstöðuskylda sé nú þegar fyrir hendi í ESB-samstarfinu, þótt ekki sé kveðið á um það í sáttmálabókstaf enn sem komið er. En einmitt vegna þess að þessi réttindi eru ekki skilgreind í neinum sáttmálabókstaf er líka útilokað að semja um aukaaðild að þeim, líkt og Ísland á aukaaðild að innri markaði ESB í gegnum EES-samninginn. Richard Wright, einn framkvæmdastjóra erlendra stjórnmálasamskipta framkvæmdastjórnar ESB, átti viðdvöl hér á landi í vikunni. Hann tjáði Morgunblaðinu að viðbrögð við brotthvarfi bandaríska varnarliðsins frá Íslandi væri mál sem varðaði Ísland, Bandaríkin og NATO. „Í þessu sambandi er það ekki hlutverk ESB að tryggja sameiginlegar varnir Evrópu,“ sagði hann. Væri Ísland í ESB kynni þetta að horfa öðruvísi við.

En það margþætta Evrópusamstarf sem Ísland tekur þátt í, Schengen-samstarfið ekki sízt sem og þátttaka Íslands í friðargæzluverkefnum, hefur fært Ísland nær Evrópu, einnig í öryggismálatilliti. Nú á eftir að reyna á það að hve miklu leyti evrópskir bandamenn geta fyllt í skarðið sem bandarísku bandamennirnir skilja eftir við brotthvarf Varnarliðsins.



**ESB-HERLIÐ** Liðsmenn ESB-herliðsins í Bosníu, EUFOR, halda á þjóðfánum landa sinna við athöfn í Sarajevo í desember síðastliðnum. Í nafni sameiginlegrar öryggis- og varnarmálastefnu hefur ESB komið upp 60.000 manna hraðliði. NORDICPHOTOS/AFP

## Hvað er ESB að gera í öryggis- og varnarmálum?

# Vísir að sameiginlegri varnarstefnu

Evrópusambandið hefur hægt og bítandi verið að koma sér upp eigin stefnu í öryggis- og varnarmálum frá því járntjaldið féll og fylla þurfti upp í það öryggispólitíska tómarúm sem þá skapaðist í álfunni.

Flest aðildarríki Evrópusambandsins eru jafnframt aðilar að Atlantshafsbandalaginu og treysta sem slík á hernaðarmátt Bandaríkjanna sem veigamikinn þátt í eigin landvörnum. Flest hafa þau viljað halda eiginlegum öryggis- og varnarskuldbindingum innan veggja NATO og utan við Evrópusambandssamstarfið. Innan ESB eru líka ríki sem kosið hafa að standa utan hernaðarbandalaga, svo sem Írland, Austurríki, Svíþjóð og Finnland, og það veldur því enn fremur að Evrópusambandið er varkárt í stefnuyfirlýsingum á þessu sviði.

### Stefnan verður sýnileg

Þó hefur nokkrum sýnilegum áföngum verið náð að mótun sameiginlegrar öryggis- og varnarmálastefnu ESB. Frá því á leiðtogafundinum í Nice í árslok 2000 hefur Evrópusambandið áskilið sér rétt til að taka ákvarðanir um aðgerðir í nafni þessarar stefnu - svo sem að senda hermenn til friðargæslu eða jafnvel til að stilla til friðar á átakasvæði utan sambandsins - óháð því hvað NATO hygðist gera. Árið áður, 1999, var ákveðið að koma í áföngum á fót svonefndu hraðliði, sem skipað skyldi 60.000 hermönnum. Hugmyndin var sú að ESB-ríkin gætu sent þetta hraðlið með skömmum fyrirvara til að gegna verkefnum á svæðum þar sem þau væru sammála um þörfina á slíkum aðgerðum.

Með þessu hefur ESB yfirtekið flest það sem áður voru skilgreind hlutverk Vestur-Evrópusambandsins, VES, burtséð frá ákvæðinu um að árás á eitt aðildarríki sé sjálfkrafa álitin árás á þau öll. Vestur-Evrópu-sambandið var svo að segja leifarnar af tilraun frá sjötta áratugnum til að koma á evrópsku varnarbandalagi undir forræði Frakka. Ísland átti sem evrópskt NATO-ríki aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu, og er starfssvið þess var fært inn í Evrópusambands-samstarfið í kjölfar gildistöku Amsterdam-sáttmálans árið 1999 sóttust íslensk stjórnvöld eftir því að tengjast því samstarfi áfram. Í sameiginlegri ályktun ESB og NATO um evrópska öryggis- og varnarmálastefnu (ESDP), sem samþykkt var í desember 2002, er skýrt gefið til kynna að ESB óski þess að evrópsku NATO-ríkin utan ESB komi sem mest að aðgerðum í nafni hinna nýju stefnu. Norðmenn, sem eins og Íslendingar eru NATO-þjóð utan ESB, hafa gengið mun lengra í að tengjast þessu samstarfi. Þeir leggja meira að segja til hermenn í evrópska hraðliðið, en þeir munu þjóna í norrænni herdeild sem Svíar fara fyrir.

### Atlantshafssamstarfssinnar

Jafnvel þótt komast þurfi að niðurstöðu um ýmis mál áður en unnt reynist að virkja ákvæði sameiginlegrar öryggis- og varnarmálastefnu ESB bendir flest til þess að þróun stefnunnar á komandi árum muni að miklu leyti verða komin undir því hvernig aðildarríkjunum gengur að samhæfa ólíka hagsmuni sína og mismikinn pólitískan vilja til aðgerða á þessu sviði. Þótt aðildarríkin hafi ítrekað lýst sig samþykk því að stefnt skuli að því að auka hæfni sambandsins til að tala einni röddu hefur reynslan sýnt að öllu erfiðara er að hrinda þessu í framkvæmd þegar um umdeild mál er að ræða. Klofningurinn sem varð milli ESB-ríkjanna í afstöðunni til hernaðaríhlutunar í Írak er dæmi um mál þar sem sambandinu mistókst að ná sameiginlegri afstöðu. Í kjölfarið reyndi kjarninn úr stofnríkjahópi Evrópusambandsins - Frakkar, Þjóðverjar, Lúxemborgarar og Belgar - að gera átak í að efla öryggis- og varnarmálasamstarf í nafni ESB, en önnur Atlantshafssamstarfssinnaðri aðildarríki sambandsins fylgdu þeim ekki út á þá braut.

audunn@frettabladid.is

Páska-bónus

Kanarí

Vikuferð 29. mars frá aðeins

19.900

Fyrstir koma - fyrstir fá!

Bókaðu strax! www.apollo.is

Bónus-ferðir okkar til Kanarí hafa rokið út!

Páska-bónusinn er síðasti bónusinn okkar til Kanarí í vetur.

**Verðflokkar**
Í boði eru 4 verðflokkar og ákveðinn fjöldi sæta í hverjum flokki. Fyrst bókast sæti í ódýrasta verðflokknum, næst í þeim næst ódýrasta og svo koll af kolli uns öll tilboðssætin eru bókuð.

Verðflokkur 1: **19.900 kr.**
Verðflokkur 2: **23.400 kr.**
Verðflokkur 3: **26.900 kr.**
Verðflokkur 4: **29.990 kr.**

Aukagjald fyrir einbýli: **8.000 kr.**

**Gisting**
Við tryggjum þér íbúð/herbergi án fæðis á hóteli í gæðaflokki 2+ (með sundlaug) í einum af sólarbæjunum á suðurströnd Gran Canaria. Nafn gististaðar verður gefið upp við komu til Gran Canaria. Ef bókuð eru fleiri en eitt herb./íbúð má tryggja að ferðafélagar lendi a sama gististað með aukagjaldi, 2.500 kr. á mann.

**Innifalið**
Innifalið er flug og flugvallarskattar, ferðir til og frá flugvelli á Gran Canaria, gisting í tvíbýli/þríbýli án fæðis og íslensk fararstjórn.

**Bókun**
Ódýrast og fljótlegast er að bóka á netinu, www.apollo.is, en einnig má bóka á söluskrifstofunni gegn 2.500 kr. bókunargjaldi á mann og að því gefnu að tilboðssætin seljist ekki upp á netinu fyrir þann tíma.

**Greiðsla**
Greiða skal upp ferðakostnað um leið og bókun fer fram.

**Ferðaskilmalar**
Um ferðirnar gilda ferðaskilmálar okkar sem liggja frammi á heimasíðunni, www.apollo.is, með þeim undantekningum sem fram koma að ofan.









LANGferðir
Holtasmára 1 • 201 Kópavogur
Sími: 5 100 300 • Símbréf: 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is
Heimasíða: www.apollo.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00

apollo

www.apollo.is • 5 100 300

# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Nýjar aðstæður kalla á ný viðhorf:

## Óhætt að leggja við hlustir

Með nokkrum sanni má segja að staða sjávarútvegs hafi breyst í veigamiklum atriðum á allra síðustu árum. Ein er sú að hlutur greinarinnar í þjóðarbúskapnum er mun minni en áður var. Í samræmi við þá staðreynd heyrast nú ýmisleg viðhorf úr röðum forystumanna atvinnugreinarinnar sem fyrrum voru nær óhugsandi. Nýjar aðstæður kalla eðlilega á ný viðhorf.

Sú var tíð að á engan mann í íslensku atvinnulífi var hlustað meir en formann LÍÚ. Það hefur breyst eins og allt annað. En það má ekki verða til þess að menn leggi alls ekki við hlustir þegar talsmenn þessarar atvinnugreinar kveðja sér hljóðs. Verðmætasköpunin í landinu er þrátt fyrir allt ekki einvörðungu fólgin í bankastarfsemi og hlutabréfaviðskiptum.

Friðrik Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, skrifaði grein í Fréttablaðið í liðinni viku til varnar Valgerði Sverrisdóttur iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Einhvern tíma hefðu það þótt óhugsandi tíðindi. Tilefnið var þær árásir sem ráðherrann sætti vegna hugleiðinga sinna um upptöku evru í stað krónu. Nú eru aðstæður með þeim hætti að fulltrúar ólíkra atvinnugreina geta hugsað á svipuðum eða sömu nótum um efni sem þetta.

Í grein sinni segir Friðrik Arngrímsson: „Íslensk fyrirtæki í sjávarútvegi, ferðaþjónustu og iðnaði hafa liðið fyrir allt of sterkt gengi krónunnar. Þá hafa miklar sveiflur á gengi krónunnar á undanförnum árum gert fyrirtækjunum erfitt fyrir.“ Þetta eru einföld og skýr skilaboð þó að þau séu ekki ný af nálinni. Lykilatriðið er ósk um meiri efnahagslegan stöðugleika. Er hægt að fara aðrar leiðir til þess að ná meiri árangri í þeim efnum en tekist hefur á undanförnum árum?

Framkvæmdastjórinn hefur rétt fyrir sér þegar hann segir að ekki megi blása á málefnalegt framlag til þeirrar umræðu. Nú er það svo að einhliða upptaka evru er ekki raunhæfur kostur. Hugleiðingar þar um geta eigi að síður verið málefnalegar. En hvað sem því líður má ekki sópa vandanum varðandi óstöðugleika krónunnar undir teppið. Hann þarf að brjóta til mergjar með langtíma sjónarmið í huga.

Sjávarútvegurinn býr við þær aðstæður að laun sjómanna ráðast af afurðaverði og eru þannig með óbeinum hætti tengd gengi krónunnar gagnvart viðskiptagjaldmiðlunum. Með hæfilegri einföldun má því segja að útgerðin sé að hluta evrutengd. Sennilega væri útgerðin löngu ströndluð ef hún hefði ekki innbyggða aðlögun að þessu leyti. Aðrar samkeppnisgreinar eru verr settar.

Allt er þetta spurning um aga í hagkerfinu. Óhætt er að fullyrða að með meiri aga í kjarasamningum, ríkisfjármálum og peningamálum hefði mátt tryggja meiri stöðugleika og minni viðskiptahalla. Með upptöku evru yrði sá agi ekki valkvæður. Agaleysi í kjarasamningum gæti þannig leitt til atvinnuleysis. Eru menn tilbúnir að lúta þeim aga utan frá sem þeir hafa ekki verið tilbúnir að beita sig að eigin frumkvæði?

En hér er einnig að ýmsu öðru að hyggja. Ópólitísk erlend fjárfesting í landinu er af skornum skammti. Óvissan um stöðugleika krónunnar er ein af ástæðum þess. Á þessu þarf að verða breyting.

Það er því rétt hjá framkvæmdastjóra LÍÚ að hér eru meiri hagsmunir í húfi en svo að drepa megi umræðunni á dreif þó að lausnin liggi ekki endilega á borðinu eins og sakir standa.




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Halldór þarf að svara

Undanfarið hafa augu flestra beinst að Norðurlandi eystra þegar kemur að því hvar næsta álver eigi að rísa. Svo gæti farið að það breytist á næstu vikum. Suðurnesjamenn hafa lengi barist fyrir því að fá álver en nú þegar ljóst er að Varnarliðið, stærsti vinnuveitandinn á svæðinu, er á leið af landi brott liggur ljóst fyrir að þörf er á nýjum atvinnutækifærum fyrir þann fjölda fólks sem mun missa starfið á næstu mánuðum. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra verður á morgun til svara á opnum fundi A-listans í Reykjanesbæ. Listinn er sameiginlegt framboð Framsóknarflokks, Samfylkingar og óflokksbundinna til sveitarstjórnarkosninganna í vor. Það er alveg ljóst hvað brennur á bæjarbúum um þessar mundir og mun Halldór þurfa að koma með skýr svör á fundinum. Spurningin er hvort brotthvarf Varnarliðsins réttlæti sértækar aðgerðir. Hvort næstu álversframkvæmdum verði stýrt á Suðurnesin.



### Vandi Björns Inga

Flestir sem fylgjast með borgarpólitíkinni vita að Framsóknarflokkurinn á í miklum vanda. Hann mælist vart í skoðanakönnunum og á Björn Ingi Hrafnsson, sem leiðir listann, mikið verk fyrir höndum. Björn Ingi virðist hins vegar vera uppteknari af vanda sjálfstæðismanna í borginni en síns eigin flokks. Á heimasíðu sinni gerir hann mikið úr því að Sjálfstæðisflokkurinn sé nú úrkula vonar um að ná hreinum meirihluta í borginni og muni halla sér að F-listanum til þess að komast bakdyramegin til valda. Vitnar Björn Ingi í stjórnmálaskýringar höfundar Staksteina í Morgunblaðinu þessu til sönnunar. Það er í raun ekki óeðlilegt að Björn Ingi hafi áhyggjur af þessu því ýmislegt bendir til þess að ef F-listinn nái manni inn verði það á kostnað Framsóknarflokksins. Björn Ingi muni þá ekki komast inn í Ráðhúsið.



**trausti@frettabladid.is**

# Hnattvæðing - ekki sjálfgefin

Í DAG
HNATTVÆÐING



ILLUGI GUNNARSSON

*Aukin spenna fer ekki vel saman við friðsamlega verslun og viðskipti.*

Fyrir áttatíu og fimm árum eða svo var ort að risin væri elding þess tíma sem fáliðann virti. Heimslífið sjálft var tafl hins glöggeygða gests og gæfan ráðin ef leikið var rétt. Og hví skyldu Íslendingar, upp til hópa greindir og skemmtilegir, ekki eiga fullt erindi á það risaskákmót?

Árangurinn var reyndar glæsilegur. Á örfáum áratugum breyttist Ísland úr einu fátækasta ríki álfunnar í eitt það allra ríkasta í heimi. Alþjóðleg viðskipti lögðu grunninn að auðlegð Íslands, auðlindum og mannauð var komið í verð á erlendum mörkuðum og allt í einu áttum við góð hús, vegi, skóla, spítala og nú síðast flatskjái.

Það er því ekki skrítið að flestir Íslendingar líta hnattvæðingu viðskiptalífsins jákvæðum augum. Tækifærin eru alls staðar, hinn glöggeygði gestur þarf ekki að hafa stórþjóð sér að baki til að ná árangri. Lífskjarabyltingin undanfarinn áratug og hálfan er til vitnis um að séu aðstæður réttar í hagkerfinu nýti einstaklingarnir tækifærin sem gefast, bæði heima og heiman. Alþjóðavæðing viðskiptalífsins er okkur því mjög mikilvæg, hagsmunir okkar krefjast frjálsra viðskipta á sem flestum sviðum.

Mörgum er tamt að líta svo á að hnattvæðingin verði ekki stöðvuð, hún sé einhvers konar óstöðvandi lest, æðandi á beinu spori. Því miður geymir nýliðin saga lexíu um að ekki þarf allt að vera sem sýnist í þessum efnum. Við upphaf tuttugustu aldar voru heimsviðskiptin sem hlutfall af heimsframleiðslunni síst minni en nú er. Styrjaldir, kreppa og verndarstefna knésettu frjáls viðskipti á milli þjóða. Ég ætla ekki að fara að spá slíkri óáran, en það eru þó nokkur atriði sem vert er hugleiða þegar spáð er í hvað er framundan á þessum vettvangi.

### Ójafnvægi milli hagkerfa heimsins

Bandaríkin eru nú sem fyrr aflvaki heimsviðskiptanna. Hagkerfi þeirra er til dæmis sex sinnum stærra en hagkerfi Kína. Í þessu samhengi veldur það nokkrum áhyggjum hversu mikill viðskiptahalli Bandaríkjanna er nú orðinn. Reyndar er hallinn einn og sér ekki stórvægilegt vandamál. Svo lengi sem Bandaríkin laða að sér erlenda fjárfestingu og þeim tekst að fjármagna hallann þá gengur þetta upp. Vandinn kann að verða sá að þjóðir sem hingað til hafa sparað mjög mikið eins og Kínverjar muni byrja að auka neyslu sína og draga úr sparnaði. Kínversk stjórnvöld hafa nú þegar hleypt af stokkunum áætlunum sem miða að því að auka neyslu landsmanna. Gangi slíkt eftir og ef sama gerist í fleiri „sparnaðar“ löndum eins og Þýskalandi, þá verður sú spurning áleitin hvernig Bandaríkin takast á við viðskiptahallann.

### Þjóðleg verndarstefna

Annað sem veldur áhyggjum er að nú eru háværari raddir en áður sem tala fyrir einhvers konar þjóðlegri verndarstefnu í viðskiptalífinu. Í Bandaríkjunum hefur þessi umræða verið tengd meðal annars öryggissjónarmiðum. Nýsamþykkt bann við því að fyrirtæki frá Dubai ræki hafnarþjónustu og harðnandi tónn í garð kínverskra viðskiptahagsmuna eru dæmi um stefnumörkun sem er hnattvæðingu ekki í vil. Sama gildir um ýmsa evrópska stjórnmálamenn. Ótti við samruna fyrirtækja þvert á landamæri er til dæmis áberandi. Einnig kemur ekki á óvart hversu illa gengur að afla stuðnings við þjónustutilskipun ESB. Þar er um að ræða grundvallaratriði þegar kemur að viðskiptafrelsi milli landa ESB.

### Átök trúarbragða

Trúarbragðadeilur setja sífellt meiri svip á alþjóðastjórnmál. Skopmyndateikningarnar dönsku eru til dæmis birtingarmynd djúpstæðs ágreinings og ólíkrar lífssýnar mismunandi menningarsamfélaga. Ástandið í Mið-Austurlöndum er og verður um nánustu framtíð ótryggt og ekki vafi á að það mun hafa skaðleg áhrif á heimsviðskiptin. Stríðsrekstur hvers konar er alltaf vondur þótt stundum verði hann ekki umflúinn. Það er kvíðvænlegt ef þróun mála í Íran fer úr böndum og alþjóðasamfélagið neyðist til að grípa til hernaðaraðgerða til að koma í veg fyrir kjarnorkuvopnavæðingu landsins. Ef hernaður í Íran bætist við hernaðaraðgerðir í Afanistan og Írak er ekki von á því að það dragi úr spennunni á milli hins múslímska heims og hins vestræna í bráð. Aukin spenna fer ekki vel saman við friðsamlega verslun og viðskipti.

### Kanarífuglinn

Aukning viðskipta milli þjóða er ekki sjálfgefin. Forsendur hnattvæðingarinnar eru þegar á allt er litið frekar viðkvæmar og margt sem getur stöðvað þá jákvæðu þróun sem hefur verið undanfarna áratugi. Frjáls verslun og viðskipti eru svona eins og kanarífuglinn í námunni - þegar þeim hnignar er voðinn vís.

MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# Svandís um alla borg

**UMRÆÐAN**
BORGARSTJÓRNAR-
KOSNINGAR



ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON

*Allir sem kynnst hafa Svandísi eru á einu máli um að þar fer afar kjarnmikill og traustur frambjóðandi og hæfileikaríkur leiðtogi. Hún hefur starfað við kennslu í táknmálstúlkun, ráðgjöf og rannsóknum í táknmáli og nýtur virðingar og trausts á því sviði.*

Svandís Svavarsdóttir, efsti maður á V-lista vinstri grænna í borgarstjórnarkosningunum í vor, heldur til móts við borgarbúa nú næstu daga. Frá 20. mars og fram til 3. apríl mun Svandís heimsækja öll hverfi borgarinnar og býður til opinna funda með borgarbúum þar sem kærkomið tækifæri gefst til að kynnast Svandísi, heyra sjónarmið hennar og áherslur fyrir komandi kosningar og spyrja um afstöðu hennar til einstakra málefna.

Allir sem kynnst hafa Svandísi eru á einu máli um að þar fer afar kjarnmikill og traustur frambjóðandi og hæfileikaríkur leiðtogi. Hún hefur starfað við kennslu í táknmálstúlkun, ráðgjöf og rannsóknir í táknmáli og nýtur virðingar og trausts á því sviði. En eftir að hún haslaði sér völl á stjórnmálasviðinu, sem formaður VG-félagsins í Reykjavík og framkvæmdastjóri vinstri grænna hefur komið á daginn að hún hefur afar sterka réttlætiskennd og skýra pólitíska sýn. Þessum hæfileikum Svandísar þurfa borgarbúar að kynnast.

Síðustu vikur höfum við frambjóðendur vinstri grænna heimsótt fjölmarga vinnustaði, stofnanir og fyrirtæki í borginni. Hvarvetna þar sem við höfum komið hefur okkur verið tekið vel, við höfum átt ánægjuleg skoðanaskipti við starfsfólk, fengið margháttaðar gagnlegar upplýsingar og kynnst fjölbreytilegri starfsemi. Við sem tökum þátt í baráttunni fyrir kosningarnar í vor með Svandísi, höfum fundið það sterkt í þessum heimsóknum, hversu vel hún kemur fyrir og hvað hún býður af sér góðan þokka og á auðvelt með að ná til fólks, setja sig inn í mismunandi aðstæður og skilja kjarnann frá hisminu. En þar sem Svandís hefur ekki mikið starfað á vettvangi borgarstjórnar er mikilvægt að gefa borgarbúum kost á að sjá og heyra Svandísi og þess vegna býður hún til þessara funda í öllum hverfum.

Ég hvet alla borgarbúa til að fjölmenna á kynningarfundi Svandísar, Svandís um alla borg, en þeir eru auglýstir í fjölmiðlum.

Enn fremur eru upplýsingar um fundina á heimasíðu vinstri grænna, www.vg.is og á heimasíðu Svandísar, www.svandis.is. Þar er einnig að finna nánari upplýsingar, greinar og margt fleira fróðlegt um Svandísi. Ég er sannfærður um að þeir sem kynna sér stefnu og málefni VG, framtíðarsýn og forystu Svandísar, eiga samleið með V-listanum í vor.

*Höfundur skipar 2. sæti á V-listanum í Reykjavík.*

# Um hvað verður kosið?

**UMRÆÐAN**
BORGARSTJÓRNAR-
KOSNINGAR



KJARTAN EGGERTSSON

Í sveitarstjórnarkosningunum í Reykjavík í vor verður kosið um árangur R-lista flokkanna á síðasta kjörtímabili. Kjósendur leggja dóm á það sem R-lista flokkarnir hafa gert og það sem þeir hafa ekki gert, en hefðu kannski átt að gera. Ef kjósendur eru ánægðir með ástandið í borginni þá kjósa þeir R-lista-flokkana, en ef þeir eru ekki ánægðir og vilja breytingar þá eiga þeir tvo kosti; að kjósa F-listann eða D-listann.

Langur loforðalisti R-lista flokkanna fyrir þessar kosningar er ekki tekinn gildur. Allir frambjóðendur í öllum flokkum eru nefnilega fallega hugsandi fólk, sem vill vel og ætlar sér stóra hluti, en menn verða að hafa getu til að koma hugmyndum í framkvæmd og burði til að bregðast við og fylgja breytingum sem eiga sér stað í þjóðfélaginu og það hafa R-lista flokkarnir ekki sýnt.

Hvað finnst þér, lesandi góður, um umferðarhnútana sem myndast á mestu umferðargötunum í Reykjavík á annatímum? Fyrir löngu hefði átt að bregðast við og hefja framkvæmdir við að reisa mislæg gatnamót og byggja stokka þar sem mesta umferðin er. En R-listinn hefur bara flotið sofandi að feigðarósi í umferðarmálunum.

Hvað finnst þér um Strætó? Fyrir hvern er Strætó? Það er eins og R-lista flokkarnir viti ekki hverjum þeir eru að þjóna. Allar þeirra strætóleiðir virðast liggja niður á Hlemm, en þú, lesandi góður, getur kannski ekki tekið Strætó út í búð í þínu hverfi, ekki farið í heilsugæsluna, ekki í sundlaugina o.s.frv. og þó svo þú komist þangað með Strætó er ekki víst að þú getir farið með Strætó aftur heim, því þá er hann á leiðinni „niður á Hlemm“.

Hvað finnst þér um útihúsin á lóðum grunnskólanna? Finnst þér réttlætanlegt að hafa börnin í útihúsum á skólalóðinni? Það finnst R-lista flokkunum vera í lagi. Það finnst þeim sem þetta ritar ekki í lagi; börnin eiga betra skilið.

Hvað finnst þér um útboðin á byggingalóðunum? Væri ekki alveg nóg að hver og einn sem byggir greiði fyrir gatnagerðina og þær framkvæmdir sem til þarf? Er það réttlætanlegt að Reykjavíkurborg hafi íbúana að féþúfu?

Sá sem þetta ritar er í samhentri sveit fólks með Ólaf F. Magnússon í forystu, sem ætlar að taka til hendinni ef framboð þess, F-listinn, kemst til áhrifa í borgarstjórn Reykjavíkur.

*Höfundur er í 6. sæti F-listans í borgarstjórnarkosningunum.*


AKRALAND

Akraland ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
sími 599 4000, fax 599 4001

GULLMOLINN
Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Akraland ehf. er nú að hefja sölu lóða í 2. áfanga Akrahverfis í Garðabæ. Um er að ræða 35 lóðir undir einbýlishús. Framkvæmdir og uppbygging í Akrahverfinu hófust 2005. Þar er að rísa glæsilegt hverfi þar sem mikill metnaður ræður ríkjum varðandi hönnun, arkitektúr og alla uppbyggingu í metnaðarfullu sveitarfélagi.

Lóðirnar eru frábærar eignarlóðir og hverfið er vel staðsett á grónu svæði á besta stað í Garðabæ. Þetta eru góðar byggingarlóðir á frjósömu svæði mjög miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Þær eru staðsettar rétt við greiðar og fljótfarnar umferðaræðar sem liggja til allra átta.

Tilboðum í lóðirnar skal skila eigi síðar en **6. apríl 2006 kl. 15:00.** Tilboðunum skal skila á skrifstofu Akralands í Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík þar sem allar nánari upplýsingar eru veittar um lóðirnar. Fasteignasalan Borgir mun einnig annast milligöngu um sölu lóðanna og geta þeir sem hafa áhuga snúið sér þangað.

Nánari upplýsingar um lóðirnar, stærð þeirra og nýtingu ásamt upplýsingum um hvernig væntanlegir kaupendur bera sig að við tilboðsgerð er að finna á vefsíðu Akralands, www.akraland.is

Mikilvægt er að tilboðsgjafar kynni sér vel öll tilboðsgögn, s.s. tilboðsskilmála, tilboðsskrá, sölu- og skipulagsskilmála en öll tilboð taka mið af þessum skilmálum.




www.akraland.is BORGIR Tilboðsfrestur 6. apríl, kl.15.00

hzeta



ARTHUR JAMES BALFOUR
(1848-1930) LÉST ÞENNAN DAG

*„Ég fyrirgef aldrei, heldur gleymi alltaf.“*

***Balfour var forsætisráðherra Bretlands og lofaði Gyðingum heimalandi í Palestínu með Balfour-yfirlýsingunni 1917.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST >19. MARS 1831

# *Fyrsti bankaræninginn gerir áhlaup*

Þennan dag árið 1831 var Edward Smith fyrsti maðurinn í sögu Bandaríkjanna til að ræna banka. Smith var enskur innflytjandi sem vantaði skjótunninn gróða. Bankinn sem varð fyrir barðinu á honum hét The City Bank og var við Wall Street en forsvarsmenn bankans söknuðu eðlilega mjög 245.000 dollaranna sem Smith hafði á brott með sér.

Ræninginn lék þó ekki lausum hala lengi og var handsamaður af lögreglunni stuttu eftir ránið. Stærstum hluta peninganna var því skilað aftur í fjárhirslur bankans en Smith fékk að dúsa í fimm ár við erfiðisvinnu í Sing Sing-fangelsinu fyrir vikið. Smith tilheyrir því stærstum hluta ræningja sem fetað hafa í fótspor hans en einungis einn af hverjum sex bankaræningjum kemst undan án þess að mál hans sé upplýst.



Óhætt er að segja að Smith hafi opnað flóðgáttir en síðan honum mistókst hafa margir menn, stórir og smáir, reynt fyrir sér í bankaránum. Engar opinberar tölur eru til um fjölda bankaræna í heiminum en til viðmiðunar er talið að á hverju ári séu gerð um þrjú þúsund bankarán í Los Angeles-borg einni saman.

## MERKISATBURÐIR

**1908** Bríet Bjarnhéðinsdóttir tekur til máls á bæjarstjórnarfundi í Reykjavík, fyrst kvenna. Tillaga hennar um að lagt verði fé til sundkennslu stúlkna er samþykkt.

**1915** Reikistjarnan Plútó er ljósmynduð í fyrsta sinn.

**1922** Leikfélag Reykjavíkur heldur upp á þrjú hundruð ára afmæli Frakkans Molière með hátíðarsýningunni „Ímyndunarveikin“.

**1971** Tollstöðvarhúsið í Reykjavík er tekið í notkun með viðhöfn enda er húsið um fjörutíu þúsund rúmmetrar að stærð.

**2003** Ráðist er inn í Írak af herliði Bandaríkjamanna og staðföstum bandamönnum þeirra.

## AFMÆLI



**Sigurður Björnsson** óperusöngvari er 74 ára.



**Björgólfur Thor Björgólfsson** umbreytingafjárfestir er 39 ára.



**Friðrik Pálsson** hótelhaldari er 59 ára.



**Sindri Páll Kjartansson** kvikmyndagerðarmaður er 31 árs.



**Leoncia India Martin (Leoncie)** söngkona er 53 ára.



**Jakobína Hólmfríður Árnadóttir** heilsusálfræðingur er 29 ára.



**Valgerður Matthíasdóttir (Vala Matt)** arkitekt og sjónvarpskona er 53 ára.



**Gunnar Helgi Kristinsson** prófessor við HÍ er 48 ára.



**Jóhanna K. Eyjólfsdóttir** framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International er 52 ára.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.


✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður Zophaníasson**

Borgarheiði 16, Hveragerði, andaðist 6. mars sl. á Sjúkrahúsi Suðurlands. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Guðfinna Hannesdóttir, börn, tengdabörn og barnabörn.**





✝

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurbjörn Ólafsson**

rafeindavirkjameistari, Gullsmára 7, Kópavogi,

lést á hjartadeild Landspítalans fimmtudaginn 9. mars. Útförin fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 20. mars kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélag Oddfellowreglunnar, stúku nr. 1 Ingólfs I.O.O.F. sími 562 2850.

**Arnar Sigurbjörnsson** **Sigrún Sverrisdóttir**
**Rafn Sigurbjörnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


## SÉRA GÍSLI JÓNASSON: SKAFTFELLINGAMESSA Í BREIÐHOLTSKIRKJU

# Gamall draumur rætist

Mikill fjöldi Skaftfellinga kemur saman í Breiðholtskirkju í dag. Tilefnið er svokölluð Skaftfellingamessa sem er hugarsmíð séra Gísla Jónassonar sóknarprests í Breiðholtskirkju en hugmyndin með henni er að hóa saman Skaftfellingum, brottfluttum sem aðfluttum, í eina stóra messu.

„Þetta er gamall draumur minn að rætast,“ segir séra Gísli sem hefur borið hugmyndina að Skaftfellingamessunni í maganum í þónokkurn tíma. Hann þjónaði í Vík í tæp sex ár og svo skemmtilega vill til að hinn presturinn sem þjónar í Breiðholtskirkju, séra Bryndís Malla Elídóttir, var prestur á Kirkjubæjarklaustri. „Við Bryndís hrintum síðan hugmyndinni í framkvæmd, höfðum samband við söfnuðina fyrir austan og alla presta sem hafa þjónað þar.“ Þótt allir prestarnir hafi ekki séð sér fært að mæta fengu Gísli og Bryndís fimm presta til liðs við sig sem koma til með að þjóna með þeim við messuna.

Prestarnir eru langt frá því að vera það eina skaftfellska við messuna þar sem tónlistarflutningur verður í höndum Söngfélags Skaftfellinga sem syngur ásamt meðlimum úr kirkjukórum Kirkjubæjarklausturs- og Víkurprestakalla. Organistarnir koma einnig að austan en fá liðstyrk frá Keith Reid organista í Breiðholtskirkju. „Þegar messan er búin ætlum við hafa kaffi á eftir þar sem kórinn mun halda áfram að syngja,“ segir Gísli. „Messan og kaffið eru eiginlega hugsuð sem dálítil hátíð fyrir Skaftfellinga,“ segir hann og bætir við að hann vonist til að þetta verði ekki í eina sinnið sem Skaftfellingamessa er haldin í Reykjavík. „Ég sæi gjarnan að þetta væri reglulegt en það er ekkert búið að móta það. Svo væri hægt að sjá fyrir sér að það væri farið austur og haldnar hátíðir.

Þótt messan sé að þessu sinni bundin við vestursýsluna má segja að starf Skaftfellinga utan Reykjavíkur sé alveg sérstakt. „Ég var að heyra í konu sem hafði verið í Rangæingakórnum sem var mjög öfundsjúk yfir því hvað Skaftfellingarnir eru duglegir að skipuleggja uppákomur,“ segir Gísli og hlær. Reyndar er Gísli sjálfur ekki fæddur í Skaftafellssýslu en bjó þar þegar hann var ungur. „Ég er nú bara fæddur í Reykjavík eins og hálf þjóðin en átti heima í Vík í níu ár þegar pabbi minn var prestur þar.“ Hann segir að vel hafi verið tekið á móti honum þegar hann sneri aftur til Víkur, þá orðinn prestur sjálfur, enda séu Skaftfellingar gott fólk fólk. „Við eigum enn mikið af vinum í Vík,“ bætir hann við.

Óhætt er að hvetja Skaftfellinga til að fjölmenna í messuna, sem hefst klukkan 14.



**SÉRA GÍSLI JÓNASSON** Var prestur í Vík í Mýrdal og skipuleggur Skaftfellingamessu ásamt starfssystur sinni, séra Bryndísi Möllu Elídóttur, sem þjónaði í Kirkjubæjarklaustursprestakalli. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Blokkflautur koma saman

Blokkflautukennarafélag Íslands hélt á dögunum mót blokkflautuleikara í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Vaxandi áhugi er á þessu merka hljóðfæri og heppnaðist mótið vel í alla staði.

Um sextíu blokkflautuleikarar á öllum aldri tóku þátt í mótinu og leikið var á allar fjórar tegundir blokkflautna, sópran-, alt-, tenór- og bassablokkflautur. Fyrir hádegi æfðu yngri nemendur samspil í hópum en eftir hádegi fengu reyndari spilarar að spreyta sig á flóknari verkum frá endurreisnar- og barokktímanum ásamt samtímatónlist eftir fjölmarga höfunda.

Einnig hélt Helga Sighvatsdóttir fyrirlestur um samhengi myndlistar og tónlistar og í lok dagsins léku tuttugu og fimm þátttakendur saman á blokkflautur sínar. Blokkflautuleikararnir fóru glaðir heim og vegna þess hversu vel mótið heppnaðist er stefnt að því að gera það að árlegum viðburði hér eftir.



**BLOKKFLAUTUMÓT Í HAFNARFIRÐI** Um sextíu blokkflautuleikarar á öllum aldri tóku þátt í mótinu og leikið var á allar fjórar tegundir blokkflautna, sópran-, alt-, tenór- og bassablokkflautur.



ICELANDAIR KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ CONCERT OG BYLGJUNA
ICELANDAIR
VINSÆLASTI SÖNGVARI Á ÍSLANDI OG VINSÆLASTA SÓPRAN SÖNGKONA BRETLANDS
GARDAR THÓR CORTES
KATHERINE JENKINS
ÁSAMT 40 MANNA HLJÓMSVEIT
Í LAUGARDALSHÖLL
LAUGARDAGSKVÖLDIÐ 29. APRÍL 2006
STJÓRNANDI GARÐAR CORTES
MIÐASALA HEFST Á FIMMTUDAGINN
BYLGJAN 20 ÁRA
MasterCard
20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með Mastercard á forsöludegi Mastercard
Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef Tilboðsklúbbs MasterCard, www.kreditkort.is/tilbodsklubbur
FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.CONCERT.IS OG WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR
CONCERT

# Hafði grun um að þetta myndi enda svona

**Halldór Ásgrímsson** forsætisráðherra talaði tæpitungulaust um varnarsamstarfið á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins fyrir fjórum mánuðum. *Jóhann Hauksson* rifjar málið upp og segir frá fundi forsætisráðherra með blaða- og fréttamönnum fyrir helgi um söguleg tíðindi af varnarsamstarfinu við Bandaríkjamenn.



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA** „Ástæðan fyrir því að ég sagði þetta (11. nóvember) var að ég hafði grun um að þetta myndi enda svona. Og ég taldi það þá mikilvægt að leiða það til lykta sem fyrst þannig að við gætum þá farið að vinna út frá ákveðinni staðreynd.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það er alveg rétt að þeir hafa lengi viljað fara með þoturnar. Við höfum ekkert neitað því að þær fari ef það kemur í ljós með hvaða hætti verði þá staðið að sýnilegum vörnum og loftvörnum Íslands. En það hafa aldrei fengist nein svör við því,“ sagði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra eftir ríkisstjórnarfund síðastliðinn föstudag og hafði þá beðið Bandaríkjaforseta bréflega um skýringar á því hvað átt væri við með því að staðið yrði áfram við varnarsamninginn.

Fjórum mánuðum áður, hinn 11. nóvember síðastliðinn, sagði Halldór í ræðu á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins: „Við munum aldrei neyða þá til að vera hér ef þeir vilja ekki vera hér. Og við munum heldur ekki biðja þá um að vera hér ef þeir vilja ekki vera hér. Og það þarf að tala skýrt í þessu máli. Ef það er hins vegar staðreynd að þeir vilji ekki vera hér til að sinna nauðsynlegum vörnum þá verðum við Íslendingar að grípa til annarra ráða og endurmeta stöðuna. Við viljum vinsamleg samskipti við Bandaríkin. Og þau samskipti hafa reynst okkur vel. Við viljum líka vinsamleg samskipti við Evrópu og Norðurlöndin. Og þau samskipti hafa verið okkur mjög mikilvæg. Við framsóknarmenn höfum lagt áherslu á það að treysta samskiptin við Bandaríkin en treysta jafnframt samskiptin við Evrópu. Og það liggur alveg ljóst fyrir í mínum huga að ef samskiptin við Bandaríkin veikjast með einhverjum hætti þá verðum við að treysta enn betur samstarf og samskipti við Evrópuríkin.“

## Enginn slóðaskapur

Þessi orð forsætisráðherra frá 11. nóvember voru efnislega borin undir hann eftir ríkisstjórnarfundinn síðastliðinn föstudag. Í ljósi þess sem nú hefur gerst mætti spyrja einnig hvort ríkisstjórnin hafi ekki sýnt slóðaskap; flotið sofandi að feigðarósi: „Ástæðan fyrir því að ég sagði þetta (11. nóvember) var að ég hafði grun um að þetta myndi enda svona. Og ég taldi það þá mikilvægt að leiða það til lykta sem fyrst þannig að við gætum þá farið að vinna út frá ákveðinni staðreynd. En ég átti satt best að segja von á því að það gerðist í þessum samningaviðræðum og með öðrum hætti en nú hefur gerst. Ég var einfaldlega að segja að það er mikilvægt fyrir okkur að vita þetta. Nú vitum við þetta og þá förum við að vinna út frá því. En að kalla það slóðaskap er náttúrlega algerlega fráleitt.“

Halldór var einnig spurður út í efni bréfsins sem hann sendi Bandaríkjaforseta degi eftir að tilkynningin um brotthvarf hersins frá Keflavíkurflugvelli barst. „Í bréfinu er fyrst og fremst farið yfir málið og spurt um hvað Bandaríkjamenn hafi í huga þannig að það komi skýrt fram hvað þeir vilja gera. Við höfum spurt þeirrar spurningar í mörg ár. Það er alveg rétt að þeir hafa lengi viljað fara með þoturnar. Við höfum ekkert neitað því að þær fari ef það kemur í ljós með hvaða hætti verði þá staðið að sýnilegum vörnum og loftvörnum Íslands. En það hafa aldrei fengist nein svör við því. Ég tel núna að Bandaríkjamenn verði að koma með sínar hugmyndir um það og það þýði ekki að spyrja aðeins okkur um það í því sambandi. Það var algerlega nauðsynlegt að blanda Atlantshafsbandalaginu inn í þetta og það var framkvæmdastjóranum bæði ljúft og skylt að gera það. Því jafnvel þótt ég hefði ekki beðið hann um það hefði það verið hans skylda að gera það hvort eð er vegna þess að samkvæmt þessu verður Ísland eina ríkið innan Atlantshafsbandalagsins sem verður algerlega án loftvarna. Það var ákveðið að loftvörnum yrði komið á gagnvart Eystrasaltsríkjunum á sínum tíma, þannig að ég tel að aðalatriðið hafi verið að blanda Atlantshafsbandalaginu inn í þetta. Síðan verður að reyna á það næstu vikur og mánuði hvernig þetta gerist í framtíðinni og skýra þá mynd og þau orð sem hafa komið fram hjá Bandaríkjamönnum.“

## Brot á samningi?

Forysta Samfylkingarinnar telur nauðsynlegt að láta reyna á það hjá Atlantshafsbandalaginu hvort Bandaríkjamenn hafi brotið varnarsamninginn með einhliða og að margra mati harkalegri og ódiplómatískri ákvörðun sinni um brotthvarf hersins. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, tjáði sig í þessa veru fyrir helgina. Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, sagði efnislega í Laugardagsþætti Ríkisútvarpsins í gær að hann saknaði nú Davíðs Oddssonar og yfirlýsinga um að ef Bandaríkjamenn hirtu ekki lengur um sýnilegar varnir jafngilti það uppsögn samningsins. Jón Baldvin kvaðst þessu sammála og því gætu Bandaríkjamenn bara hypjað sig. Jón Baldvin rifjaði reyndar upp að Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefði jánkað því fyrir margt löngu að ef sú staða kæmi upp, sem nú er orðin að veruleika, yrði þjóðin að snúa sér til Evrópu.

Halldór er varfærinn í orðum um hugsanlegt brot Bandaríkjamanna á varnarsamningnum. „Ég ætla ekki að fullyrða neitt um það fyrr en ég sé hvaða hugmyndir þeir hafa um mál í staðinn fyrir þá stöðu sem við vorum í. Ég vil fyrst sjá það áður en ég hef einhver slík orð eins og að samnningurinn hafi verið brotinn vegna þess að þeir hafa sagt það skýrt og segja það skýrt í sinni orðsendingu að þeir ætli sér að standa við sínar skuldbindingar, standa við varnarsamninginn. Við viljum láta reyna á varnarsamninginn frá 1951. Hann er skýr og þar skuldbinda Bandaríkjamenn sig til þess að sjá um varnir Íslands. Og við viljum að þeir standi við þær skuldbindingar og útskýri það hvernig þeir ætli sér að gera það eftir að þessi ákvörðun hefur verið tekin. Það er þá ekki fyrr en í framhaldi af því að við metum það. Ég vil ekkert segja frekar til um það. Ég vil bara að það sé ljóst að við verðum að fá þessa mynd skýra áður en nokkur frekari ákvörðun er tekin. Tilgangur varnarsamningsins er að sjá um varnir Íslands. Ef engar varnir eru þá verður hann ansi tilgangslaus, þannig að við viljum að þetta komi skýrt fram nú næstu vikur og mánuði.“

*„Og það liggur alveg ljóst fyrir í mínum huga að ef samskiptin við Bandaríkin veikjast með einhverjum hætti þá verðum við að treysta enn betur samstarf og samskipti við Evrópuríkin.“ (Halldór Ásgrímsson á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins 11. nóvember 2005)*

## Varnarviðræður og Íraksmál

Halldór neitar því að stuðningur Íslands við hernað Bandaríkjamanna í Írak hafi átt að liðka fyrir áframhaldandi veru herþotnanna á Keflavíkurflugvelli.

„Þetta blandaðist aldrei saman. Það hef ég aldrei nokkurn tíma sagt. Ég sagði hins vegar á sínum tíma að það er eðli samstarfs og vináttu að standa saman. Og við höfum í langflestum tilvikum staðið með Bandaríkjunum og Bretlandi í varnar- og öryggismálum, ekki síst vegna þess að þeir hafa verið okkar nánustu samstarfsmenn og staðið mjög vel við bakið á Íslendingum í þessum málum. En að þetta tvennt hafi blandast saman er ekki rétt. Hinu er ekkert að leyna að það sem Bandaríkjamenn eru núna að gera er mikil vonbrigði fyrir okkur og við áttum ekki von á því að þetta yrði gert með þessum hætti.“

## Skammur umþóttunartími

Halldór segir að málin verði að gerast hratt miðað við tímasetningar sem Bandaríkjamenn hafi sett einhliða. Fjögur ráðuneyti hafi þegar hafið undirbúningsvinnu varðandi Keflavíkurflugvöll. „Þetta varðar undirbúning þess að kaupa nýjar þyrlur. Við þurfum að efla okkar björgunarsveitir. Við þurfum að taka við rekstrinum á Keflavíkurflugvelli þannig að það er margt sem gera þarf á næstunni. Það hefur ekkert verið ákveðið um það hvort Landhelgisgæslan verði flutt til Suðurnesja. Það liggur fyrir að hún verður efld. Við höfum ákveðið að kaupa nýtt skip. Við höfðum líka ákveðið að kaupa nýja flugvél og nú liggur fyrir að við verðum að kaupa nýjar þyrlur. Við þurfum að fjölga þyrlunum. Það hefur ekki verið ákveðið hvaða tegund verður notuð en þetta eru ákvarðanir sem við verðum að taka skjótt á næstunni.“

## Sértækar atvinnuaðgerðir?

Atvinnuvandinn verður ræddur sérstaklega á fundum með heimamönnum á næstunni og segir Halldór að ríkisstjórnin hlutist ekki til um að gerðir verði starfslokasamningar heldur verði Bandaríkjamenn að standa við sína starfssamninga. „Við munum ekki hafa uppi neinar slíkar kröfur gagnvart Bandaríkjamönnum. Þeir verða einfaldlega að standa við samninga sem þeir eru með gagnvart þessum starfsmönnum. Síðan munum við vinna með yfirvöldum á Suðurnesjum að því að koma á aðgerðum í atvinnumálum eftir bestu getu til þess að hjálpa þessu fólki að fá störf í framtíðinni. Þetta er tvíþætt. Ríkisstjórnin hefur þegar hafið starf að því er varðar Keflavíkurflugvöll, það er að segja forsætis-, utanríkis-, dómsmála- og fjármálaráðuneytið hafa þegar hafið starf að því er varðar undirbúning þess að það þarf að kaupa nýjar þyrlur. Við þurfum að efla okkar björgunarsveitir. Við þurfum að taka við rekstrinum á Keflavíkurflugvelli, þannig að það er margt sem gera þarf á næstunni. Þessi þáttur málsins er þegar farinn í gang. Síðan er atvinnuþátturinn. Við munum eiga fund með forsvarsmönnum á Suðurnesjum fljótlega. Það á að ræða þau mál við þá og ég á von á að þar verði samstaða ríkisstjórnarinnar og aðila á Suðurnesjum.

Brotthvarf Varnarliðsins frá Keflavíkurflugvelli getur hugsanlega réttlætt sértækar og tímabundnar aðgerðir í atvinnumálum heimamanna. Gætu til dæmis hugmyndir ríkisstjórnarinnar um forgangsröðun varðandi staðsetningu álvera og forgangsröðun þeirra breyst vegna þessa?

„Ég vil ekkert segja um það á þessari stundu. Uppbygging álvera fer fyrst og fremst eftir vilja þeirra sem ætla sér að fjárfesta í þeim og vilja þeirra íbúa sem búa á þessum svæðum. Ég held að þetta sé fyrst og fremst spurning um raforku. Við ræðum þetta við heimamenn og ég vil bíða eftir þeim fundi,“ segir Halldór Ásgrímsson að endingu.



**HERSTÖÐIN Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI** Halldór neitar því alfarið að stuðningur við Íraksstríðið og varnarmálin hafi tengst með einhverjum hætti. „Hinu er ekkert að leyna að það sem Bandaríkjamenn eru núna að gera er mikil vonbrigði fyrir okkur og við áttum ekki von á því að þetta yrði gert með þessum hætti.“




# NÝTT TÖLUBLAÐ KOMIÐ ÚT

BARNAHERBERGI – STAÐUR TIL
AÐ LEIKA OG LÆRA, SOFA OG DREYMA

ÁHRIF ÚR AUSTRI
STRAUMAR BERAST VÍÐA AÐ

ILMANDI HEIMILI | PÚÐAR OG PUNT

MATUR FYRIR ALLA ALDURSHÓPA

ÆVINTÝRAHEIMAR Á STRIGA
LÍNA RUT WILBERG MYNDLISTARMAÐUR






TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ Í
ÁSKRIFT MEÐ 30% AFSLÆTTI
Á AÐEINS 489 KR.
EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA
GJÖF Í KAUPBÆTI

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS

VEGGFÓÐUR.
tímarit



**KALDPRESSAÐ STÁL** Stálið sem Guðjón notar er líka notað í byggingariðnaði en Guðjón telur það á vissan hátt bera í sér líkinguna við módernismann og við nútímann. FRÉTTABLAÐIÐ/ STEFÁN

# Afsprengi arkitekts

**Guðjón Bjarnason, myndlistarmaður og arkitekt, hefur sprengt skúlptúrana sína síðastliðin tíu ár en í verkum sínum vinnur hann með tómið og möguleika hins ófyrirsjáanlega. *Kristrún Heiða Hauksdóttir* rölti um Hafnarhúsið ásamt sprengjuglaða fjöllistamanninum og sá sýninguna hans AFsprengi HUgsunar sem opnaði um helgina.**

„Hver skúlptúr er einstakur,“ segir listamaðurinn og útskýrir að verkin sín séu mótsagnakennd og hann vilji ganga fram af ímyndunaraflinu við gerð þeirra. „Verkin snúast ekki um mátt eyðileggingarinnar, um ryðmyndun eða nostalgíu gagnvart tíma heldur eru þetta miklu frekar háþróuð verk sem á vissan hátt eru á undan sinni samtíð,“

Á sýningunni ber fyrir augu fjöldann allan af stálbrotum sem hefur verið raðað upp, ýmist kerfisbundið í hálfgerð mynstur eða kaotískt inn í rými þar sem leitast er við að að endurskapa sprenginguna sjálfa. Einnig ber fyrir augu málverk og ljósmyndir, kvikmynd sem gerð var um sköpunarferli skúlptúranna og líkan af húsi sem Guðjón hyggst reisa. „Það heitir Sprungið hús,“ segir Guðjón en það leyndarmál hvar á að reisa það.

**Stálið lifnar við**

Guðjón notar kaldpressað stál í skúlptúrana. „Þetta er háþróuð nútímaafurð, stál sem notað er í byggingariðnaði og þetta efni ber á vissan hátt í sér líkinguna við módernismann og við nútímann. „Áður en ég sprengi skúlptúrana er þeim raðað upp mjög kerfisbundið, í reglufast kerfi þar sem við mælum fjarlægðir upp á millimeter til þess að kalla fram sem mestar öfgar,“ segir Guðjón. Stálið er sérstaklega sterkt en má sín lítils gagnvart dínamítinu og hamflettist á ófyrirsjáanlegan hátt. „Skúlptúrarnir fara í gegnum ákveðið vinnuferli,“ útskýrir Guðjón en eftir sprengingarnar er þeim safnað saman og þeir lakkaðir. „Það glittir samt alltaf í málminn,“ segir listamaðurinn „og þú sérð óhreinindin og leifarnar af sprengingunni.“

*„Fólk fær oftast óstöðvandi hlátursköst í nokkrar mínútur á eftir sprengingarnar.“*

Guðjón líkir vinnuaðferð sinni við ósjálfráða teikningu eða skrift. „Ég nota dínamít eins og aðrir nota penna og blað, ég nota það til að teikna og forma hluti,“ segir Guðjón en í verkunum leyfir hann efninu að ráða. „Verkin eru með lágmarksstýringu þó ég skipuleggi mjög vísindalega, t.d. magn sprengiefnisins sem ég nota sem og tímann milli sprenginganna.“ Sprengingin verður síðan hvatinn sem kemur öllu öðru af stað og Guðjón segir afraksturinn brengladir og afstæðari heldur en mannshugurinn gæti nokkurn tíma látið sér detta í hug.

**Drunur í Geldinganesi**

„Þetta er ákaflega skemmtilegt vinnuferli, myndlist á að vera skemmtileg,“ segir Guðjón brosandi. „En þetta er líka ákaflega flókið mál að sprengja svona nærri byggð. Það er ekki hægt að búa til svona listaverk á mörgum stöðum í heiminum, t.d. ekki í kringum borgir í Evrópu eða í Bandaríkjunum. Ástandið þar er hreinlega of ótryggt. Spennan of mikil.“

Hér heima þarf líka að fara í






**ÚR AFSPRENGI HUGSUNAR** Vinnuferlið er skemmtilegt en jafnframt flókið, að sögn Stefáns og óvíða í heiminum er hægt að búa til listaverk með þessum hætti. FRÉTTABLAÐIÐ/ STEFÁN

gegnum marga aðila til þess að fá leyfi fyrir sprengingum en verkin sem sjá má á sýningunni núna voru sprengd í Geldinganesi. „Fólk hringdi inn til lögreglunnar og hélt að það væri kominn jarðskjálfti," segir Guðjón en víst er að sitthvað hefur gengið á þegar stálbitarnir tættust í sundur.

„Fólk fær oftast óstöðvandi hlátursköst í nokkrar mínútur á eftir sprengingarnar," segir Guðjón kíminn. „Það að sjá eitthvað sem áður var ferhyrnt og afmarkað, líkjast ekki neinu - það er stórkostlegt, það er eins og að sjá rós opnast og lifna.

Það má finna brot úr verkum Guðjóns ansi víða því hann segir að það sé illmögulegt að týna þau öll saman. „Þessi brot eru fjársjóður framtíðarinnar," segir hann hlæjandi. „Þau eru þarna út um allt og ef einhver fer á ról er alls ekki ólíklegt að hann fyndi eitt og eitt brot sem ég bið hinn sama að varðveita vel.

**Veikir hið sterka**

Guðjón hóf að sprengja skúlptúrana sína fyrir tíu árum en áður hafði hann fengist við gerð naumhyggju verka. „Ég sauð á þau allskonar flúr og mynstur til þess að veikja burðarþol þeirra - gera þau burðarminni." Á þeim tíma voru sterkir skúlptúrar ríkjandi í myndlistinni en Guðjón hóf að vinna í hina áttina. Hugmyndina að baki sprengingunum rekur hann til samræðna við vin sinn og starfsfélaga en þeir ræddu eitt sinn um sálarástand Skandinavíubúa. „Undir

*„Það að sjá eitthvað sem áður var ferhyrnt og afmarkað, líkjast ekki neinu - það er stórkostlegt, það er eins og að sjá rós opnast og lifna."*

sléttu og felldu yfirborði okkar Skandinava kraumar afl sem ekki fær útrás," segir Guðjón. „Kerfin okkar og borgarímyndirnar - allt er þetta ósköp settlegt og gott en það er mikil pressa á manneskjunni að haga sér rétt og skikkanlega við þessar kingumstæður." Í framhaldinu fór Guðjón að vinna með kraftinn í manneskjunni og þá spennu sem umkringir okkur.

„Ég vildi virkja sprengikraftinn sem býr í manneskjunni í skúlptúr. Þeir eru einskonar líkamningar, skúlptúrarnir hafa svipaða vigt, í lengdarmetrum talið. Ekki að ég sé að sprengja fólk heldur vísa ég til þeirrar bælingar sem fylgir hversdagsleikanum.

Lífið er í rauninni togstreita milli hversdagsins og þeirra hugsjóna sem við lifum fyrir og þá togstreitu upplifum við öll á hverjum degi."

**Tómið**

„Mér finnst mikilvægt að kalla fram tómið í verkunum. Tómið er eftirsóknarvert því það hefur líkingu við það ósegjanlega, það óvitanlega sem alltaf fylgir tilverunni og er innsti kjarni myndlistarinnar," segir Guðjón og áréttar að þegar menn fáist við myndlist séu þeir að vinna með mjög samanþjappaða merkingu, þar safnist saman margar ólíkar hugsanir og meiningar sem erfitt sé að henda reiður á í einu. „Ég lýt á verkin mín sem hvata til umræðu, þau hvetja ímyndunaraflið og tengjast öðrum listgreinum. Það er mjög stutt yfir í arkitektúrinn í verkunum mínum og yfir í heimspekilega og fagurfræðilegan þankagang, póststrúktúralisma, trúarbrögð.
Raunar er hægt að yfirfæra þau á flestar tegundir fræða," útskýrir listamaðurinn.

Í tengslum við sýninguna kemur út bók um höfundarverk Guðjóns Bjarnasonar á vegum Listasafns Reykjavíkur þar sem fjölmargir höfundar lýsa hughrifum sínum og upplifunum. „Þannig eru verkin t.d. orðin hvati og kveikja að ímyndum hjá öðrum," segir Guðjón. Fjöldi erlendra gesta er hingað kominn í tilefni af opnun sýningarinnar í Hafnarhúsinu t.d. Richard Vine, ritstjóri tímaritsins Art in America, sem mun fara yfir feril listamannsins ásamt Jóni Proppé og honum sjálfum á Listamannaspjalli í dag kl. 15.00.



**GUÐJÓN BJARNASON** Finnst mikilvægt að kalla fram tómið í verkunum því það hefur líkingu við það ósegjanlega. FRÉTTABLAÐIÐ/ STEFÁN





**KEFLAVÍKURGANGA 12. JÚNÍ 1978** Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, er hér í fylkingarbrjósti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vald og vanmáttur

Guðni Th. Jóhannesson er sagnfræðingur við Hugvísindastofnun Háskóla Íslands og vinnur að rannsóknum á íslenskum utanríkis- og öryggismálum. Hann útskýrir í þessari grein varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna í kalda stríðinu og til okkar daga.

Þýska orðið Realpolitik er stundum notað til að lýsa harðsvíraðri en raunsærri utanríkisstefnu ríkja í hörðum heimi. Járnkanslarinn Bismarck sem sameinaði þýsku ríkin á nítjándu öld á mestan heiður af hugtakinu. Hann lagði áherslu á að hernaðarmáttur og efnahagsstyrkur skipti sköpum í samskiptum ríkja en þó gætu veik smáríki haft sitt fram; stórveldi yrðu fordæmd fyrir að níðast á hinum minni máttar og kannski hefðu þau líka hag af því að vera í bandalagi við smáríki. Þetta væri vald hinna veiku, sagði Bismarck. Síðan tóku ýmsir undir þetta mat hans á valdajafnvægi í heiminum og frægur stjórnmálaspekingur, Hans J. Morgenthau, skrifaði t.d. árið 1959 að það væri hugsanlegt að „veikburða ríki búi yfir kostum sem mun sterkara bandalagsríki telur sig ekki geta verið án. Þetta getur gefið smáríkinu völd innan bandalags sem eru ekki í nokkru samræmi við stærð þess.“ Morgenthau sagði þetta ekki út í loftið. Hann vitnaði til staðreynda máli sínu til stuðnings - samskipta Íslands og Bandaríkjanna í hita kalda stríðsins.

## Herinn kemur

Bandaríkaher kom fyrst til Íslands sumarið 1941. Ári áður höfðu Bretar hernumið Ísland en vildu að Bandaríkin tækju við vörnum landsins. Íslensk stjórnvöld kusu líka frekar bandaríska hervernd en breskt hernám. Hagsmunir íslenskra og bandarískra ráðamanna fóru því saman en svo varð vík milli vina þegar leið að stríðslokum. Bandaríkjamenn óttuðust að átök við Sovétríkin og kommúnismann væru í vændum og vildu hafa hér aðstöðu til frambúðar; herstöð á Keflavíkurflugvelli, flotastöð í Hvalfirði og flugbækistöð við Skerjafjörð.

Einhugur var á Íslandi að hafna þessum kröfum en nokkurs konar málamiðlun náðist með Keflavíkursamningnum haustið 1946: Bandarískt verktakafyrirtæki skyldi sjá um rekstur flugvallarins á Miðnesheiði en hann var nauðsynlegur fyrir liðsflutninga Bandaríkjamanna til og frá hernámssvæði þeirra í Þýskalandi fyrstu árin eftir stríð. Sósíalistar og hlutleysissinnar fordæmdu þessa „fataskiptalausn“ en ótvíræður meirihluti var fyrir henni á þingi.

## Inngangan í NATO

Næstu ár komst kalda stríðið í algleyming. Ísland gekk í NATO 30. mars 1949 og urðu þá hörðustu óeirðir sem um getur í lýðveldissögunni. Aðildin að varnarbandalaginu breytti því þó ekki að landið var enn herlaust og töldu ráðamenn og hernaðarsérfræðingar í Washington að það væri í raun óásættanlegt til lengdar. Sovétmenn gætu reynt að seilast til valda á Íslandi og Bandaríkin þyrftu að hafa viðbúnað hér ef til ófriðar drægi. Árið 1950 blossaði upp stríð í Kóreu, stríðsótti óx um allan heim og réð miklu um það að 5. maí 1951 gerðu Ísland og Bandaríkin varnarsamning. Bandarískt herlið sneri aftur til landsins og hefur verið hér síðan.

Skýr þingmeirihluti var fyrir inngöngunni í NATO og endurkomu hersins og meirihluti landsmanna var hvoru tveggja hlynntur. Ísland fékk vernd þegar veður þóttu válynd í heiminum, og þar að auki skipti nær öllu fyrir efnahag landsins að eiga Bandaríkin og vesturveldin að vinum. Hlutfallslega nutu Íslendingar Marshall-aðstoðar, lána, fégjafa og tollaívilnana í ríkari mæli en nokkurt annað ríki á Vesturlöndum.

Ísland nýtti með öðrum orðum vald hinna veiku til að tryggja hag sinn í varnar- og efnahagsmálum. Auðvitað vildu stuðningsmenn vestrænnar varnarsamvinnu einnig í einlægni leggja sitt af mörkum í baráttu kalda stríðsins en eiginhagsmunir hlutu að móta utanríkisstefnuna í Reykjavík, rétt eins og í Washington. Bjarni Benediktsson, einn helsti leiðtogi Sjálfstæðisflokksins um miðja síðustu öld og sá sem öðrum fremur mótaði varnarstefnu landsins þau ár, dáði Bismarck og stjórnlist hans. Í ræðu vorið 1940 vitnaði Bjarni í þau orð járnkanslarans „að stjórnmálin væru ekki vísindi heldur list, sem sé listin til að sjá hvað væri mögulegt á hverjum tíma og framkvæma það“.



BANDARÍSKAR F-15 ORRUSTUÞOTUR



KEFLAVÍKURGANGA ÁRIÐ 1960

## Mikilvægi Íslands

Bandarískir ráðamenn sáu líka nær alltaf vel hver staðan var: Þeir veittu vernd sína og fjárhagsstuðning af því að þeir töldu sig ekki mega vera án hernaðaraðstöðu á þessari mikilvægu eyju í miðju Atlantshafi. En stundum kom fyrir að þeim gramdist að hinir örfáu eyjaskeggjar hefðu einhvers konar tangarhald á stórveldinu, eða teldu sig hafa það. Sumarið 1956 komst vinstri stjórn Alþýðuflokks, Alþýðubandalags og Framsóknarflokks til valda á Íslandi og kvaðst vilja herinn burt. Þótt ljóst væri að skiptar skoðanir væru í raun um þetta innan stjórnarinnar voru fyrstu viðbrögð Bandaríkjamanna mjög hörð. Þeir létu í það skína að allri efnahagssamvinnu yrði hætt og á daginn kom að valdi hinna veiku voru takmörk sett. Þegar til kastanna kom var vald hinna sterku mjög öflugt, eða eins og einhver sagði einhvern tímann í kalda stríðinu: Það gengur ekki að reka herinn burt því þá getum við ekki lengur hótað því að reka hann burt.

## Innrás í Ungverjaland

Bandaríkjaher fór hvergi 1956, enda gerðu Sovétmenn þá innrás í Ungverjaland og hræddu fólk hvarvetna á Vesturlöndum. Og Ísland fékk líka fleiri hagstæð lán úr því að samkomulag náðist um áframhaldandi hersetu - og vegna þess að vinstri stjórnin ýjaði að því að hún myndi annars leita hófanna í Moskvu. Í Washington mislíkaði sumum embættismönnum að svo virtist sem Íslendingar væru „að kúga af okkur fé“, en svona var staðan í kalda stríðinu.

Bandaríkjamenn komust jafnframt að því að þeir gætu tæplega breytt viðbúnaði sínum á Íslandi til muna án samráðs og samkomulags við Íslendinga. Við gerð varnarsamningsins 1951 höfðu íslenskir ráðamenn lagt mikla áherslu á að þeir ættu síðasta orðið um fjölda hermanna í landinu og með hvaða hætti varnarliðið hagnýtti aðstöðu sína. Þar að auki yrðu Bandaríkin að „framkvæma skyldur sínar samkvæmt samningi þessum þannig að stuðlað sé svo sem frekast má verða að öryggi íslensku þjóðarinnar“. Hér mætti því ekki aðeins vera eftirlitsstöð eða aðstaða sem þjónaði Bandaríkjunum einum.

Um áratug síðar reyndi á þennan þátt varnarsamningsins en bandaríski flugherinn komst þá að þeirri niðurstöðu að ekki væri lengur þörf fyrir orrustuþotur á Keflavíkurflugvelli. Valdhafar í Reykjavík mótmæltu þessu mati harðlega; á Íslandi yrðu að vera „sýnilegar loftvarnir“ því annars þjónaði varnarsamningurinn ekki hagsmunum Íslendinga. Svo fór, eins og Valur Ingimundarson sagnfræðingur hefur bent á, að lögfræðingar Bandaríkjahers féllust á þá skoðun Íslendinga að einhliða ákvörðun um að fjarlægja þoturnar væri brot á varnarsamningnum - og þær urðu um kyrrt. Vilji íslenskra valdhafa fékk að ráða.

## Vinstri stjórn

Næstu ár var allt með friði og spekt en í upphafi áttunda áratugarins syrti í álinn. Vinstri stjórn komst aftur til valda (að þessu sinni áttu Alþýðubandalag, Framsóknarflokkur og Samtök frjálslyndra og vinstri manna aðild að henni), og aftur var sagt að herinn skyldi fara. Um það voru þó deildar meiningar í stjórninni líkt og fyrri daginn. Fulltrúar bandarískra stjórnvalda vissu það en létu stundum í það skína að þeir væru orðnir þreyttir á þessum erfiðu bandamönnum á Íslandi. Herinn varð kyrr en segja má að í kalda stríðinu hafi síðast orðið hörð átök um hann í þorskastríðinu við Breta 1975-76. Samsteypustjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks var þá við völd og Ólafur Jóhannesson, dómsmálaráðherra og formaður Framsóknar, heimtaði í samtölum við sendiherra Bandaríkjanna að þau stæðu einhuga með Íslendingum; annars væri þetta varnarlið til einskis og gæti bara farið. Sendiherrann svaraði fullum hálsi að Bandaríkjastjórn léti ekki kúga sig, léti ekki „blackmaila“ sig, og vestur í Washington var ákveðið að endurskoða þörf Bandaríkjanna fyrir aðstöðu á Íslandi. Íslendingar væru of óáreiðanlegir bandamenn og það gæti reynst of dýrt að halda þeim góðum.

## Ný heimsmynd

Kalda stríðið geisaði og auðvitað var niðurstaðan sú að enn væri brýn þörf fyrir aðstöðu á Íslandi. Svo hrundu Sovétríkin 1991 og ný heimsmynd varð til. Óvinurinn hvarf og hernaðarmikilvægi Íslands snarminnkaði um leið. Æ síðan hafa Bandaríkjamenn viljað draga úr viðbúnaði á Íslandi, eins og kom síðast í ljós árið 2003 þegar þeir voru komnir á fremsta hlunn með að flytja í burtu þær fáu orrustuþotur sem hér eru enn, auk alls sem þeim fylgir. Svo virðist sem íslenskum ráðamönnum hafi þá í síðasta sinn tekist að beita Bandaríkjamenn valdi hinna veiku: Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, sagði blákalt - rétt eins og Bjarni Benediktsson og fleiri höfðu gert í kalda stríðinu - að yrði ekki farið að vilja Íslendinga lyki varnarsamstarfinu við Bandaríkin einfaldlega.

Bandaríkjastjórn lét tilleiðast þá, en ekki núna, eins og atburðir síðustu daga sýna svo vel. Hún vill þó halda í varnarsamninginn, en á eigin forsendum. Valdajafnvægið í samskiptum ríkjanna er auðvitað gerbreytt frá því sem var í kalda stríðinu. Staðan er þó enn sú að vald í öllum sínum myndum ræður mestu í samskiptum ríkja; Realpolitik ræður. Í nóvember 1945 sagði Bjarni Benediktsson á lokuðum fundi sjálfstæðismanna að „sennilega myndu Bandaríkin fá Ísland, hvað sem við segðum, ef þeir teldu sig þurfa þess“. En þá var að vinna úr því, snúa vanmætti í vald. Það tókst í kalda stríðinu og þótt vanmátturinn virðist alger núna snýst leikurinn sem fyrr um list hins mögulega.






LIÐSINNI

## ERT ÞÚ FRAMÚRSKARANDI HJÚKRUNARFRÆÐINGUR?

*Ef svarið er já höfum við hjá Liðsinni áhuga á að heyra frá þér!*

Möguleikarnir eru margir og verkefnin fjölbreytt, hvort sem þú leitar að tímabundinni vinnnu í sumar eða framtíðarstarfi. Hjúkrunarfræðingar Liðsinnis verða að vera faglega framúrskarandi, sjálfstæðir, sveigjanlegir og með góða samskipta-hæfileika. Á móti bjóðum við upp á skemmtilegt samstarf og góð laun. Góðir skipulagshæfileikar eru kostur þar sem Liðsinni vinnur að stofnun nýrrar þjónustu við einstaklinga í heimahúsum sem verður nýjung á íslenskum heilbrigðismarkaði.

Upplýsingar veitir María Bragadóttir í síma 533 6300 & maria@lidsinni.is

*Liðsinni er einkarekið fyrirtæki í heilbrigðisþjónustu. Fjölbreytt þjónusta Liðsinnis er veitt til stofnana og einstaklinga af heilbrigðissviði fyrirtækisins og til fyrirtækja af ráðgjafasviði. Hjá Liðsinni starfa hjúkrunarfræðingar, iðjuþjálfar, læknir, sjúkraþjálfari auk fjölda annarra sérfræðinga.*

**Liðsinni • Borgartúni 20 • 105 Reykjavík • Sími 533 6300 • www.lidsinni.is**

## Laus störf hjá Olíudreifingu ehf.

Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða áhugasama og vandvirka einstaklinga í eftirtalin störf í Reykjavík. Um framtíðarstörf er að ræða.

Störfin standa báðum kynjum til boða.

**Rafvirki**
Leitað er að einstaklingi með iðnmenntun í rafvirkjun.

Um fjölbreytt starf er að ræða í viðhaldi, nýlögnum og uppsetningu tækjabúnaðar. Starfsvettvangur er allt landið, æskilegt er að starfsmaður geti farið út á land til skamms tíma þegar þannig háttar.

**Bílaverkstæði**
Leitað er að bifvélavirkja, vélvirkja eða einstaklingi vönum viðgerðum á stórum tækjum.

Um fjölbreytt starf er að ræða í viðhaldi og viðgerðum á bifreiðum og flutninga- og afgreiðslutækjum ásamt búnaði.

Allar nánari upplýsingar veita:
Árni Ingimundarson í síma 550-9940
Birgir Pétursson í síma 550-9957

## Spennandi starf í boði í markaðsdeild HB Granda

HB GRANDI

### Sjávarútvegsfyrirtæki í fararbroddi

### Sölustjóri fyrir ferskan fisk

**Starfið felst í** umsjón með og ábyrgð á markaðssetningu og sölu á ferskum fiski frá vinnslum félagsins í Reykjavík, Akranesi og Vopnafirði. Sölustjóra er ætlað að verða gjörkunnugur markaðnum fyrir ferskan fisk, gera sölusamninga við kaupendur, skipuleggja flutninga á erlenda áfangastaði og sjá um samskipti og þjónustu við viðskiptavini.

**Leitað er að** einstaklingi með háskólamenntun á sviði viðskipta og/eða sjávarútvegsfræða. Æskilegt er að viðkomandi aðili hafi reynslu og/eða þekkingu á sjávarútvegi. Góð tölvukunnátta er skilyrði og þekking á Navision (Wise Fish) er kostur. Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku, talmáli og ritmáli, er skilyrði. Viðkomandi aðili þarf að vera duglegur og jákvæður og hafa áhuga á markaðsstarfi og samskiptum við aðila utan og innan fyrirtækisins.

**HB Grandi hf. er eitt stærsta sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi og hefur skipað sér í fremstu röð fyrirtækja á sínu sviði.**

**Reynsla og þekking í nýtingu auðlindar og framleiðslu sjávarafurða endurspeglast í öllu starfi HB Granda. Lögð er rík áhersla á háþróaða tækni við veiðar og vinnslu og stöðuga þróun framleiðslunnar. Fyrirtækið framleiðir verðmæta gæðavöru úr ferskum fiski sem aflað er úr hafinu við Ísland. Lögð er áhersla á góða umgengni um auðlindina og ábyrgar fiskveiðar.**

**HB Grandi stundar veiðar og vinnslu á botnfiski og uppsjávarfiski. Hjá fyrirtækinu starfa um 700 starfsmenn til sjós og lands. Afurðirnar eru seldar víða, en helstu markaðirnir eru í Evrópu, Norður- Ameríku og Asíu.**

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur@img.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildursif@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 26. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Sími 540 7100, mannafl@img.is
Skipagötu 16, 600 Akureyri, Sími 461 4440, www.mannafl.is
Strandgötu 53, 735 Eskifirði, Sími 540 7140, www.img.is

## Forritari í viðskipta-hugbúnaði

**Sterkt og framsækið hugbúnaðarfyrirtæki óskar eftir að ráða drífandi og metnaðarfullan einstakling í starf forritara.**

**Starfssvið:**
- Útgáfustjórnun og þróun eldri hugbúnaðarlausna
- Hönnun og forritun nýrra hugbúnaðarlausna
- Þarfagreining og prófanir

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði skilyrði
- A.m.k. tveggja ára starfsreynsla við hugbúnaðargerð skilyrði
- Þekking á C# og MS SQL skilyrði
- Reynsla af viðskiptahugbúnaði æskileg
- Skipulagshæfileikar og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi
- Hæfni til þess að vinna í hópi

**Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur@img.is) og Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 26. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Sími 540 7100, mannafl@img.is
Skipagötu 16, 600 Akureyri, Sími 461 4440, www.mannafl.is
Strandgötu 53, 735 Eskifirði, Sími 540 7140, www.img.is

jsó Járnsmiðja Óðins ehf.



# Járnsmiður/málmiðnaðarmaður.

## Fyrirtækið Járnsmiðja Óðins ehf

**Leitar að** járnsmið/málmiðnaðarmanni eða einstakling með svipaða starfsreynslu til starfa. Um framtíðarstarf er að ræða.
**Starfið** felst í fjölbreyttri nýsmíði og uppsetningum. Sjá heimasíðu fyrirtækisins www.jso.is.
**Áhersla** er lögð á frumkvæði, áreiðanleika,létta lund og þjónustulipurð auk sjálfstæðra vinnubragða og samstarfshæfni.
Haldbær reynsla af sambærilegu er kostur. Allur tækjabúnaður er góður og nýlegur. Reyklaus vinnustaður.
Umsóknarfrestur er til og með 10 apríl. Gengið verður frá ráðningu fljótlega. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.
**Nánari upplýsingar eru veittar í síma 557-9300.**

**ATVINNUMIÐLUN & STARFSMANNALEIGA**

**Erum með úrvals starfsfólk á skrá frá Póllandi.**

Sími **517 4530**
Netfang **intjob@intjob.is**

**INTJOB**
INTERNATIONAL JOB OPPORTUNITIES

# ERT ÞÚ SÉRFRÆÐINGUR Á OKKAR SVIÐI?

Straumur-Burðarás er sérhæfður fjárfestingabanki sem veitir stórum og meðalstórum fyrirtækjum á Íslandi og í Norður-Evrópu fjölbreytta fjármálaþjónustu. Markmið bankans er að búa yfir þeim sveigjanleika sem þarf til að aðlagast hratt að þörfum viðskiptavina okkar.

Vegna vaxandi umsvifa Straums-Burðaráss hérlendis sem erlendis leitum við eftir framúrskarandi einstaklingum til starfa við bankann.

Straumur-Burðarás
FJÁRFESTINGABANKI

## SÉRFRÆÐINGUR Í ÁHÆTTUSTÝRINGU

Starfið felst í stýringu á fjármálalegri áhættu bankans. Helstu verkefni felast í greiningu, líkanagerð og eftirliti með helstu áhættuþáttum bankans. Starfið krefst yfirsýnar og getu til að útfæra lausnir á kerfisbundinn hátt. Viðkomandi þarf að hafa frumkvæði, geta unnið sjálfstætt og undir álagi.

Menntunar- og hæfniskröfur:
» Meistaragráða í verkfræði eða öðrum raungreinum.
» Stærðfræðilega þenkjandi með hæfileika til að leysa flókin verkefni.
» Þekking á forritun og gagnagrunnum.
» Þekking á sviði fjármála er æskileg en ekki nauðsynleg.
» Hæfni til að koma frá sér upplýsingum í töluðu og rituðu máli.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Hilmar G. Hjaltason, hilmar@img.is og Guðríður Dröfn Hálfdánardóttir, gudridur@img.is hjá Mannafli – Liðsauka.
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á mannafl.is.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.
Umsóknarfestur er til og með 26. mars nk.

## SÉRFRÆÐINGUR Í EIGIN VIÐSKIPTUM

Starfið felst í greiningu fjárfestingarkosta, leit að fjárfestingartækifærum á norrænum verðbréfamörkuðum og annast fjárfestingar í eigin reikning bankans. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á fjármálamörkuðum, vera keppnismaður og geta unnið undir álagi.

Menntunar- og hæfniskröfur:
» Háskólagráða í hag-, verk- og/eða viðskiptafræði.
» Framhaldsmenntun kostur.
» Löggilding í verðbréfamiðlun æskileg.
» Þekking á viðskiptakerfum kauphallar æskileg.
» Reynsla af störfum á fjármálamarkaði.
» Góð hæfni í mannlegum samskiptum.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Hilmar G. Hjaltason, hilmar@img.is og Guðríður Dröfn Hálfdánardóttir, gudridur@img.is hjá Mannafli – Liðsauka.
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á mannafl.is.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.
Umsóknarfestur er til og með 26. mars nk.

## SÉRFRÆÐINGUR Á FYRIRTÆKJASVIÐI

Fyrirtækjasvið Straums-Burðaráss veitir sérhæfða fjárfestingarbankaþjónustu til íslenskra og erlendra fyrirtækja. Í starfinu felst meðal annars skráning félaga á markað, afskráning félaga af markaði, stjórnendakaup, uppskipting fyrirtækja, sameiningar eða hvers konar umbreytingar á fyrirtækjum innanlands sem og erlendis. Fyrirtækjasvið rekur tvær starfsstöðvar, í Reykjavík og Kaupmannahöfn.

Menntunar- og hæfniskröfur:
» Háskólagráða í viðskipta-, hag-, lög- og/eða verkfræði.
» Framhaldsmenntun og/eða starfsreynsla á fjármálamarkaði er æskileg.
» Þekking á sviði samruna og yfirtöku, greiningu ársreikninga og viðskiptatækifæra mikilvæg.
» Skilningur á helstu aðferðum við verðmat fyrirtækja.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Albert Arnarson hjá Hagvangi í síma 520 4700 eða albert@hagvangur.is.
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á hagvangur.is.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.
Umsóknarfestur er til og með 26. mars nk.

## SÉRFRÆÐINGUR Á LÁNASVIÐI

Lánasvið Straums-Burðaráss býður upp á ýmsa lánsfjármögnunarkosti fyrir fyrirtæki, s.s almenn lán, víkjandi lán og millilagsfjármögnun. Starfið felst m.a í að fjármagna hefðbundin fyrirtækjakaup og skuldsettar yfirtökur, endurfjármagna fyrirtæki og endurskipuleggja rekstur. Áhersla er lögð á að veita viðskiptavinum bankans framúrskarandi ráðgjöf og þjónustu sem sérsniðin er að þörfum þeirra.

Menntunar- og hæfniskröfur:
» Háskólagráða í viðskipta- eða verkfræði, eða sambærileg menntun.
» Framhaldsmenntun er æskileg.
» Mjög góð enskukunnátta í ræðu sem riti er nauðsynleg.
» Starfsreynsla úr fjármálageiranum og/eða á lánasviði.
» Færni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði.

Gera þarf ráð fyrir ferðalögum erlendis.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Albert Arnarson hjá Hagvangi í síma 520 4700 eða albert@hagvangur.is.
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á hagvangur.is.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.
Umsóknarfestur er til og með 26. mars nk.

GOTT FÓLK McCANN

Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki » Borgartún 25 » 105 Reykjavík » sími 580 9100 » fax 580 9101 » straumur.net

| | | |
|---|---|---|
| Esso<br>Ráðgjafi seljanda<br>Febrúar 2006 | sena<br>Ráðgjafi seljanda<br>Febrúar 2006 | Hertz<br>Ráðgjafi seljanda<br>Febrúar 2006 |
| SECURITAS<br>Ráðgjafi seljanda<br>Janúar 2006 | AMERICAN SEAFOODS GROUP<br>Ráðgjöf vegna yfirtöku stjórnendateymis<br>USA · Febrúar 2006 | FALCONFORCE LTD<br>Ráðgjafi kaupanda<br>Bretland · Janúar 2006 |

# FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF GLITNIS LEITAR AÐ STARFSFÓLKI

Árið 2005 var mjög gott ár hjá **Fyrirtækjaráðgjöf Glitnis**. Mörgum stórum verkefnum hefur verið lokið það sem af er árinu 2006 og stefnir í einstakan árangur á árinu.

Fyrirtækjaráðgjöf Glitnis leitar eftir fólki í eftirtalin störf:

## VERKEFNASTJÓRI

Í starfi verkefnastjóra felst að leiða ráðgjafarverkefni fyrir þá viðskiptavini bankans sem huga að kaupum, sölu eða samruna fyrirtækja, skráningu á skipulegan verðbréfamarkað eða hlutafjáraukningu bæði á Íslandi og erlendis.

**Hæfniskröfur:** Reynsla úr atvinnulífinu er nauðsynleg auk menntunar á sviði viðskipta, hagfræði, verkfræði eða lögfræði.

## LÖGFRÆÐINGUR

Í starfi lögfræðings í Fyrirtækjaráðgjöf felst, auk víðtækrar þátttöku í verkefnum deildarinnar, gerð ráðgjafarsamninga við viðskiptavini, skjalagerð í tengslum við kaup, sölu eða samruna fyritækja, skjalagerð í tengslum við skráningar á skipulegan verðbréfamarkað og önnur samskipti við Kauphöll Íslands.

**Hæfniskröfur:** Þekking á félagarétti, kauphallarrétti og reglum fjármálamarkaðarins auk þekkingar á skattarétti. Starfsreynsla nauðsynleg.

## GREININGARMAÐUR

Í starfi greiningarmanns felst fjármálagreining fyrirtækja, mat á rekstrarumhverfi þeirra, undirbúningur og framsetning á kynningarefni auk almennrar þátttöku í verkefnum deildarinnar.

**Hæfniskröfur:** Háskólapróf er nauðsynlegt og starfsreynsla æskileg.

Nánari upplýsingar gefur Örn Gunnarsson, forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar Glitnis, orn.gunnarsson@glitnir.is, sími 440 4536. Umsóknir óskast fylltar út á www.glitnir.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá. Tengiliður í starfsmannaþjónustu er Sigrún Ólafsdóttir, sigrun.olafs@glitnir.is, sími 440 4172. Umsóknarfrestur er til 27. mars næstkomandi.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 66° NORÐUR<br>Ráðgjafi kaupanda<br>Janúar 2005 | VSÓ RÁÐGJÖF<br>Ráðgjafi seljanda<br>Febrúar 2005 | Orkan<br>Ráðgjafi kaupanda<br>Febrúar 2005 | Budget<br>Yfirtaka á<br>AVIS<br>Maí 2005 | Yfirtaka (MBO)<br>ISB Integrated Finance<br>Danmörk, júní 2005 | Yfirtaka og afskráning<br>Júní 2005 |
| actavis<br>Ráðgjöf v. hluta-fjárútboðs<br>Júní 2005 | ÍSLANDSBANKI<br>Sala á<br>SJÓVÁ<br>Júlí 2005 | Ráðgjafi seljanda (Jarðboranir)<br>Ágúst 2005 | NORVIK<br>Yfirtaka á<br>Bretland, ágúst 2005 | Gasfélagið<br>Ráðgjafi kaupanda<br>September 2005 | FPI<br>Yfirtaka á<br>THE SEAFOOD COMPANY<br>Bretland, sept. 2005 |
| Merlin<br>Yfirtaka<br>Danmörk, sept. 2005 | ATLANTIS<br>Ráðgjöf við kaup á Kali Tuna<br>Króatía, okt. 2005 | PREMIER FOODS<br>Sala á te-rekstri til<br>Bretland, okt. 2005 | office line<br>Yfirtaka<br>Noregur, nóv. 2005 | Yfirtaka stjórnendateymis<br>Danmörk, des. 2005 | IMG<br>Yfirtaka á KPMG ráðgjöf<br>Danmörk, des. 2005 |

GLITNIR

# Umsjónarmaður upplýsingakerfa

**Aðföng og Hýsing -Vöruhótel óska eftir að ráða umsjónarmann upplýsingakerfa fyrirtækjanna.**

AÐFÖNG

HÝSING

*Hýsing er vöruhótel sem sér um lagerhald á vörum viðskiptavina sinna. Í því felst meðhöndlun vara sem viðskiptavinir Hýsingar selja í búðum sínum, frá því að innkaup hafa átt sér stað, þar til vörur eru sendar í viðkomandi verslun. Þannig tekur Hýsing að sér tollafgreiðslu, móttöku, meðhöndlun, lagerhald og afgreiðslu fyrir viðskiptavini sína.*

*Aðföng er þjónustufyrirtæki sem rekur innkaupadeild, vöruhús og vörudreifingu fyrir matvöruverslanir Haga.*

**Starfssvið**

- Framfylgja upplýsingastefnu og öryggisstefnu fyrirtækjanna
- Skjölun viðskiptaferla og viðhald skjala
- Grunnþjónusta við notendur í helstu upplýsingakerfum
- Rekstrarumsjón upplýsingakerfa
- Verkefnastjórnun

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun, t.d. viðskiptafræði, tölvunarfræði eða verkfræði
- Mjög góð innsýn og áhugi á upplýsingatækni
- Reynsla af verkefnastjórnun upplýsingatækniverkefna
- Reynsla af innleiðingu upplýsingakerfa
- Góð þekking og reynsla af greiningarvinnu og skjölun
- Góð þekking á MBS Navision og eða öðrum ERP kerfum
- Innsýn í ferli aðfangakeðjunnar (supply chain management) sem og almenn viðskiptaferli
- Skipulögð, nákvæm og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði, metnaður og framúrskarandi samskiptahæfni
- Hæfni til að vinna í krefjandi og breytilegu umhverfi
- Góð enskukunnátta

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 27. mars nk.
Númer starfs er **5319**.
Upplýsingar veitir Guðný Sævinsdóttir. Netfang: gudny@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík
Sími 520 4700 • Fax 520 4701
www.hagvangur.is



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

# Sumarafleysingar í lögreglu árið 2006

Auglýst er eftir nokkrum lögreglumönnum vegna sumarafleysinga. Þeir verða ráðnir hjá flestum embættum á landinu, en þessi auglýsing gildir þó ekki fyrir Reykjavík, Kópavog og Hafnarfjörð, þar sem nemar Lögregluskóla ríkisins munu verða þar í starfsþjálfun. Nánari upplýsingar um þörf á afleysingamönnum hjá einstaka embættum fást hjá viðkomandi embættum.

Auglýst er eftir lögreglumönnum sem hafa útskrifast frá Lögregluskóla ríkisins, en náist ekki að manna allar stöður menntuðum lögreglumönnum er heimilt að ráða ófaglærða menn til afleysinga og skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. mgr. 38. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 og þurfa að standast inntökupróf, hafi þeir ekki starfað við afleysingar innan árs frá því að þeir hefja störf að nýju.

Áður en afleysingamenn, sem ekki hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins, hefja störf, þurfa þeir að sitja undirbúningsnámskeið, hafi þeir ekki starfað áður í lögreglu. Inntökupróf fyrir þá sem uppfylla almenn skilyrði verða haldin hjá Lögregluskóla ríkisins, en nánari tímasetning ákveðin síðar. Prófin gilda ekki sem inntökupróf í Lögregluskóla, skv. ákvörðun skólanefndar frá 28. 10. 2003.

Námskeið fyrir sumarafleysingamenn og héraðslögreglumenn verða haldin síðari hlutann í maí, nánari tímasetning og staðsetning verður ákveðin síðar.

**Umsóknum skal skilað til viðkomandi embættis fyrir 3. apríl 2006 á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum, annars vegar fyrir þá sem lokið hafa prófi frá Lögregluskólanum og hins vegar fyrir þá sem ekki hafa próf frá Lögregluskólanum. Einnig er hægt að nálgast eyðublöðin á lögregluvefnum, www.logreglan.is ,undir liðnum Eyðublöð. Nánari upplýsingar um inntökuprófin er hægt að nálgast á lögregluvefnum undir Lögregluskóli ríkisins / Inntaka nýnema.**

***Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.***

**Reykjavík, 10. mars 2006**
**Ríkislögreglustjórinn**



# Aðalbókari

**HB Grandi óskar að ráða aðalbókara.**

HB GRANDI

*HB Grandi hf. stundar veiðar og vinnslu á botnfiski og uppsjávarfiski. Félagið gerir út 15 skip og er með starfsemi í Reykjavík, á Akranesi og á Vopnafirði. Hjá félaginu starfa um 700 starfsmenn til sjós og lands. Afurðirnar eru seldar víða, en helstu markaðirnir eru í Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu.*

*Sjá nánar á* www.hbgrandi.is

**Ábyrgðar- og starfssvið**

- Yfirumsjón og ábyrgð á færslu og vinnslu bókhalds.
- Umsjón með rekstraruppgjörum og áætlanagerð í samráði við fjármálastjóra.
- Skýrslugerð, upplýsingavinnsla og innra eftirlit.

**Menntun og hæfniskröfur**

- Viðskiptafræðimenntun af endurskoðunarsviði.
- Starfsreynsla af endurskoðun.
- Þekking á Navision Financials og góð almenn tölvuþekking.
- Mikil samskiptahæfni og frumkvæði.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 28. mars nk.
Númer starfs er **5344**.

Upplýsingar veita Þórir Þorvarðarson og Kristín Guðmundsdóttir.
Netföng: thorir@hagvangur.is, kristin@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík
Sími 520 4700 • Fax 520 4701
www.hagvangur.is



EFNALAUGIN BJÖRG
EFNALAUG · ÞVOTTAHÚS
Háaleitisbraut 58-60 · Sími 553 1380

**EFNALAUGIN BJÖRG, Háaleitisbraut óskar eftir að ráða starfsmann í móttöku og afgreiðslu. Um fullt framtíðarstarf er að ræða. Góð laun eru í boði. Nánari upplýsingar á staðnum.**

*EFNALAUGIN BJÖRG er rúmlega 50 ára gamalt fyrirtæki sem kappkostar að vera fremst á sínu sviði. Áratuga reynsla starfsmanna skapar þá þekkingu og þjónustu sem Efnalaugin Björg veitir viðskiptavinum sínum.*



SÁÁ

# Áfengisráðgjafar

Auglýst eru laus störf áfengis og vímuefnaráðgjafa hjá Samtökum áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann. Um er að ræða áhugaverð störf er hefjast með 2ja ára starfsþjálfun sem fram fer á Sjúkrahúsinu Vogi og öðrum meðferðarstöðvum SÁÁ. Unnið er á vöktum á öllum starfsstöðvum SÁÁ. Upplýsingar um störfin gefur Magnús K. Einarsson magnus@saa.is sími 824 7601

Umsóknaeyðublöð eru hjá móttökuriturum á Vogi
Umsóknir berist SÁÁ, Stórhöfða 45, 112 Reykjavík í síðasta lagi 31. mars 2006 (eldri umsóknir óskast endurnýjaðar)





## ADR meiraprófsbílstjórar óskast

**Atlantsolía leitar eftir** traustum og áreiðanlegum bílstjóra með ADR-réttindi. Leitað er eftir bílstjóra til framtíðarstarfa.

**Atlantsolía** hóf að selja bensín til almennings 8. janúar 2004 en hjá fyrirtækinu starfa 14 manns. Atlantsolía rekur 6 bensínstöðvar auk þess að vera eina olíufélagið sem býður Dælulykla til almennings.

**Áhugasamir hafi samband við Geir Sæmundsson í síma 825-3133 eða sendi póst á geir@atlantsolia.is.**

pipar / SÍA / 6630

ATLANTSOLÍA




**CCP er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu og áskriftarsölu á stafrænni afþreyingu gegnum Internetið. CCP var stofnsett 1997 og fyrsta vara fyrirtækisins er leikurinn EVE-Online. CCP óskar eftir starfsfólki í eftirtalin störf:**

## GAGNAGRUNNSKERFISSTJÓRI

Starfið felst í rekstri á gagnagrunnum. CCP rekur stóran gagnagrunn undir tölvuleiknum EVE-Online, auk gagnagrunna til prófunar og fyrir innri þróun. Allir gagnagrunnarnir eru Microsoft SQL Server 2000 og 2005.

**Hæfniskröfur:**

- Umfangsmikil þekking á gagnagrunnum og reynsla af Microsoft SQL Server
- Geta talað, lesið og skrifað góða ensku. Vera samviskusamur, skipulagður og með hæfileika í mannlegum samskiptum

## MARKAÐSSTJÓRI - EVRÓPA

Starfið felst í yfirumsjón með markaðsstarfi í Evrópu fyrir tölvuleikinn EVE-Online ástamt umsjón með almannatengslum í Evrópu og þróun nýrra markaða í Evrópu.

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af markaðs- og kynningarstarfi og reynsla af samskiptum við erlenda aðila
- Góð enskukunnátta, bæði tal- og ritmál. Þýsku og frönskukunnátta er kostur
- Góð tölvukunnátta og þekking á samningagerð. Þarf að geta starfað sjálfstætt og í hóp

## KERFISSTJÓRI/NETSTJÓRI

Starfið felst í uppsetningu og rekstri upplýsingakerfa CCP og EVE-Online með sérstakri áherslu á netrekstur.

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**

- Framúrskarandi þekking og mikil reynsla af netbúnaði. Góð þekking á BGP, SLB og öðrum Internet stöðlum
- Haldbær þekking á MS Windows Server umhverfi. Cisco CCNA eða sambærileg gráða er skilyrði
- Góð enskukunnátta, bæði tal- og ritmál. Kostur ef viðkomandi hefur einhverja reynslu af tölvuleiknum EVE-Online

## UPPLÝSINGAFRÆÐINGUR/VEFFORRITARI

Starfið felst í að annast innra upplýsingakerfi fyrirtækisins. Í þessu felst bæði tækniley umsýsla, þ.e. rekstur og viðbætur við kerfið, ásamt því að annast skipulag á upplýsingunum í kerfinu og almenn ritstjórn. Að grunni til er upplýsingarkerfið svo kallað "Wiki" kerfi og þar fer öll grunnhönnun CCP á leikjum fyrirtæksins fram.

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**

- Menntun á sviði bókasafnsfræði, upplýsingatækni eða vefvinnslu æskileg. Góð enskukunnátta, bæði tal- og ritmál
- Reynsla af vef umsýslu eða uppsetningu, t.d. heimasíðugerð með HTML, CSS, PHP, JavaScript

## VEFFORRITARI

Starfið felst í hönnun og útfærslu á vefum og kerfum tengdum tölvuleikjum fyrirtækisins í krefjandi umhverfi.

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**

- Framúrskarandi þekking á HTML, CSS, ASP / ASP.NET og JavaScript . BSc próf í tölvunarfræði er kostur
- Góð þekking á T-SQL og almennum gagnagrunnsfræðum. Þekking á Python og Ajax er kostur
- Góð enskukunnátta, bæði tal og ritmál. Kostur ef að viðkomandi hefur einhverja reynslu af tölvuleiknum EVE-Online

Umsjón með starfsumsóknum hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@img.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildursif@img.is) hjá Mannafli-Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 28. mars nk. Með umsóknum skal fylgja ferilskrá. Umsækjendur sæki um störfin á heimasíðu Mannafls-Liðsauka, www.mannafl.is

CCP

# Lögfræðingur

**Lyfjastofnun óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa. Lögfræðingur heyrir undir deildarstjóra Lögfræðideildar. Um fullt starf er að ræða. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fyrir 1. júní n.k.**

## Helstu verkefni lögfræðideildar:

- Lögfræðilegar álitsgerðir fyrir stofnunina.
- Undirbúningur og vinna við tillögur að endurskoðun eða breytingu á lögum og reglugerðum.
- Túlkun og skýring laga og reglugerða eða annarra stjórnsýslufyrirmæla
- Umsjón með dómsmálum, kvörtunum og kærum, þ.m.t. stjórnsýslukærum til æðra stjórnvalds (heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis).
- Lögfræðileg úrlausn mála er hafa íþyngjandi áhrif í för með sér (leyfissvipting, áminning, synjun)
- Þátttaka í fræðslu um löggjöf er varðar starfsemi stofnunarinnar.
- Þátttaka í erlendu samstarfi
- Þátttaka í nefndarstörfum og störfum vinnuhópa

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Embættispróf eða meistarapróf í lögfræði
- Hæfileiki til samskipta
- Sjálfstæði í störfum
- Tungumálakunnátta; enska og eitt Norðurlandatungumál

Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Stéttarfélags lögfræðinga.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Umsjón með starfsumsóknum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur@img.is) og Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

| | | |
|---|---|---|
| Borgartúni 27 | Skipagötu 16 | Strandgötu 53 |
| 105 Reykjavik | 600 Akureyri | 735 Eskifirði |
| Sími 540 7100 | Sími 461 4440 | Sími 540 7140 |
| mannafl@img.is | www.mannafl.is | www.img.is |

# Sölumaður

SMITH & NORLAND

564410

Smith & Norland óskar eftir sölumanni í verslun sína.

- Starfið felur í sér sölu og kynningu á heimilistækjum, símtækjum og lýsingarbúnaði. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 10:00-18:00 og helgarvinna eftir samkomulagi.
- Leitað er að röskum einstaklingi með góða almenna menntun sem hefur áhuga á sölustörfum og mannlegum samskiptum. Góð framkoma, snyrtimennska og reglusemi eru skilyrði.

Ráðið verður í starfið strax.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is ATVINNUMIÐLUN

# Verkefnalóðs

Landsvirkjun

**Landsvirkjun óskar eftir að ráða verkefnalóðs á tæknideild orkusviðs.**

Orkusvið ber ábyrgð á orkuvinnslu Landsvirkjunar og sölu á rafmagni bæði á almennum markaði og til stóriðju. Rekstur virkjana heyrir undir orkusvið. Tæknideild orkusviðs annast öll meiriháttar viðhaldsverkefni og fjárfestingar í aflstöðvunum. Deildin er rekin á verkefnagrunni og verkefnalóðsinn hefur yfirumsjón með verkefnaskrá tæknideildar og fylgist með framvindu verkefnanna. Lóðsinn leiðbeinir verkefnastjórum deildarinnar við gerð verkefnaáætlana og eftirfylgni þeirra og er þeim til faglegs ráðuneytis og stuðnings um stjórnun verkefna. Verkefnalóðs heyrir undir tæknistjóra orkusviðs með aðsetur að Háaleitisbraut 68 Reykjavík.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun æskileg
- Verkefnastjórnunarþekking og reynsla
- Frumkvæði, skipulag og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum, geta til að leiða og taka þátt í uppbyggilegu hópstarfi ásamt hæfni til að miðla og leiðbeina
- Gott vald bæði á íslensku og ensku í rit- og talmáli, sem og hæfni til tjáningar
- Reynsla á sviði áætlunargerðar og gæðastjórnunar

**Í boði er:**

- Fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar

**Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um starfið.**

Landsvirkjun ásamt dótturfyrirtækjum, er í hópi stærstu fyrirtækja landsins með heildareignir um 170 milljarða króna og ársveltu um 15 milljarða. Forgangsverkefni fyrirtækisins eru m.a. þátttaka í breytingum á skipulagi orkumála, þróun vöru og þjónustu til að tryggja stöðu Landsvirkjunar á orkumarkaði og efling gæða- og umhverfisstjórnunar. Mikil áhersla er lögð á mannaflastjórnun með áherslu á þekkingarstjórnun, fjölskylduvænt starfsumhverfi, jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugura@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

| | | |
|---|---|---|
| Borgartúni 27 | Skipagötu 16 | Strandgötu 53 |
| 105 Reykjavik | 600 Akureyri | 735 Eskifirði |
| Sími 540 7100 | Sími 461 4440 | Sími 540 7140 |
| mannafl@img.is | www.mannafl.is | www.img.is |

# Stöðvarvörður Sogssvæði

Landsvirkjun

**Landsvirkjun óskar eftir að ráða stöðvarvörð á Sogssvæði. Sogssvæði heyrir undir rekstrardeild á orkusviði Landsvirkjunar.**

Aflstöðvar Landsvirkjunar við Írafoss, Ljósafoss og Steingrímsstöð ásamt veitumannvirkjum tilheyra Sogssvæði. Þá heyrir Gasaflsstöðin í Straumsvík undir Sogssvæði.
Starfsstöð viðkomandi starfsmanns er við Írafoss. Viðkomandi má vænta þess að vinna utan Sogssvæðis eins og verkefnastaða á orkusviði segir til um á hverjum tíma.

**Starfssvið:**

- Vinna við eftirlit og viðhald aflstöðva og veitumannvirkja á svæðinu.
- Vinna við eftirlit og viðhald spennistöðva á svæðinu.
- Ýmis verkefnabundin vinna á fagsviði.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Tæknimenntun á rafmagnssviði.
- Frumkvæði, skipulag og sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum

**Í boði er:**

- Fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar

Landsvirkjun, ásamt dótturfyrirtækjum, er í hópi stærstu fyrirtækja landsins með heildareignir á um 170 milljarða og ársveltu um 15 milljarða.
Forgangsverkefni fyrirtækisins eru þátttaka í breytingum á skipulagi orkumála, þróun vöru og þjónustu til að tryggja stöðu Landsvirkjunar á orkumarkaði og efling gæða- og umhverfisstjórnunar. Áhersla er lögð á stjórnun mannafla og þekkingar, fjölskylduvænt starfsumhverfi, jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

**Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildursif@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl nk. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

| | |
|---|---|
| Laugavegi 170 | Skipagötu 16 |
| 105 Reykjavik | 600 Akureyri |
| Sími 540 7100 | Sími 461 4440 |
| mannafl@img.is | www.mannafl.is |

**BLIKKSMIÐIR / AÐSTOÐARMENN**

Blikksmiðja á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða blikksmiði, menn vana járniðnaði og aðstoðarmenn.
*Upplýsingar í síma 588-4933 eða 660-2930.*

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

ALHJÚKRUN

# Alhjúkrun ehf.

## Áhugaverð störf

Vegna aukinna verkefna óskar Alhjúkrun ehf eftir að ráða í eftir talin störf. Mikilvægt er að starfsmenn geti unnið sjálfstætt, hafi frumkvæði, eigi auðvelt með að hitta og kynnast nýju fólki, færni í samskiptum. Í boði er sveigjanlegur vinnutími, sniðin að þínum vinnuþörfum. Góð laun.

**Hjúkrunarfræðingar, Sumarvinna, Til framtíðar, Allar vaktir,**
**Verksvið: Öldrunarsvið, Geðsvið, Rannsóknarverkefni**

**Sjúkraliðar, Sumarvinna, Til framtíðar, Allar vaktir**
**Verksvið: Öldrunarsvið**

**Félagsliðar, Sumarvinna, Til framtíðar**
**Verksvið: Öldrunarsvið**

Alhjúkrun ehf verið starfandi í 4 ár, er ört vaxandi þjónustufyrirtæki á heilbrigðissviði með starfsemi sína á stórreykjavíkursvæði og landsbyggðinni. Upplýsingar veitir Dagmar Jónsdóttir framkvæmdastjóri í sima 820-4962. Dagmar @alhjukrun.is www.alhjukrun.is



# Starf í tölvudeild

HAFNARFJÖRÐUR

**Hafnarfjarðabær óskar eftir kerfisstjóra í tölvudeild. Næsti yfirmaður er deildarstjóri tölvudeildar. Starfið er í mótun og bíður upp á mikla möguleika í starfsþróun.**

**Verksvið:**
- Notendaþjónusta og verkefni sem varða netumsjón og netþjóna

Starfsmaðurinn mun vinna með tölvuumsjónarmönnum skólanna í Hafnarfirði auk þess að vinna með og aðstoða almenna notendur tölvukerfanna. Hann vinnur líka að uppsetningum á nýjum og notuðum tölvum og uppsetningum á notendaforritum. Auk þessa koma til verkefni við viðhald á tölvum og tengdum búnaði.

Viðkomandi þarf að búa yfir mikilli þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum. Hafa hæfni til þess að vinna sjálfstætt og undir álagi.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á tölvusviði æskileg
- Microsoft prófgráður skilyrði
- Reynsla af uppsetningu útstöðva og tengdra tækja nauðsynleg
- Þekking og reynsla active directory
- Góð ensku- og tölvukunnátta

**Reynsla af umsjón og vinnu við eftirfarandi kerfi er æskileg:**
- Windows 2003 netþjóna
- Exchange
- MSSQL
- Unix/Linux

Hreinræktaðir fallegir og mjög góðir Sómalí kettlingar til sölu. Uppl. í s. 698 2550 & 659 0887.

Til sölu hreinræktaðir Chihuahua hvolpar. Uppl. í s. 894 7324 & 464 2324.

1 sæt 11 vikna Púðla stelpa til sölu, ormahreinsuð, örmerkt og sprautuð. Uppl. í síma 861 4910.

Okkur vantar gott heimili fyrir 2 ára gamla læðu, hvít og dökk bröndótt að lit. Upplýs. Ásta 864-8003

## Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Vorum að taka upp '06 árgerð. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 mvehf@hive.is.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög

**Spánn-leiga**
Fallegt raðhús fyrir sunnan Alicante til leigu. Uppl. í síma 822 3860.

## Gisting

**Gisting á spáni.**
Íbúð til leigu í Barcelona, Costa Brava og Menorca. Uppl. í s. 899 5863 & http://helenjonsson.ws.

## Byssur

**Aðalfundur SKOTVÍS**
Aðalfundur Skotveiðifélags Íslands verður haldinn mánudaginn 20. febrúar 2006 kl. 20:00 í Ráðhúskaffi. Venjuleg aðalfundarstörf. Afhending gullmerkis SKOTVÍS. Kynning á skothermi.
**Stjórnin**

## Fyrir veiðimenn




## Hestamennska



**Fákskonur!**
Kvennakvöld Fáks verður haldið laugardaginn 4. mars í Félagsheimili Fáks. Miðasala fer fram í Félagsheimilinu laugardaginn 25. febrúar kl. 10-13 og miðvikudaginn 1. mars kl. 19-21. Þema kvöldsins er KARLMENN! Miðaverð: Konumiði kr. 5.800,- , konumiði + karlamiði kr. 6.800,- , stakur miði sem gildir frá kl. 24:00 kr. 1.500,- . Takmarkaður fjöldi miða. Ekki verður hægt að kaupa miða við innganginn þann 4. mars.
**Stjórn Kvennadeildar Fáks.**

## Ýmislegt



Vandað sjö feta pool borð frá breska framleiðandanu BCE. Verð 119.000. 20%afsláttur. Tilboð 95.200 kr. Sportdeildin Bæjarlind 1. Sími 577 4040.

Bingó í kvöld. allir velkomnir. Vinabær.

Bingó í kvöld. Vinabær.

Bingó í kvöld kl. 19:15. Vinabær, Skipholti 33

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði



**Golf á Spáni.**
Glæsihús fyrir 6 manns til leigu við golfvöll, stutt á ströndina. Á sama stað er íbúð til leigu til lengri tíma. Uppl. í s. 896 6773 & 566 7732.

Herbergi til leigu í vesturbænum, með aðgangi að eldhúsi og baði. Uppl. í síma. 892 9512.

Til leigu 110 fm íbúð, auk stæðis í bílageymslu í nýlegu lyftuhúsi við Lækjargötu. Íbúðin er fullbúin húsgögnum. Uppl. í s. 824 9092, Óskar.

Til leigu glæsileg, glæný 5 herb. útsýnisíbúð, m.bílast. í kjallara. Er á Völlunum í Hfj. Laus strax. Áhugasamir sendi uppl. um leigutilhugun, greiðslugetu og aðrar uppl. á vellir@visir.is. Farið verður með innsendar uppl. sem trúnaðarmál.

Björt 2, herb. 50. fm. íbúð til leigu í Seljahverfi til 1. júlí. 60. þús, kr. á mán með öllu. Sér inngangur, reyklaus, ekki gæludýr. laus. sími 557 3336 & 895 6334.

Dugguv. Nýuppgerð stúdíóíbúð 30 fm. Baðkar, þvottaaðstaða, internet, rafmagn og hiti innifalið. 55 þús. Uppl í s. 824 5266.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 3ja-4ra herbergja íbúð fyrir 3ja manna fjölskyldu frá og með 1. júni, helst á svæði 109. Uppl. í s. 894 4230.

Rúmlega 40 ára kona óskar eftir einstaklings eða 2ja herb. íbúð í Reykjavík. Reglusemi og skilvísar greiðslur. Uppl. í s. 867 3652.

3 manna fjölskylda óskar eftir sérbýli til leigu. Uppl. í s. 893 1712.

Par með eitt barn óskar eftir 3 til 4 herb. íbúð. Eru reglusöm og snyrtileg. Skilvísum greiðslum heitið. Helst á 104, ekki nauðsyn. Uppl í s. 660 2829 og 567 5399

## Sumarbústaðir

Gestahús (sumarbústaðir) einn 15 m2 og annar 20 m2. Tilbúinir til flutnings af höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í síma 695 9600.

Jötul kamína óskast til kaups. Upplýsingar í síma 892 0906.

## Atvinnuhúsnæði

Vantar iðnaðarhúsnæði 90-120 fm fyrir lager, verkstæði og skrifstofu. S. 898 3427, Loftnet og tæknikerfi ehf.

Skrifstofuherbergi, 2 vönduð herbergi 25 fm og 13 fm, sameiginleg kaffiaðstaða, WC, sanngjarnt leiguverð, uppl. í s. 664 7099.

**Dalshraun í Hfj.**
Til leigu 120 fm, iðnaðarhúsnæði í kjallara. Innkeyrslu hurð. Laust strax. Uppl. í s. 895 3000.

## Geymsluhúsnæði




Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Bakarí.**
Starfsfólk óskast í afgreiðslu í bakaríið Langarima. Einnig vantar í pökkun og útkeyrslu.
**Uppl. í s. 898 5277, Lovísa.**

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvísiptar vaktir.
**Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

aktu taktu

**Vantar þig góða vinnu með "hinni vinnunni" eða skólanum?**
Viltu vinna með skemmtilegu fólki á Aktu Taktu Mjódd? Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf í afgreiðslu. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Kvöldvinna í boði. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. **Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 533 1048, milli 8:30-17:00.-**




**LAUS STÖRF Í SAL**
Vilt þú vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað? American Style á Bíldshöfða og í Hafnarfirði leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf í sal. Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga. **Umsóknareyðublöð fást á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 892 0274 milli 8:30-17:00.**

**Leikskólinn Skerjagarður Bauganesi 13, 101 Reykjavík**
Sem starfar eftir Reggio Emilia með megin áherslu á könnunaraðferðina óskar eftir leikskólakennara eða vönum starfsmanni í fullt starf sem fyrst.
**Upplýsingar gefa Ella og Sóldís í s. 551 8088 eða 822 1919.**

ALEFLI BYGGINGAVERKTAKAR
Óskum eftir að ráða bílstjóra á sendibíl. Uppl. í s. 660 4472, Magnús.

**Loftorka Reykjavík**
Loftorka óskar eftir að ráða bifvélavirkja á verkstæði sitt. Leitað er eftir vönum manni með reynslu í viðgerðum vörubíla og vinnuvéla. Fyrirtaks vinnuaðstaða. Fæði á staðnum og heimkeyrsla. Einungis er leitað að manni með réttindi.
**Upplýsingar hjá Brynjólfi Brynjólfssyni verkstæðisformanni í síma 565 0876.**

Læknablaðið
Blaðamaður Læknablaðið auglýsir eftir blaðamanni til starfa sem fyrst. Um er að ræða 50-75% starfshlutfall eftir samkomulagi. Starfið felst í ritun greina, viðtala o.þ.h. um málefni sem tengjast heilbrigðisþjónustu. Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á umbroti og prentvinnslu. Góð íslenskukunnátta er skilyrði. Umsækjendur með háskólapróf njóta forgangs. Launakjör eru samningsatriði, en um starfskjör fer að öðru leyti eftir samningi Blaðamannafélags Íslands. Umsóknarfrestur til 27. febrúar 2006. Umsóknir berist Læknablaðinu, Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi, merkt "blaðamennska". Nánari upplýsingar gefur Védís Skarphéðinsdóttir, ritstjórnarfulltrúi Læknablaðsins, vedis@lis.is.

**Mosfellsbakarí**
Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutíminn er frá 13:00-18:30 virka daga og einn dag aðra hverja helgi frá 7:30 - 16:30.
**Nánari upplýsingar veitir Ellisif í síma 553 5280 eða 660 2153.**

**Vantar þig vinnu með skólanum?**
Mosfellsbakarí, Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir glaðlyndu og duglegu skólafólki til að vinna um helgar og/eða virka daga frá 15:00-18:30.
**Áhugasamir geta haft samband við Ellisif í síma 660 2153 eða 553 5280.**

Leikskólinn Sælukot óskar eftir leikskólakennara eða starfskrafti með uppeldismenntun í fullt starf. Leikskólinn er lítill og heimilislegur, einkarekinn skóli þar sem aðaláherlsa er lögð á jóga, slökun, listræna sköpun og tjáningu. Í skólanum er eingöngu borðað grænmetisfæði, að mestu leiti lífrænt ræktað. Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 562 8533.

**Kassastarfsmaður**
Bónus vantar starfsmenn til afgreiðslu á kassa í verslunum fyrirtækisins á Seltjarnarnesi, Faxafeni og Smiðjuvegi í Kópavogi í fullt starf og hlutastarf. Áhugasamir geta sótt um í verslunum eða á www.bonus.is.

**Byggingarfélag**
Óska eftir smiðum í byggingarvinnu (úti). Upplýsingar í síma 893 9722.

Söluturn og videóleiga á Grensásvegi óskar eftir hressu og ábyrgu starfsfólki á kvöld og helgarvaktir. Yngri en 18 koma ekki til greina. Hentar vel með skóla. Uppl. í síma 846 1797.

**Nonnabiti**
Starfskraftur óskast í fullt starf. Reyklaus. Uppl. í s. 899 1670 & 586 1840 eða á staðnum Nonnabita Hafnarstræti 11.

**Starfsmaður óskast**
Á verkstæði okkar, mikil vinna framundan. Víkurvagnar ehf. s. 822 8808.

Garðyerkjumaður eða vanur maður í hellulagningu og skyld störf. Framtíðarstarf eða til styttri tíma. Ágæt laun fyrir réttan aðila. Uppl. í s. 863 0711.

Óska eftir að ráða vanan vélamann á hjólagröfu og beltavél. Meirapróf kostur. Uppl. í s. 899 0012.

Starfskraftur óskast í lagnavinnu, yfirborðsfrágang, smíðar og. fl. Uppl. í s. 895 8763.

**Húsameistari**
Óska eftir að ráða húsameistara sem verkstjóra í verki út árið. Góð laun í boði. S. 895 8763.

## Atvinna óskast

AWM VINNUMIÐLUN

**Byggingaverktakar**
Mjög mikil reynsla við að finna rétta menn fyrir fyrirtæki. Okkar bresku menn eru mjög hæfir. Tekur aðeins 2 vikur að fá þá hingað. Smiðir, vélamenn, kranamenn, logsuðumenn og fleira.
**Upplýsingar í síma 533 3777.**

Tvítug stúlka óskar eftir vinnu fyrri part dags. Er í öldungadeild. Uppl. í 846 3063.

## Viðskiptatækifæri

Ef þú villt skapa þér algjört fjárhagslegt frelsi skaltu skoða á www.sigradu.com.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



**20.000 kr. fundarlaun!**
Týndist úr Holtabyggð í Hf. 23/1. Fullvaxinn högni, geltur, smá hvítur blettur á maga. Sárt saknað! Birta s. 824 4313 & 554 4957.



Sókrates týndur! Hvítur högni týndist frá Skúlagötu 60 sunnud. 12.feb. Er eyrnamerktur nr. 119. Ef þið sjáið hann hafið samband við Kattholt eða Tótu í s. 660 0633.

## Fundir

**FAMOS**
Aðalfundur félags aldraðra í Mosfellsbæ verðu haldin í safnaðarheimilinu mánudaginn 27. febrúar kl. 20. Venjuleg aðalfundarstörf. Stjórnin.
**Félag aldraðra í Mosfellsbæ**

## Einkamál

**Mundu eftir elskunni þinni á konudaginn.**
Einnig langmesta úrval landsins á VHS og DVD
ALLTAF GÓÐ TILBOÐ
Í GANGI Á MYNDUM.
**Opið í dag Sunnudag frá kl. 13:00 - 17:00.**
TANTRA

## SUMARBÚSTAÐALÓÐIR

**Sumarhúsalóðir við Sogið**
Stórar og fallegar sumarhúsalóðir með útsýni yfir Sogið í landi Ásgarðs á besta stað í Grímsnesinu.
**Upplýsingar veita Valtýr 898 0801 - Sigurður 895 5786**

## FERÐIR

ÍSAFOLD

**Strákar, verið þið nú svolítið myndarlegir í tilefni konudagsins og bjóðið betri helmingnum í rómantíska ævintýraferð til Bayern 22.-29.maí.**

Erum við símann um helgina





Pálmi B. Almarsson
Löggiltur fasteignasali

# BIFRÖST
FASTEIGNASALA

## Álfheimar 34 - 108 Rvk Bjalla 4HH



BIFRÖST FASTEIGNASALA

**Sölusýning**

**milli kl. 14:00 og 15:00**

Mikið endurnýjuð 4ra herbergja 121,5 fm íbúð með auka herbergi í kjallara. Íbúðin skiptist í hol, tvö barnaherbergi, hjónaherbergi,eldhús, stofu og baðherbergi. Náttúrusteinn og parket á gólfum. Húsið var viðgert og málað fyrir nokkrum árum. Glæsileg eign á eftirsóttum stað. **Verð 22,9 milljónir.**



Halldór Jensson
Sölufulltrúi
Netfang: halldor@fasteignasala.is
Sími: 840 2100

## Flókagata 3 - 101 Rvk



BIFRÖST FASTEIGNASALA

**Sölusýning**

**milli kl. 15:30 og 16:00**

Mjög góð 3ja herbergja 86,2 fm mikið endurnýjuð efri sérhæð ásamt 20,8 fm bílskúr. Íbúðin skiptist í gang, tvær stofur, herbergi, eldhús og baðherbergi. Í kjallara er 10,4 fm herbergi með dúki á gólfi og glugga. Bílskúr er með hita, rafmagni og sjálfvirkum opnara Í sameign er sameiginlegt þvottahús. Glæsileg eign á eftirsóttum stað. **Verð 25,9 millj.**



Halldór Jensson
Sölufulltrúi
Netfang: halldor@fasteignasala.is
Sími: 840 2100

## Gnípuheiði 1 - 200 Kóp



BIFRÖST FASTEIGNASALA

**Sölusýning**

**milli kl. 18:00 og 19:00**

Glæsileg 4ra herbergja efri sérhæð með sér inngangi, sólskála og bílskúr í suðurhlíðum Kópavogs. Samtals stærð 144 fm. Allra innréttingar,skápar og hurðir eru úr kirsuberjavið flísar og parket á gólfum. Glæsilega eign með stórbrotnu útsýni í suðurhlíðum Kópavogs.



Halldór Jensson
Sölufulltrúi
Netfang: halldor@fasteignasala.is
Sími: 840 2100

## Brekkubyggð 19 - 210 Gbæ



BIFRÖST FASTEIGNASALA

**Sölusýning**

**milli kl. 16:30 og 17:00**

Mjög góð 2ja herb (er í dag sem 3ja herb) 75,8 fm. raðhús að Brekkubyggð í Garðabæ. Eldhús er opið inn af stofu með hvítri innréttingu og parket á gólfi. Tvö svefnherbergi, rúmgóð og björt stofa með parket á gólfi og með útgengi út á góðan sólpall. Falleg eign á einum besta stað í Garðabæ. **Verð 21 millj.**



Elsa Björg Þórólfsdóttir
Sölufulltrúi
Netfang: elsa@fasteignasala.is
Sími: 698 0585

## Hrísrimi 8 - 112 Rvk



BIFRÖST FASTEIGNASALA

**Sölusýning**

**milli kl. 15:00 og 16:00**

Góð 4ra herb. 89,3 fm. íbúð á efri hæð í tveggja hæða fjölbýli með sérinngangi ásasmt 6,4 fm. geymslu samtals 95,7 fm. í Permaform húsi. Plastparket á allri íbúðinni nema baðherbergi sem er með dúk á gólfi. Sjónvarpstenglar eru í öllum herbergjum og breiðbandstenging er í húsinu. Örstutt í grunnskóla og alla almenna þjónustu. **Verð 21,4 millj.**



Elsa Björg Þórólfsdóttir
Sölufulltrúi
Netfang: elsa@fasteignasala.is
Sími: 698 0585

## Strandvegur 18, bjalla 202 - 210 Gbæ



BIFRÖST FASTEIGNASALA

**Seld**

Glæsileg 2ja herb. 63,7 fm. íbúð á 2. hæð í fallegu fjöleignarhúsi við Strandveg í nýja bryggjuhverfinu í Sjálandi. Allar innrétt. úr eik. Parket á öllum gólfum nema baðherb. og þv.húsi þar eru flísar á gólfi. Bak við hús er sameignl. garður með leiktækjum. Glæsileg íbúð á vinsælum stað. **Óskað er eftir tilboðum í eignina.**



Elsa Björg Þórólfsdóttir
Sölufulltrúi
Netfang: elsa@fasteignasala.is
Sími: 698 0585

## Æsufell 6 bjalla 7E Rvk



BIFRÖST FASTEIGNASALA

**Sölusýning**

**milli kl. 13:00 og 13:30**

Mjög góð 3ja til 4ra herbergja íbúð á efstuhæð í lyftublokk með stórbrotnu útsýni yfir borgina. Íbúðin skiptist í hol, tvö rúmgóð herbergi, stofu, borðstofu, eldhús og bað. Fallegt Eikarparket á flestum gólfum. Þetta er virkilega björt og falleg íbúð með glæsilegu útsýni. **Verð 16,5 millj.**



Halldór Jensson
Sölufulltrúi
Netfang: halldor@fasteignasala.is
Sími: 840 2100

## Laufvangur 15 - 220 Hafnarf.



BIFRÖST FASTEIGNASALA

**Sölusýning**

**milli kl. 16:30 og 17:30**

Mjög góð 5 herbergja 167,6 fm efri sérhæð ásamt 20,3 fm bílskúr. Samtals birt stærð 187,9 fm. Fjögur rúmgóð herbergi, stórar stofur, þvottahús innaf eldhúsi, Tvennar svalir, Hér er um að ræða mjög góða eign á barnvænum stað þar sem er stutt í alla þjónustu, skóla og leikskóla **Verð 38,9 millj.**



Halldór Jensson
Sölufulltrúi
Netfang: halldor@fasteignasala.is
Sími: 840 2100

## Vallarhús 26 - 112 Rvk



BIFRÖST FASTEIGNASALA

**Sölusýning**

**milli kl. 14:00 og 15:00**

Mjög góð 4ra til 5 herbergja 126,3 fm efri sérhæð með sér inngangi. Íbúðin skiptist í forstofu, fjögur herbergi, eldhús, stofu, tvö baðherbergi/ þvottahús/geymslu og rúmgott risloft. Í sameign er rúmgóð hjóla/vagnageymsla.Hér er um að ræða mjög góða eign á góðum stað með fallegu útsýni. Góð staðsetning í Grafarvoginum þar sem stutt er í alla þjónustu. Laus við kaupsamning. **Verð 27,9 millj.**



Halldór Jensson
Sölufulltrúi
Netfang: halldor@fasteignasala.is
Sími: 840 2100

## Hamravík 26 - 112 Rvk



BIFRÖST FASTEIGNASALA

**Sölusýning**

**milli kl. 14:00 og 15:00**

Mjög glæsileg 3ja herbergja íbúð með sérinngangi í Víkurhverfinu í Grafavogi. Fallegar kirsuberja innréttingar, parket og flísar á gólfum. Rúmgóð herbergi. Þvottahús innan íbúðar. Stutt í skóla ,leikskóla svo og alla almenna þjónustu. **Verð 24,7 millj.**



Halldór Jensson
Sölufulltrúi
Netfang: halldor@fasteignasala.is
Sími: 840 2100

**Fasteignasalan Bifröst • Vegmúla 2 • 104 Reykjavík • Sími 533 3344 • Pálmi B. Almarsson lögg. fasteignas.**

Frum

Flísabúðin

# Hjá okkur er mikið að gera!

Flísabúðin leitar að duglegum, ábyrgum og sjálfstæðum einstalking til að starfa í verslun okkar að Stórhöfða 21. Umsækjendur þurfa að hafa ríka ábyrgðarkennd, góða þjónustulund, vera jákvæðir, stundvísir og geta unnið undir miklu álagi.

Vinnutími er frá 9-18 virka daga og laugardaga 10-14.

Umsóknir sendist á flis@flis.is

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál. Umsóknarfrestur er til og með 25. maí 2006.

Flísabíðin hefur verið rekin undir því nafni frá 1983, byrjaði í Kópavogi og hét þá Víkurbraut en var frá upphafi auglýst og rekin undir nafni Flísabúðarinnar. Við eigendaskipti 1988 var Flísabúðin stofnuð. Í dag er hún staðsett að Stórhöfða 21 í Reykjavík. Flísabúðin býður uppá hágæða flísar á góðu verði sem og allt það sem við kemur flísalögn. Baðtæki og sturtuklefar hafa svo bæst í flóruna á undanförnum árum. Þjónusta, gott vöruúrval og vandaðar vörur eru þar sem Flísabúðin er hvað stoltust af.

flugrútan flybus

## Bílstjórar og verkstæðismenn

Kynnisferðir ehf. óska eftir að ráða bílstjóra til starfa nú þegar. Um getur verið að ræða fulla vinnu eða hlutavinnu, framtíðarstarf eða sumarvinnu. Starfsstöðvar bílstjóra eru á BSÍ, í Kópavogi, í Reykjanesbæ og á Selfossi. Unnið er að mestu í vaktavinnu, en einnig er um vinnu að ræða virka daga.

Einnig óskum við eftir að ráða verkstæðismenn, sem eru bifvélavirkjar, bifreiðasmiðir eða með aðra sambærilega menntun á verkstæði félagsins í Kópavogi. Flutt verður í nýtt húsnæði með vorinu.

**Góð laun í boði hjá góðu fyrirtæki.**

**Umsóknarfrestur er til 31. mars 2006.** Umsóknareyðublöð fást hjá Kynnsferðum ehf. í Vesturvör 6, Kópavogi og í afgreiðslu Flugrútunnar á BSÍ. Einnig er hægt að senda umsóknir á netfangið **sigridur@re.is**. Upplýsingar um starfið eru veittar í Vesturvör 6, ekki símleiðis.

Öllum umsóknum er svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR


**Ekkert blað í morgun?**

Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.

FRÉTTABLAÐIÐ
– stærsti fjölmiðillinn

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stórmarkaður í stofunni heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ




# Spennandi störf

**Umsóknarfrestur er til 25. mars og öllum umsóknum verður svarað.**

**Umsóknir berist til Guðrúnar Kristinsdóttur, gudrunk@husa.is, Holtagörðum, 104 Reykjavík. Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöð á skrifstofu eða í verslunum okkar. Hægt er að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar, www.husa.is**

### Timbursala Súðarvogi:

**› Sölu- og afgreiðslustarf á timburlager.**
Starfið felur í sér afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavini og önnur tilfallandi störf.
Hæfniskröfur eru þjónustulund, áhugi og heiðarleiki. Einhver tölvukunnátta og lyftararéttindi kostur.
sem ekki hafa réttindi verða sendir á námskeið.

### Þungavörulager Kjalarvogi:

**› Lagermenn.**
Starfið felur í sér m.a. afgreiðslu á þungavöru og þjónustu við viðskiptavini. Mikil lyftaravinna.
Hæfniskröfur eru þjónustulund, áhugi og metnaður. Lyftararéttindi æskileg.

### Vöruhús Holtagörðum:

**› Lagermenn.**
Starfið felur í sér ýmis störf í vöruhúsi.
Hæfniskröfur eru þjónustulund, áhugi og metnaður. Lyftararéttindi æskileg. Vinnutími er dagvinna eða vaktavinna.

**› Bílstjóri - framtíðarstarf og sumarafleysingar.**
Viljum ráða bílstjóra til framtíðarstarfa og einnig til sumarafleysinga. Meirapróf skilyrði.

### Húsasmiðjan Hafnarfirði:

**› Sölu- og afgreiðslumaður í timburdeild.**
Starfið felur í sér afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavini og önnur tilfallandi störf.
Hæfniskröfur eru þjónustulund, metnaður og heiðarleiki. Einhver tölvukunnátta kostur.

*Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanirnar eru 18 talsins um land allt. Í verslunum okkar höfum við á boðsstólnum yfir 80 þúsund vörutegundir - allt frá grunni að góðu heimili. Hjá Húsasmiðjunni hf. starfa að jafnaði um 700 manns á öllum aldri og við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.*

**› Húsasmiðjuskólinn:**
Við rekum skóla þar sem starfsmenn sækja námskeið. Haldin eru um 100 námskeið á ári og námsvísir er gefinn út vor og haust.

**› Starfsmannafélag:**
Hjá okkur er öflugt starfsmannafélag sem sér m.a. um skemmtanir fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra, íþróttaviðburði og útleigu sumarhúsa.

**› Heilsuefling:**
Húsasmiðjan og starfsmannafélagið styðja við heilsurækt starfsmanna.

**› Viðskiptakjör:**
Við bjóðum starfsmönnum góð kjör.

**› Fyrir alla:**
**Húsasmiðjan hvetur alla, á hvaða aldri sem er og vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.**



HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

# Flakkari í húsi kvenskörungs

Ingibjörg Magnadóttir er listakona og uppreisnargjarn flakkari í eðli sínu. Hún hefur nú fundið sinn stað og kann að meta vinalega nágranna, þorpsstemninguna og hraðan hjartslátt miðbæjarins.



**INGIBJÖRG MAGNADÓTTIR** Hún nýtur þess að búa í vinalegum götum þar allir þekkja alla og nágrannarnir grilla saman á sumrin. Hún hefur nú fundið sinn stað á Þingholtsstræti.

**Leifsgata, 1974-1976**
Hérna fæddist ég og bjó með fjölskyldunni í tvö ár. Ég man nú ekkert eftir þessu húsi en ég veit að mamma rölti bara yfir á fæðingarheimilið sem var þarna við hliðina á og fæddi eitt stykki mig.

**Túngata 16, 1976-1979**
Hérna bjó ég þar til ég varð fimm ára. Pabbi og mamma byggðu þetta hús en samt bjuggum við bara þarna í þrjú ár. Það voru allir að byggja þarna á þessum tíma og það var mikil drulla allt í kring. Við krakkarnir lékum okkur í drullunni. Þetta var rosalega flott hús og mikið lagt í það. Hins vegar fannst foreldrum mínum ömurlegt að búa þarna því þetta var svo langt í burtu, mömmu fannst hún vera komin upp í sveit. Þau ákváðu að lokum að skipta á húsi við önnur hjón.“

**Norðurbrú 16, 1979-1994**
Þetta var aðalhúsið og hér bjó ég þar til ég varð tvítug. Gatan var æðisleg, mikil vinátta ríkti á milli nágrannanna og hérna kynntist ég æskuvinkonunum. Nágrannarnir voru alltaf að grilla saman og fóru árlega saman út í Viðey. Sterkustu minningarnar frá Norðurbrú tengjast góðum sumardögum þar sem við erum öll fjölskyldan úti í garði að leika okkur.

**Álandseyjar, Svíþjóð, 1990**
Þegar ég var sextán ára gerði ég uppreisn og flakkaði um heiminn. Á Álandseyjum var ég að vinna í fiski í tvo mánuði. Við vorum svona fimm að vinna þarna við að gera fiskborgara. Ég fílaði mig ekkert þarna því mig langaði að vera í Stokkhólmi þar sem var diskótek.

**Larizza, Grikklandi, 1990**
Hérna bjó ég í fjóra mánuði með stelpu sem var þungarokkari og var að læra að verða hjúkrunarkona. Ég var að vinna á rokkbar og var bara ein þarna, sautján ára. Ég var svo mikill villingur. Ég bjó þarna þangað til fjölskyldan fékk nóg af þessu og dró mig heim. Þá fór ég í menntaskóla og var heima í Norðurbrú í smá tíma.

**Neot Hakikar, Ísrael, 1993**
Hérna bjó ég í hálft ár þegar ég var nítján ára. Við Ásta vinkona vorum að vinna hjá vondum melónubónda og það var alveg hræðilegt. Hann var rosalega strangur við okkur. Við vorum reknar en samt vorum við rosalega duglegar. Þá fluttum við á samyrkjubú og bjuggum þar.

**Þórsgata, 1994**
Svo kom ég heim og flutti loksins að heiman. Ég fór að leigja á Þórsgötu og bjó þar í hálft ár. Þetta var yndislega staðsetning. Íbúðin var heilir 90 fm og ég bjó þarna ein. Ég var með fataherbergi, vinnuherbergi og svefnherbergi. Á örugglega aldrei eftir að upplifa þennan lúxus aftur.

**Óðinsgata 33, 1995**
Þetta var góð gata. Í einu húsinu bjó kona sem var alltaf að selja sniðugt dót í garðinum sínum og ég man að ég keypti gamla Jesúmynd af henni. Ég á góðar minningar af Óðinsgötunni. Ég var ung og ástfangin skólamær og hjólaði hvert sem ég fór. Áhyggjuleysið var algjört.

**Laugavegur 33, 1995-2000**
Ég varð ástfangin á Óðinsgötunni og ég og nú fyrrverandi kærastinn minn fluttum inn á Laugaveg 33. Staðurinn átti sínar slæmu hliðar því Dillon var þarna á móti og það var alltaf fólk fyrir utan gluggann minn að grenja og hætta saman. Laugavegurinn er samt besta gatan í mínum huga. Ef maður vill búa í þorpi á Íslandi á maður að fara í 101. Þar er maður alltaf að sjá sömu andlitin og fólkið þekkist.

**Amager, Kaupmannahöfn, 1998**
Ég fór sem skiptinemi í Konunglegu akademíuna í Kaupmannahöfn. Ég bjó hjá yndislegu fólki sem leigði mér íbúð. Hún var pínulítil, 20 fermetrar og æðisleg! Mér fannst samt leiðinlegt í Kaupmannahöfn því mér þótti skólinn svo leiðinlegur. Ég á fáar góðar minningar frá þessum tíma. Einn dag fór ég reyndar í fúlu skapi ein í tívolíið. Þá vann ég stóran bangsa, Gorm úr Sval og Val. Hann var eiginlega jafn stór og ég og ég þurfti að borga spes fyrir hann í strætó. Þetta er eiginlega besta minningin.

**Kambsvegur 33, 2000-2001**
Ég hætti með kærastanum og flutti til systur minnar og þá var ég komin aftur í gamla hverfið. Þessi gata er líka svolítið eins og Norðurbrú. Allir nágrannarnir vinir og það er kannski það helsta sem ég sakna úr þessu hverfi. Systir mín og maðurinn hennar eiga yndislegasta heimili í Reykjavík og það var ótrúlega gott að vera hjá þeim.

**Fredriksstad, Noregi, 2001-2002**
Ég kláraði LHÍ og fór í framhaldsnám í leiklistarskóla í Noregi. Ég fór í svona avant-garde, framsækinn leiklistarskóla, Figurativ teater skolen. Ég hafði séð verk eftir prófessor sem var að kenna þarna. Þetta var fámennur skóli og ríkur og kennarinn var æðislegur. Mötuneytið var hrikalega gott og mikil tilbreyting frá LHÍ þar sem maður var að drekka kaffi úr öskubakka. Ég leigði herbergið mitt í gegnum síma og fékk taugaáfall þegar ég sá það.
Allt var úr panelvið í herberginu og exotíska augað mitt grét. Ég var nýkomin með próf í fegurð og fannst hörmulegt að þurfa að búa þarna. Ég hætti svo í skólanum þegar það kom nýr deildarstjóri sem ég fílaði ekki.

**Brautarholt 16, 2002-2005**
Þetta var svona loft í iðnaðarhverfinu og þarna rættist Flashdance-draumurinn minn. Seinna kom Klink og Bank í götuna og Devitos og þetta var fínn tími. Undir lokin var ég samt farin að þrá að vera með nágranna og vera ekki bara ein að labba um kvöld heim til mín í iðnaðarhverfið.

**Þingholtsstræti 12, 2005**
Loksins keypti ég mér mína fyrstu íbúð og það í draumagötunni. Ég finn að ég á að vera þar sem hjartslátturinn er svolítið hraður. Þarna get ég gengið niður á Laugaveg eða á Lækjartorg eða hvert sem er. Ég held að þessi gata verði svona nágrannagata eins og Norðurbrú. Svo er húsið líka svolítið merkilegt. Bríet Bjarnhéðinsdóttir leigði þarna og Hannes Hafstein svo það er eins gott að maður gerist sögufræg persóna. Íbúðin er björt og falleg og með svölum! Það er risháaloft þar sem ég get haft vinnustofuna mína. Einhvern tíma get ég svo breytt því í barnaherbergi. Þetta er dásamlegt hús og ég vil vera hér sem lengst.


TAKTU ÞÁTT!

Leystu krossgátuna!
Þú gætir unnið 10.000 kr. gjafabréf á einum besta veitingastað landsins, Argentínu steikhúsi.

Þú sendir SMS skeytið
**JA LAUSN LAUSNARORÐIÐ**
á númerið **1900**!

Dæmi hvernig SMS gæti litið út ef svarið er Jón. Þá sendir þú SMS-ið JA LAUSN JÓN.

4 glös · 4 diskar
Svítan · Einkaherbergi
Grillparty Argentínu

ARGENTÍNA
Borðapantanir 551 9555
www.argentina.is

99 kr/SMS
Dregið úr réttum svörum n.k. fimmtudag kl. 12.










Fræðsludeild Þjóðleikhússins kynnir:

RÉTTARHÖLD Í DÓMSALNUM
að Lindargötu 3 (gamla Hæstaréttarhúsið)

*Í tilefni af sýningu Þjóðleikhússins á Virkjuninni eftir Elfriede Jelinek*

Þriðjudaginn 21. mars kl. 20:30

Umræðuefni kvöldsins er:
SKÖPUN EÐA EYÐILEGGING?

Frummælendur:
Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, stjórnarformaður Landsvirkunar
Sigríður Þorgeirsdóttir heimspekingur

Aðgangur að réttarhöldunum er ókeypis og öllum opinn

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Ritið – tímarit Hugvísindastofnunar




Síðustu sýningar að sinni
Miðasala í síma 568 8000 eða á www.borgarleikhus.is
Sjá upplýsingar á www.hungur.com

TÚSKILDINGSÓPERAN



Sýnd í kvöld sun. 19/3 og sun. 26/3
Allra síðustu sýningar!
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



MY NAME IS EARL
MIÐVIKUDAGA KL 21:00

TRÚIR ÞÚ Á KARMA?
SIRKUS

## STUÐ MILLI STRÍÐA Fortíð mín sem grænmetisæta

**ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON** GERIR UPP VIÐ DÝRAHEIMINN



Þegar ég var barn átti ég gífurlega erfitt með að kyngja kjöti og fiski. Var ekkert sérstaklega matvönd á annan hátt: hámaði í mig ólífur, reyktan lax og gæsalifrarkæfu enda með allt of mikinn lúxussmekk. Man þó eftir að kúgast yfir áferð á steikum og soðinni ýsu. Kjöt í dularbúningi eins og kjötbollur, kjúklinganaggar og fiskifingur áttu betur við mig enda fannst mér alltaf eitthvað ankannalegt við að borða dýr. Ellefu ára gerðist ég svo dýraverndunarsinni, hélt fundi með jafnmiklum nördum og mér sjálfri og eyddi öllum tíma við að rannsaka dýralíf í skógum og tjörnum úthverfa Lundúna. Náði mér í froskaegg í fötu og bjó til tjörn í garðinum heima og fylgdist með metamorfósa halakartna, skoðaði drekaflugnalirfur og salamöndrur, klædd grænum vaðstígvélum, drullug upp fyrir haus með háfinn í annarri hendi. David Attenborough var hetjan mín. Tólf ára gerðist ég svo meðlimur World Wildlife Fund, varð meðvituð um að mannkynið var að murka lífið út úr ótal dýrategundum um allan heim og hélt langar ræður yfir þolinmóðum foreldrum um ranglæti gagnvart ferfætlingum og þá sér í lagi hversu rangt það var að éta blessaðar skepnurnar. Gerðist sumsé grænmetisæta í takt við tíðaranda Lundúna á þessum árum þegar Cranks og Peta og Greenpeace voru upp á sitt besta. Flutti svo heim til Íslands fimmtán ára þar sem áhyggjufullar ömmur skildu ekki orðið VEGETARIAN . Eyðilagði öll matarboð með þessum „tiktúrum“ þegar allir örvæntu yfir hvað ætti eiginlega að gefa blessuðu barninu. Og grænmetisætufasinn minn leið smátt og smátt undir lok. Nútildags skammast ég mín ekki fyrir að búa til afbragðsgóða tartarsteik. Hef meiri áhyggjur af ástandinu í Íran en hversu margar sækýr eru eftir í heiminum. Brosi þó alltaf út í annað þegar ég sé auglýsingar eins og „Vistvæn brúnegg úr frjálsum hænum - hænur sem eru sælar með tilveruna,“ og kaupi þau að sjálfsögðu.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Overli




**Pú og pa** — Eftir SÖB



# Blái hnötturinn til Finnlands

Sagan af Bláa hnettinum eftir Andra Snæ Magnason hefur verið seld til Finnlands og mun koma þar út í haust um leið og samnefnt leikrit verður sýnt þar í landi. Leikritið verður einnig sýnt í Bretlandi á þessu ári. Myndlýsingar Áslaugar Jónsdóttur munu prýða finnsku útgáfuna.

Finnland er sextánda landið sem gefur út Bláa hnöttinn en áður hefur útgáfurétturinn meðal annars verið seldur til Frakklands, Spánar, Ítalíu, Danmerkur, Svíþjóðar, Kóreu og Grikklands. Mun sautjánda landið bætast í hópinn innan skamms.

Að sögn Valgerðar Benediktsdóttur hjá Réttindastofu Eddu hefur bókin selst mjög vel hingað til. „Hún hefur fengið ofsalega mikið lof hvarvetna. Það skiptir ekki máli hvort það er í Júgóslavíu eða Grænlandi,“ segir Valgerður. „Galliard, sem er eitt virtasta franska forlagið, sagði að bókin væri Litli prins þessa árþúsunds.“

Hún segir að ævintýrið sé það sem höfði helst til fólks sem les bókina. „Allir hafa þörf fyrir ævintýri og síðan er þarna barátta milli góðs og ills og sakleysis og syndar. Fyrst og fremst finnst fólki sagan skemmtileg og hún virðist höfða til allra.“

Á næstu dögum er síðan væntanleg ný bók frá Andra Snæ, Draumalandið, sem hefur verið beðið eftir með mikilli eftirvæntingu. Um er að ræða sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð þar sem tekið er á helstu vandamálum samtímans með frumlegum hætti.

Í tilefni af útkomu bókarinnar verður Andri Snær með fyrirlestur í Borgarleikhúsinu annað kvöld klukkan 20.00. Fyrirlesturinn er öllum opinn og er aðgangur ókeypis.



**ANDRI SNÆR MAGNASON** Nýjasta bók Andra Snæs, Draumalandið, er væntanleg á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

16 17 18 **19** 20 21 22

**Sunnudagur**

### TÓNLEIKAR

- 15.00 **Tríó Reykjavíkur** heldur tónleika til heiðurs **Jóni Nordal** í **Tónlistarhúsinu Laugarborg**.
- 15.00 Kvennakórinn **Vox Feminae** heldur tónleika í **Kristskirkju** ásamt **Diddú**. Á dagskránni eru Maríukvæði og ljóð ort hennar til dýrðar.
- 20.00 **Kammersveit Reykjavíkur** heldur afmælistónleika til heiðurs 250 ára fæðingarafmæli Mozarts. Tónleikarnir verða haldnir í **Salnum í Kópavogi**.

### FYRIRLESTRAR

- 14.00 **Ólafur Ingi Jónsson**, forvörður á Listasafni Íslands fjallar um möguleika í forvörslu málverksins **Kona frá Súdan**, eftir **Gunnlaug Blöndal** í húsakynnum Listasafnins við Fríkirkjuveg.

### SAMKOMUR

- 13.00 Söngur og sund á sunnudegi í **Gerðubergi**. Sungin verða sjómannalög með **Ragga Bjarna**. Aðgangseyri í sund og söng er 500 kr. en ilmandi te er innifalið.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

- Síðasta sýningarhelgi á **Kjarvalsstöðum** á sýningunni Essens sem varpar ljósi á feril **Jóhannesar S. Kjarval** listmálara. Leiðsögn verður um sýninguna kl. 15.00 á sunnudag.

### FÉLAGSLÍF

- 14.00 Finnska barnamyndin **Pelíkanamaðurinn** verður sýnd í Norræna húsinu. Myndin er byggð á sögu **Leenu Krohns**, Í manneskjuklæðum. Myndin er á finnsku, aðgangur ókeypis.
- 14.00 Hattahönnuðurinn og fjöllistamaðurinn **Algea** frá New York sýnir og selur einstaka kvenhatta og skemmtir gestum **leikhússins** við Lækjargötu meö músík og sagnalist.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki sÌðar en sÛlarhring fyrir birtingu.


**GERÐUBERG**

Sunnudagurinn 19. mars kl.13-14
**Söngur og sund**
Okkar ástsæli söngvari
**Raggi Bjarna**
syngur sjómannalög!
Heitt te á undan • Verð kr. 500

**Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður**
tískuhönnun • myndbönd frá tískusýningum • ljósmyndir
sjá www.siminn.is/steinunn
Sýningin stendur til 30. apríl

**• Ort í ull •**
**Sigrún Björgvinsdóttir**
sýnir í Boganum
**Síðasti sýningardagur!**

Sýningarnar eru opnar virka daga 11-17, miðvikudaga 11-21 og um helgar 13-16.
**www.gerduberg.is**



HIMNARÍKI

SÍÐUSTU SÝNINGAR Á HIMNARÍKI

Lau. 25. mars. kl. 20
Fös. 31. mars. kl. 20
*Síðasta sýning.*

**VIÐTALIÐ**
eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur

fös. 17. mars kl. 20
sun. 19. mars kl. 20
fös. 24. mars kl. 20
sun. 26. mars kl. 20

Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



ÓPERUSTÚDÍÓ
NÓTT Í FENEYJUM
EFTIR JOHANN STRAUSS
Nótt í Feneyjum

**NÓTT Í FENEYJUM - eftir JOHANN STRAUSS**
**Frumsýning fim. 29. mars kl. 20**
2. sýn. fös. 31 mars kl. 20 – UPPSELT – 3. sýn. sun. 2. apríl kl. 20
4. sýn. þri. 4. apríl kl. 20 – 5. sýn. fim. 6. apríl kl. 20
6. sýn. lau. 8. apríl kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

GLITNIR
ÍSLENSKA ÓPERAN









ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!**

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00**

ÁTTA KONUR
**Frumsýning fös. 31/3 uppselt**, 2. sýn. lau. 1/4 örfá sæti laus, 3. sýn. sun. 2/4 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 6/4 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 7/4 örfá sæti laus.

TÚSKILDINGSÓPERAN
**Aukasýningar í mars:** Í kvöld sun. 19/3 örfá sæti laus, sun. 26/3 örfá sæti laus.
**Allra síðustu sýningar.**

VIRKJUNIN
Lau. 25/3. **Allra síðasta sýning.**

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00**

ELDHÚS EFTIR MÁLI
Í dag sun. 19/3 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt - 50. sýning**, mið. 22/3 **uppselt**, fim. 23/3 **uppselt**, **aukasýning fös. 24/3**, lau. 25/3 **kl. 17:00 uppselt**, sun. 26/3 **uppselt**, fim. 30/3 **uppselt**, fös. 31/3 **uppselt**, lau. 1/4 örfá sæti laus, sun. 2/4 nokkur sæti laus.

**KASSINN KL. 20:00**

PÉTUR GAUTUR
Þri. 21/3 **uppselt**, mið. 22/3 **uppselt**, fös. 24/3 **uppselt**, lau. 25/3 **uppselt**, mið. 29/3 **uppselt**, lau. 1/4 **kl. 16:30 uppselt**, sun. 2/4 **kl. 17:00 uppselt**, mið. 5/4 **uppselt**, fim. 6/4 **uppselt**, fös. 7/4 **uppselt**, lau. 8/4 **uppselt**, sun. 9/4 **uppselt**, fös. 21/4 **uppselt**, lau. 22/4 **uppselt**, sun. 23/4 **uppselt**, mið. 26/4 örfá sæti laus, fim. 27/4 örfá sæti laus, fös. 28/4 **uppselt**, lau. 29/4 **uppselt**.
**Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í mars og apríl.**

**LEIKHÚSKJALLARINN**
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



BORGARLEIKHÚSIÐ

Kalli á þakinu · Carmen · Ronja · Woyzeck

**Stóra svið**

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Í dag kl. 14 UPPS. Lau 25/3 kl. 14 UPPS.
Su 26/3 kl. 14 UPPS. Lau 1/4 kl. 14 UPPS.
Su 2/4 kl. 14 UPPS. Lau 8/4 kl. 14
Su 9/4 kl. 14 Su 23/4 kl. 14
Su 23/4 kl. 17:30 Lau 29/4 kl. 14
Su 30/4 kl. 14 Lau 6/5 kl. 14

**CARMEN**
Lau 25/3 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING!

**TALAÐU VIÐ MIG -ÍD-**
Í kvöld kl. 20 Græn kort
Su 26/3 kl. 20 Blá kort Fö 31/3 kl. 20

**WOYZECK**
Fi 23/3 kl. 20 Á LEIÐ TIL LONDON

**KALLI Á ÞAKINU**
Fi 13/4 kl. 14 skírdagur Lau 15/4 kl. 14
Má 17/4 kl. 14 annar í páskum
Fi 20/4 kl. 14 sumardagurinn fyrsti
Lau 22/4 kl. 14

**FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP**
Su 30/4 kl. 20 UPPS. Má 1/5 kl. 20 UPPS.
Þri 2/5 kl. 20 UPPS. Mi 3/5 kl. 20 UPPS.
Su 7/5 kl. 20 UPPS. Má 8/5 kl. 20 UPPS.
Þr 9/5 kl. 20 UPPS. Fi 18/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 22:30
Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 20
Fö 26/5 kl. 22:30 Su 28/5 kl. 20
Fi 1/6 kl. 20 Fö 2/6 kl. 20

**Nýja svið / Litla svið**

**BELGÍSKA KONGÓ**
Fi 23/3 kl. 20 UPPS. Fi 6/4 kl. 20
Lau 6/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20
Su 14/5 kl. 20 Mi 24/5 kl. 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fö 24/3 kl. 20 UPPS. Lau 25/3 kl. 20 UPPS.
Fi 30/3 kl. 20 Fö 31/3 kl. 20 100. SÝNING
Lau 1/4 kl. 20
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK

**HUNGUR**
Fi 23/3 kl. 20 Fö 24/3 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR

**NAGLINN**
Í kvöld kl. 20 UPPS. Lau 25/3 kl. 20
SÝNINGAR HEFJAST AÐ NÝJU Í ENDA APRÍL

**GLÆPUR GEGN DISKÓINU**
Su 26/3 kl. 20

**FORÐIST OKKUR**
Lau 1/4 kl. 20 Su 2/4 kl. 20
Fi 6/4 kl. 20 UPPS. Fö 7/4 kl. 20
Lau 8/4 kl. 20 Su 9/4 kl. 20
Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20
Lau 22/4 kl. 20 Su 23/4 kl. 20

**KERTALJÓSATÓNLEIKAR**
**HARÐAR TORFA**
FIMMTUDAGINN 6/4 KL. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

*„Hann langaði til að reyna við stelpuna þarna við austurvegginn sem hann vissi ekki að hét Fríða og Fríða hefði líklega látið til leiðast ef hann hefði kjark í sér til að fara yfir og spyrja hana hvort hún væri til í að tala. En það vissi hann ekkert um.“*



Í Áhyggjudúkkum Steinars Braga slást lesendur í för með fólki sem allt á það sameiginlegt að eiga leið hjá bókabúð Máls og menningar á Laugaveginum í jólaösinni.

# bækur

baekur@frettabladid.is

## Klassík fyrir fermingar

Nú fer tími ferminganna brátt í hönd og starfsmenn bókaverslana stilla upp ritum sem leggja munu grunninn að bókasöfnum fermingarbarnanna. Að sögn Ingibjargar Sveinsdóttir, starfsmanns Máls og menningar, eru sömu titlarnir vinsælir ár eftir ár og lítið um tískusveiflur þegar kemur að bókum til fermingargjafa. Auk orðabóka og veglegra fræðirita er vinsælt að gefa klassískar íslenskar bókmenntir að þessu tilefni og nefnir Ingibjörg meðal annars Únglinginn í skóginum og Sölku Völku eftir Halldór Laxness, Þorpið eftir Jón úr




Vör og ljóðasöfn Tómasar Guðmundssonar, Steins Steinarr og Jónasar Hallgrímssonar.

„Það er samt skemmtilegt að nú hefur einnig aukist að fólk gefi skáldsögur til fermingargjafa,“ segir Ingibjörg og bendir á að úrval af klassískum þýddum skáldsögum sé meira en fyrr. Fólk vilji gefa persónulegri gjafir og gefi þá skáldsögur fremur en orðabækur. „Sem dæmi mætti nefna bækur eins og Don Kíkóta eftir Cervantes, Moby Dick eftir Herman Melville eða Hobbitann eftir Tolkien.“

## > Bók vikunnar

**Cell eftir Stephen King**
Þessi nýjasta skáldsaga hrollvekjumeistarans er komin í bókabúðir í Reykjavík í hörðu bandi og er vitaskuld hvalreki fyrir þá sem kunna að meta mátulegan subbuskap og blóðsúthellingar. King hafði áður lýst því yfir að hann væri sestur í helgan stein en hefur blessunarlega ekki séð sér fært að standa við þau stóru orð. Hér hverfur hann aftur til upprunans og gerir fyrst og fremst út á hrylling frekar en sænskan sósíalrealisma. Í Cell breytast farsímanotendur í blóðþyrsta uppvakninga að hætti leikstjórans George A. Romero og þeir fáu sem ekki eiga gemsa þurfa að berjast fyrir framtíð mannkyns.






**HALLDÓR GUÐMUNDSSON**
**> SKRIFAR UM BÓKMENNTIR**

# Íslenskan

Páll Valsson, vinur minn og samstarfsmaður til margra ára, flutti um daginn varnaðarorð um þróun íslenskunnar sem víða hefur verið vitnað til og vakið hafa snarpa umræðu; og þó þetta sé bókmenntadálkur þá er nú einu sinni tungumálið lífsrými bókmenntanna einsog hafið fiskanna og vandi málsins alltaf líka vandi bókmenntanna.

Ég er ekki sammála áherslum Páls. Hættan við varnaðarorð sem þessi er að maður búi sér til vígstöðu sem er óverjanleg, eða loki fyrir sér flestum leiðum nema aftur á bak. Þýska skáldið Bertolt Brecht orðaði það svo, þegar hann deildi við róttækan félaga sinn Georg Lukacs um framsækna bókmenntastefnu um miðja síðustu öld, að Lukacs hefði tilhneigingu til að horfa til hinna gömlu góðu daga og miða allt við þá, en sjálfur vildi hann gera hina nýju vondu daga að útgangspunkti sinnar baráttu. Það er sannarlega þarft að vara við illum tilhneigingum í nútímanum, en það er ekki víst það leiði neitt nema tekið sé um leið mið af jákvæðum dráttum tíðarandans. Þessi hugsun getur átt við flesta umbótaviðleitni, þar á meðal á sviði málfars og tungutaks.

En fyrirvari minn gagnvart þeim hugmyndum nær lengra. Mér vitanlega eru ekki til neinar alvöru rannsóknir á þróun íslenskrar tungu sem benda til þess að hætt verði að tala hana eftir hundrað ár; slíkar spár byggjast öðru fremur á tilfinningu. Það má að vísu gefa sér að miklar breytingar muni verða á orðaforða íslenskunnar í samræmi við gerbreytt samfélag, en hvort þær breytingar nái til sjálfs málkerfisins, og hversu róttækar þær verða, er öldungis óvíst. Nú mun að vísu hafin ítarleg rannsókn á ýmiss konar tilbrigðum og tilhneigingum í samtímamáli, undir forystu Höskuldar Þráinssonar, og verður forvitnilegt að sjá hvað hún leiðir í ljós.

Margumtöluð ensk áhrif hafa hins vegar verið rannsökuð í stóru verkefni sem Ásta Svavarsdóttir og fleiri málfræðingar hafa unnið, sem leiðir glöggt í ljós hvað breytingar af þessu tagi eru hægfara og hrakspár tilhæfulitlar. Könnuð voru svokölluð aðkomuorð, þ.e. nýleg tökuorð og ýmiss konar hráar slettur, í textum dagblaða, annars vegar frá árinu 1975, hins vegar frá árinu 2000. Þá reyndist vera um marktæka aukningu að ræða: fyrir 30 árum voru þetta um það bil 10 orð af hverjum 10 þúsund, um síðustu aldamót var sú tala komin upp í 21. En merkilegast er auðvitað hvað hlutfallið er lágt: Meðaltalið er um 17 af hverjum 10 þúsund orðum, það eru 0,2%! Verkefnið er hluti norrænnar rannsóknar sem sýnir jafnframt að hlutur aðkomuorða í íslensku er mun minni en í hinum Norðurlandamálunum, en reyndar tiltölulega lítill á öllum Norðurlöndum. Þessi rannsókn nær til tímabils þar sem ekki linnti varnaðarorðum góðra manna um enskuslettur og endalok íslenskunnar. Og svo er herinn að fara...

Fyrir tæpum 200 árum taldi annar góður maður, Rasmus Christian Rask, kveða svo rammt að dönskum áhrifum að varla myndi nokkur maður í Reykjavík skilja íslensku eftir 100 ár eða svo og enginn á öllu landinu eftir 200 ár ef ekki yrði gripið í taumana; sjálfur hafði hann aðallega Heimskringlu sem viðmið. Raunin varð sú að ekkert bendir til að íslenskan sem töluð var fyrir hundrað árum sé eitthvað lakari en sú sem töluð var í tíð Rasks. Og ég veit ekki um neinar rannsóknir sem geta staðfest að Íslendingum hafi farið eitthvað aftur í sínu tungumáli frá því um aldamótin 1900. Það er auðvelt að draga fram ótal ambögur og málvillur sem nú má sjá í skrifum manna á opinberum vettvangi (a.m.k. sé netið talið opinber vettvangur). En þá verður að hafa í huga að á okkar tímum taka hlutfallslega miklu fleiri til máls á opinberum vettvangi en var fyrir daga menntunarsprengjunnar. Ef menn lesa sendibréf frá því upp úr aldamótum 1900, það er bréf sem aðrir en örfáir rithöfundar eða langskólagengnir menn skrifuðu, morar þar allt í svokölluðum málvillum - en inni á milli glittir alltaf í kraftmikið og heillandi orðalag. Í stuttu máli tel ég að það sé síst töluð lakari íslenska nú en fyrir hundrað árum, og að fátt bendi til að hér verði talað verra mál eftir hundrað ár - þótt það muni breytast.

Auðvitað hlýtur bókmenntafólk að taka málstað íslenskunnar, berjast fyrir endurnýjunarmætti hennar og sköpunargleði, fjölbreytni og sveigjanleika. Og sem betur fer sýnir ungt fólk sama áhuga og fyrri kynslóðir á nýyrðasmíði eða þeirri skemmtilegu viðleitni að gefa gömlum orðum nýja merkingu, einsog sjá má af hugtökunum aulahrollur og fés, hnakkar og treflar (sem hétu reyndar treflagengi í skáldsögu Vésteins Lúðvíkssonar, Gunnar og Kjartan, fyrir meira en 30 árum).

Ætli það sé ekki meiri ástæða til að hafa áhyggjur af afdrifum íslenskrar náttúru en íslenskrar tungu um þessar mundir? Sem betur fer virðist margt yngra fólk deila þeim áhyggjum, þótt það orði þær öðruvísi en Þorsteinn Erlingsson hefði gert.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



# Lengi von á meiru

**Rithöfundurinn og útgáfugemlingurinn Eiríkur Örn Norðdahl situr síst auðum höndum, hann tók sér frí frá skriftum og flaug suður í sollinn til að veita viðurkenningu fyrir ömurlegasta ljóðið á Íslandi.**



EIRÍKUR ÖRN NORÐDAHL RITHÖFUNDUR Ísafjarðarskáldið skrifar fjórar ljóðabækur og hyggur á frekari strandhögg með Nýhil. FRETTABLAÐIÐ/VALLI

„Þetta tókst náttúrlega alveg ótrúlega vel, það var alveg brjálæðislega mikil þátttaka í keppninni. Það er alveg stórmerkileg staðreynd að það er erfitt að plögga góða ljóðlist en svo ótrúlega auðvelt að kynna ömurlega ljóðlist,“ segir Eiríkur og útskýrir að Íslandsmeistarmótið í ömurlegri ljóðlist hafi í upphafi verið draumur og síðar skens sem vatt upp á sig á blogginu hans með þeim afleiðingum að fyrirspurnum fór að rigna inn og hann sá sig tilneyddan að gera keppnina opinbera og senda út fréttatilkynningu.

„Fólk er almennt sökkerar fyrir góðum hugmyndum og því sem er fyndið og þetta var náttúrlega frekar fyndið. Það kom mér á óvart hversu margir tóku þátt því fólk er auðvitað líka vant að virðingu sinni. Ég dauðkveið því þegar ég hafði samband við sigurvegarann og var hálf hræddur um að fólk myndi bakka út,“ útskýrir Eiríkur en allt fór þó vel fram og settlega við athöfnina í Kastljósinu nú um helgina þar sem hið smekklausa lárviðarskáld var hyllt, þótt fjarverandi væri.

### Önnum kafinn

Eiríkur býr á Ísafirði og er iðinn við kolann þessa dagana. Hann er blaðamaður á vestfirska fjölmiðlinum Bæjarins besta og bloggar af elju. Svo er hann með fjórar ljóðabækur og skáldsögu í smíðum. „Sagan er um mann sem fer aldrei út úr íbúðinni sinni, gerir voða lítið. Hurðarhúnninn hjá honum bilar og hann reynir eitthvað að gera við hann en svo leysist þetta bara upp í langvarandi einveru.“ segir hann. Fyrr en varir gerir hann sér grein fyrir því að hann hefur ekki farið út úr húsi í hálfan mánuð. „Ég held að þetta sé almennt að verða meira áberandi hjá fólki,“ segir Eiríkur og útskýrir að þrátt fyrir allt sé manneskjan að einangrast og hanga miklu meira heima hjá sér.

Ljóðabækurnar fjórar verða mjög ólíkar, áréttar hann. Ein þeirra mun innihalda myndræn ljóð, önnur verður túristabók með stuttum kátínuljóðum á ensku og ber vinnuheitið „Nyhil Canned Puffin“ og sú þriðja verður prósaverk um Þorskastríðið. „Hún fjallar meðal annars um Guðmund skipherra Kjærnested,“ segir skáldið. Fjórða bókin verður síðan hefðbundnari ljóðabók.

### Opna búð

„Nýhil er í blússandi, djöfulsins swingi,“ segir Eiríkur glaðhlakkalega og útskýrir að félagsskapurinn hyggi á frekari fyrirtækjavæðingu. „Við erum líklega að fara að opna búð og kannski verðum við fljótari að fá hluthafaskrá heldur en manifesto, sem er fremur undarlegt fyrir svona jaðarhóp eins og okkur,“ útskýrir hann. „Bókabúðin er kannski versta viðskiptahugmynd sem hefur komið fram á Íslandi í langan tíma. Við verðum náttúrlega með ljóðabækur, kannski eitthvað svona sérhæft jaðardót sem bara við fílum og svo e.t.v. aðra list í umboðssölu,“ segir hann og glottir. „Ég á nú ekki von á því að þetta verði okkur fjárhagslega til framdráttar en þetta er gott dæmi um þær fagurfræðilegu glæfrabrautir sem Nýhil ferðast eftir.“

„Við höfum alltaf verið andfyrirtækjalega sinnuð,“ áréttar Eiríkur og útskýrir að það það er ákveðið stökk að fá sér vasknúmer. „Það er eins og að vera með hakakross. Ég meina, við förum ekkert inn á Sirkus þegar við erum komin með vasknúmer.“ Hann segir að það verði erfitt að segja til um hvernig málin þróist en er nokkuð bjartsýnn. „Þetta er óvenjulega skemmtilegt fólk í Nýhil og ég hef mikla trú á því,“ segir hann.

### Vöxtur og von á meiru

Nýhil er fremur laustengdur félagsskapur skálda, ólátabelgja og annars þenkjandi fólks en Eiríkur segir að það sé alltaf einhver endurnýjun í hópnum. „Það hefur alltaf verið einhver kjarni en það er engin félagaskrá. Það getur hver sem er gert eitthvað í nafni Nýhil.

Hugmyndin að baki Nýhil er að þetta sé svona andlegt gúlag sem við þrælum innan en það gera samt allir það sem þeim dettur í hug. Nýhil skilgreinir sig jafnóðum með því sem það gerir, og það getur breyst með fimm mínútna fyrirvara.“

Með vorinu eru væntanlegar nýjar bækur frá Nýhil en seinni hluti seríunnar sem kennd er við Norrænar bókmenntir mun brátt skila sér og að þessu sinni munu Steinar Bragi, Þórdís Björnsdóttir, Valur Brynjar Antonsson, Kristín Eiríksdóttir og Ófeigur Sigurðsson gefa út ljóðabækur í seríunni.

kristrun@frettabladid.is



ego dekor
BÆJARLIND 12 - S: 544 4420
201 KÓPAVOGUR
Opið: mán-fös 10.00-18.00 lau 10.00-16.00 sun 13:00-16:00
ego dekor
CAPRI leðursófasett
3+1+1 196.000.-
3+2 182.000.-
Fáanlegt í hvítu og dökkbrúnu leðri
MARS
TILBOÐ
á leðursófasettum
ego dekor
PRIMA leðurhornsófi
Fáanlegur í dökkbrúnu leðri
-20%
3+horn+2
Verð áður: 248.000.-
Verð nú: 198.400.-
-20%
2+horn+2
Verð áður: 232.000.-
Verð nú: 185.600.-
ego dekor
MILANO leðursófasett
3+1+1 228.000.-
3+2 208.000.-
Fáanlegt í hvítu og svörtu leðri
ego dekor
CAPRI leðurtungusófi
Fáanlegur bæði í hvítu og dökkbrúnu leðri
-20%
Verð áður: 212.000.-
Verð nú: 169.600.-
ego dekor
Leðursófasett 503
3+1+1 207.000.-
3+2 197.000.-
Fáanlegt í hvítu og dökkbrúnu leðri
ego dekor
LUNA leðursófasett
3+1+1 188.000.-
3+2 178.000.-
Fáanlegt í hvítu og dökkbrúnu leðri




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 1, 3.30, 5.45, 8 og 10.15 |
| BIG SÝND Í Í LÚXUS | kl. 1, 3.30, 5.45, 8 og 10.15 B.I. 14 ÁRA |
| RENT | kl. 8 og 10.45 B.I. 14 ÁRA |
| YOURS MINE AND OURS | kl. 1, 3.30 og 6 |
| PINK PANTHER | kl. 1, 3.30, 5.50, 8 og 10.10 |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.30 og 5.50 |
| WALK THE LINE | kl. 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| ZATHURA M/ÍSL. TALI | kl. 1 B.I. 10 ÁRA |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 4, 6.50, 9 og 11.10 |
| RENT | kl. 2.40 og 5.20 B.I. 14 ÁRA |
| CAPOTE | kl. 5.30 og 8 B.I. 16 ÁRA |
| CONTANT GARDENER | kl. 2.40 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| NANNY MCPHEE | kl. 2 (400 KR.) |
| PINK PANTHER | kl. 2 (400 KR.) og 8 |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 4, 6, 8 og 10 |
| YOURS, MINE & OURS | kl. 4 og 6 |
| RENT | kl. 10 B.I. 14 ÁRA |

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað




Fyrirlestur um **forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum**

*verður haldinn* ***miðvikudaginn 22. mars****, kl. 18:30 – 20:30, að Suðurlandsbraut 24, (3. hæð), Reykjavík.*

Fyrirlesturinn er ætlaður öllum sem vinna með börnum og unglingum. Einnig fyrir foreldra og aðra sem bera ábyrgð á börnum. Svarað verður spurningum eins og hvernig er hægt að fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum? Hver eru merkin? Hvert á að leita hjálpar? Af hverju segja börnin ekki frá? Hvernig og af hverju á ég að tala um þetta við börnin? Fyrirlesari er Svava Björnsdóttir, starfsmaður Blátt áfram. Aðgangur 1.500 kr. Nánari upplýsingar og skráning: svava@blattafram.is eða í síma 893-2929.

BLÁTT ÁFRAM!

www.blattafram.is





# Arctic Monkeys á Hróarskeldu

Sex nýjar hljómsveitir hafa bæst við Hróarskelduhátíðina sem verður haldin í Danmörku í sumar. Fyrst ber að nefna bresku sveitina Arctic Monkeys sem hefur verið að slá í gegn víða um heim með sína fyrstu plötu, Whatever People Say I Am, That‘s What I‘m Not. Einnig hafa bæst við bandarísku sveitirnar Clap Your Hands Say Yeah og Coheed & Cambria, Serena-Maneesh frá Noregi, hin danska Sterling og Wolfmother frá Ástralíu. Þess má geta að Clap Your Hands Say Yeah spilaði á Iceland Airwaves-tónlistarhátíðinni í fyrra við góðar undirtektir.

Áður höfðu stór nöfn á borð við Morrissey, Deftones, Sigur Rós, Franz Ferdinand, Tool og Kanye West stimplað sig inn á hátíðina.



**KANYE WEST** Rapparinn knái treður upp á Hróarskelduhátíðinni eins og svo margar aðrar stjörnur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES




**ARCTIC MONKEYS** Breska hljómsveitin Arctic Monkeys hefur bæst við Hróarskelduhátíðina.

Á Hróarskelduhátíðinni í ár verður boðið upp á svokallað „Spoken Word“ og „Poetry Slam“ en þar er lögð áhersla á ljóðaupplestur auk þess sem sögur eru sagðar. Fer dagskráin fram í tjaldi tileinkuðu þessum dagskrárlið.

Í „Poetry Slam“ takast þrjú lið á skipuð skáldum og keppa þau hvert á móti öðru en einnig keppa liðsmenn þeirra innbyrðis. Liðin eru kennd við Fjón, Jótland og Sjáland og þeir sem vilja taka þátt með eigin ljóðum geta sent tölvupóst á eftirfarandi netföng: sjaelland@poetryslam.dk (Sjáland), fyn@poetryslam.dk (Fjónn) og jylland@poetryslam.dk (Jótland).

# Góð í bakgrunninum

**[UMFJÖLLUN]**

**TÓNLIST**

Þetta er önnur plata Skagasveitarinnar Worm is Green en sú fyrsta vakti töluverða athygli á hljómsveitinni. Þá var mun meiri áhersla lögð á raftónana og söngur var lítill sem enginn. Allt var þetta gert á mjög smekklegan hátt en núna hafa áherslurnar breyst nokkuð hjá sveitinni. Poppið er komið í forgrunn og rafhljóðin eru í staðinn látin fljóta með í aukahlutverki. Guðríður Ringsted syngur nánast í hverju lagi, fyrir utan The Pop Catastrophe sem Brede nokkur Rörstad syngur með forsprakkanum Árna Teiti Ásgeirssyni.

Oft minnir þessi tónlist á sveitir á borð við Bang Gang og Gus Gus og því má segja að frumleikinn sem einkenndi Worm is Green á fyrstu plötunni sé að mestu horfinn með þessum breytingum.

Platan er samt sem áður uppfull af áhugaverðum, en jafnframt nokkuð þunglyndislegum popplögum. Í raun er þetta fín bakgrunnstónlist en sé hún höfð í forgrunni gæti hún orðið leiðigjörn.



**WORM IS GREEN: PUSH PLAY**

NIÐURSTAÐA:

**Frumleikinn** er horfinn á nýju plötunni, sem engu að síður hefur að geyma mörg áhugaverð en frekar þunglyndisleg popplög.

**Freyr Bjarnason**

# Moore í spennumynd

Bandaríska þokkagyðjan Demi Moore hefur ekki verið áberandi í kvikmyndalífinu undanfarið og ferill hennar virðist stefna beina leið niður. Samband hennar við ólátabelginn Ashton Kutcher hefur verið mun meira í fréttum en afrek hennar á hvíta tjaldinu en nú ætlar Moore að láta sverfa til stáls. Hefur hún tekið að sér hlutverk í spennumynd sem verður tekin upp í Louisville á næstunni. Leikstjóri er Brian Evans en önnur helstu hlutverk eru í höndunum á Kevin Costner og William Hurt.



**DEMI MOORE**

Moore mun feta í fótspor Julianne Moore og Jodie Foster en hún leikur rannsóknarlögreglukonu sem er á höttunum eftir raðmorðingja. Hann virðist kunna því vel og kolfellur fyrir henni en þetta minnir um margt á söguna af Clarice Sterling og Hannibal Lecter.




## ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE MATADOR | KL. 6-8:10-10:20 | B.I. 16 |
| THE MATADOR VIP | KL. 1:40-3:50-6-8:10-10:20 | |
| LASSIE | KL. 2-3:50-6 | |
| AEON FLUX | KL. 2-4-6-8-10:10 | B.I. 16 |
| SYRIANA | KL. 8:10-10:40 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 2-4-6-8-10:10 | |
| CASANOVA | KL. 6-8:10-10:20 | |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 2-4:10 | |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 2-4 | |

ÁLFABAKKI S: 587-8900

## KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| LASSIE | KL. 2-4-6 | |
| BIG MOMMA´S HOUSE 2 | KL. 6-8-10 | |
| AEON FLUX | KL. 8-10 | B.I. 16 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 2-4 | |

## AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| LASSIE | KL. 2-4-6 | |
| THE MATADOR | KL. 8-10 | B.I. 16 |
| AEON FLUX | KL. 10 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 6 | |
| PRIDE & PREJUDICE | KL. 8 | |
| CRONICLES OF NARNIA HELGARTILBOÐ 400 kr. | KL. 3:30 | |
| BAMBI 2 ísl. tal HELGARTILBOÐ 400 kr. | KL. 2 | |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

## KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| LASSIE | KL. 12-2:10-4:20-5:50-8 | |
| THE NEW WORLD | KL. 8-10:40 | B.I. 12 |
| THE PINK PANTHER | KL. 12-2-4-6-10:10 | |
| DERAILED | KL. 8 | B.I. 16 |
| MUNICH | KL. 10 | B.I. 16 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 12-2-4 | |

KRINGLAN S: 588-0800

## Háskólabíó

| | | |
|---|---|---|
| THE MATADOR | KL. 6-8-10 | B.I. 16 |
| THE NEW WORLD | KL. 5:15-8-10:45 | B.I. 12 |
| THE WORLD´S FASTEST INDIAN | KL. 5:30-8-10:30 | |
| SYRIANA | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| CRASH | KL. 8 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 4-6-10:15 | |
| PRIDE & PREJUDICE | KL. 3 | |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 3 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 3 | |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 3 | |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


# Líf Jacks Bauer




**24 THE GAME**

VÉLBÚNAÐUR: PLAYSTATION 2

**Niðurstaða:** Sannkölluð 24 upplifun sem hægt er að mæla með fyrir aðdáendur þáttanna.

Sjónvarpsþættirnir um Jack Bauer og félaga hjá CTU hafa notið gríðarlegra vinsælda undanfarin ár þannig að það hlaut að koma að því að Sony Computer gerði tölvuleik byggðan á þáttunum.

Hér hefur ekkert verið sparað; allir aðalleikarar þáttanna ljá leiknum andlit sín og raddir, höfundar þáttanna skrifa handritið að leiknum og tónlist og hljóð eru þau sömu og notuð eru í sjónvarpinu. Leikurinn sjálfur er svo blanda af skotleik, bílaleik og míníleikjum, en allt þetta ásamt pottþéttum söguþræði skilar sér í þéttum og skemmtilegum leik.

Hryðjuverkamenn, mannrán, óvæntar fléttur í sögunni, tifandi klukka og allt annað gera þennan leik að sannri 24-upplifun. Leikurinn á sér stað á milli annarrar og þriðju þáttaraðarinnar og svarar mörgum spurningum um persónur og atburði. Leikmenn fá að stýra Jack Bauer, Kim Bauer, Tony Almeida, Michelle Dressler og fleiri starfsmönnum CTU. Leikmenn geta handleikið hin ýmsu vopn, en þar á meðal eru leyniskytturifflar, haglabyssur, skammbyssur og vélbyssur. Þar að auki taka leikmenn þátt í æsispennandi bílaeltingaleikjum þar sem keyrt er um Los Angeles þvera og endilanga. Míníleikirnir ganga svo út á að yfirheyra illmenni með aðferðum sem Jack Bauer er þekktur fyrir, aftengja sprengjur, opna lása og margt fleira. Ef leikurinn fjallaði bara um Jóa á bolnum, en ekki Jack Bauer og félaga, væri hann aðeins í góðu meðallagi, en það er 24-stemningin sem gerir leikinn að toppleik sem óhætt er að mæla með.

**Ólafur Þór Jóelsson**




# AIRBRUSH

**námskeið - EKKI missa af þessu!**

**Helgarnámskeið með einum virtasta förðunarmeistara heims, Ralph Siciliano. Einstakt tækifæri til að kynnast töfrum airbrush tækninnar. Innifalið í námskeiðsgjaldi eru kennslugögn og veglegur vörupakki: - Kennsla í tvo daga**

- Loftpressa með höldu fyrir airbrush penna.
- Airbrush penni með skál að ofan.
- 12 litir af S/B farða (1 oz)
- Kinnalitir og skygging, start pakki
- S/B hreinsir
- S/B Primer
- Airbrush rakakrem
- Dura litir, 8 litir í pakka, Primary, skintone,shimmer.

Verð: 98.000 kr. Hámark 12 þátttakendur. Skráning í síma 565-2300 eða **skoli@rifka.is**
Skoðið: www.temptu.com; www.ralphsiciliano.com; www.rifka.is

**Förðunarskóli rifka,**
Hjallabrekku 1, 200 Kópavogi.



RENAULT
"VERTU Á ÖRUGGASTA BÍLNUM"




| Kangoo | Trafic | Master |
|---|---|---|
| Renault Kangoo | Renault Trafic dci100 – Dísel | Renault Master |
| Verð frá kr. 1.440.000 | Verð frá kr. 2.230.000 | Verð frá kr. 2.390.000 |
| **Verð frá kr. 1.156.527 án vsk** | **Verð frá kr. 1.791.165 án vsk** | **Verð frá kr. 1.919.679** án vsk. |
| Fjármögnunarleiga kr. 22.582 | Fjármögnunarleiga kr. 34.696 | Fjármögnunarleiga kr. 37.224 |
| **Fjármögnunarleiga kr. 18.138** án vsk. | **Fjármögnunarleiga kr. 27.868** án vsk. | **Fjármögnunarleiga kr. 29.899**án vsk. |



* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun án/vsk.

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**



## Bjarni aftur í „fjarkann“

Bjarni Guðjónsson mun leika í treyju númer 4 hjá ÍA eins og hann gerði forðum. Gunnlaugur Jónsson hefur borið það númer síðustu ár. Bróðir Bjarna, Þórður, verður í treyju númer 10 en Arnar Gunnlaugsson mun bera númerið 13 á bakinu.

# sport

sport@frettabladid.is

# 60 SEKÚNDUR MEÐ SVERRI BJÖRNSSYNI

**Besti sóknarmaður DHL-deildarinnar er...** Tite Kalandadze.
**Besta bíómynd allra tíma er...** Shawshank Redemption
**Neighbours eða Bold and the Beautiful?** Neighbours, engin spurning
**Fram eða KA...** 1x2
**Vörn er...** skemmtileg
**Gummi Gumm er...** toppþjálfari
**Ertu besti varnarmaður deildarinnar?** Klárlega (hlátur)
**Kemstu í landsliðið?** Vonandi
**Hvað óttastu mest?** hunda
**Megas eða Mezzoforte?** Mezzoforte
**iPod eða útvarpið?** Útvarpið, er svo gamall
**Stallone eða Schwarzenegger?** Stallone
**Ronn Moss er...** jafnsvalur og Halli Þorvarðar



## > Andri Steinn í Grindavík

Andri Steinn Birgisson er genginn í raðir Grindvíkinga og hyggst reyna að spila með liðinu í Landsbankadeildinni í sumar. Hann meiddist á baki þegar hann lenti í bílslysi á Englandi þar sem hann var til reynslu hjá Notts County. Hann eltir þar með Sigurð Jónsson, þjálfara Grindavíkur, úr Víkingi. Andri lék níu leiki og skoraði tvö mörk fyrir Víkinga sem urðu í öðru sæti 1. deildarinnar. Hann er fæddur 1983 og hefur verið duglegur við að skipta um lið undanfarin ár. Grindavík er sjötta lið hans á sex árum en áður en hann var í herbúðum Víkinga var hann hjá Fram, Fylki, Aftureldingu og Fjölni.



Varnarmaðurinn Walter Samuel hefur sterkar skoðanir:

# Vill ekki fá Ronaldo í Inter

**FÓTBOLTI** Varnarmaðurinn Walter Samuel hjá Inter segir að ítalska félagið eigi ekki að sækjast eftir því að fá brasilíska sóknarmanninn Ronaldo til liðsins. Samuel og Ronaldo voru liðsfélagar hjá Real Madrid á Spáni þar til Samuel var seldur til Inter þar sem hann hefur endurheimt sæti sitt í argentínska landsliðinu.

„Ronaldo hefur mikla hæfileika en það eru margir aðrir leikmenn sem henta okkur betur. Ég tel þetta ekki vera rétta tímann til að sækjast eftir Ronaldo,“ sagði Samuel. Ronaldo hefur legið undir harðri gagnrýni fyrir að vera of þungur og hefur hann ekki átt sjö dagana sæla að undanförnu.

- egm



**FUNDIÐ FYRRA FORM** Walter Samuel hefur leikið vel fyrir Inter eftir vonbrigðin hjá Real Madrid. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES


## Námskeiðið **Verndarar barna**

***verður haldið fimmtudaginn 23. mars, kl. 8:30 – 12:00, að Suðurlandsbraut 24, (3. hæð), Reykjavík.***

Markmið námskeiðsins er að veita fullorðnu fólki öfluga fræðslu og markvissa þjálfun í að fyrirbyggja, þekkja og bregðast við kynferðislegri misnotkun barna af hugrekki og ábyrgð. Fyrirlesari er Svava Björnsdóttir, starfsmaður Blátt áfram. Verð kr. 9.000. Nánari upplýsingar og skráning: svava@blattafram.is eða í síma 893-2929.



Svava Björnsdóttir

BLÁTT ÁFRAM!

www.blattafram.is





# Fjölnismenn létu Keflavík hafa fyrir hlutunum í gær

## Keflvíkingar eru komnir áfram í úrslitakeppni Iceland Express-deildarinnar. Þrátt fyrir góða baráttu Fjölnis náði liðið ekki að leggja Íslandsmeistarana.

**KÖRFUBOLTI** „Fjölnismenn léku alveg hörkuvel enda að berjast fyrir lífi sínu. Þeir lögðu sig mun meira fram en í fyrri leiknum og létu okkur vinna fyrir hlutunum. Ég er bara feginn að sleppa héðan með sigur og þannig séð spilaði smá heppni inn í þetta,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur, eftir að hans menn náðu að tryggja sér inn í aðra umferð úrslitakeppninnar með naumum 87-84 sigri á Fjölni í Grafarvoginum í gær. „Það er mjög þægilegt að hafa náð að klára þetta í tveimur leikjum, það veitir manni ekki beint neitt forskot en góðan aukafrídag,“ sagði Sigurður.

Það var hart barist í Grafarvoginum í gær og mikið jafnræði með liðunum allan leikinn. Keflvíkingar voru þó oftast aðeins á undan, höfðu tveggja marka forskot eftir fyrsta leikhlutann og einnig þegar gengið var til búningsherbergja í hálfleik 45-43. Eftir þriðja leikhlutann var forysta gestana fimm stig en í þeim fjórða og síðasta var allt í járnum og mikil spenna á lokamínútunum.

Staðan var 84-84 þegar hálf mínúta var eftir af leiknum og Keflvíkingar fóru í sókn og þar var það Gunnar Einarsson sem skoraði. Fjölnismenn voru of ákafir, misstu boltann og brutu síðan af sér. Arnar Freyr Jónsson skoraði úr öðru vítakastinu og Keflavík með þriggja stiga forskot. Á lokasekúndunum tók Magnús Pálsson þriggja stiga skot fyrir Fjölni og freistaði þess að jafna en það tókst ekki og úrslitin 84-87.

„Við gerðum allt sem við gátum til að klára þetta Keflavíkurlið en það var bara ekki nóg. Það eru blendnar tilfinningar, ég er ánægður með hvernig við spiluðum leikinn en það var hrikalega svekkjandi að tapa. Við vorum að tapa of mörgum óþarfa boltum en þetta var mun skárri leikur en sá í Keflavík. Maður er í þessu til að vinna, við erum alveg ánægðir en við stefnum hærra og ætlum að komast á sama stað og Keflavík er á,“ sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari Fjölnismanna.

A.J Moye var besti leikmaður Keflavíkur og skoraði 37 stig en eins og oft áður var það Nemanja Sovic sem var lykilmaður Fjölnis með 25 stig. Á eftir honum kom Grady Reynolds með tuttugu stig en hann gat ekki tekið þátt í lokasprettinum í leiknum í gær þar sem hann fékk sína fimmtu villu í fjórða leikhluta.

- egm



**STAL SENUNNI** AJ Moye virðist ætla að draga Kefavíkurhraðlestina alla leið í úrslit en hann var enn eina ferðina yfirburðamaður á vellinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Snæfell og KR þurfa að mætast þriðja sinni:

# Scott tryggði KR oddaleik gegn Snæfelli

**KÖRFUBOLTI** Það var rafmögnuð spenna í íþróttahúsinu í Stykkishólmi í gær þegar KR og Snæfell mættust öðru sinni í átta liða úrslitum Iceland Express-deildarinnar. Snæfell vann fyrsta leikinn vestur í bæ og gat því tryggt sig inn í undanúrslitin með sigri á heimavelli í gær.

Leikur liðanna var æsispennandi frá upphafi til enda og það var vel við hæfi að úrslitin skyldu ekki ráðast fyrr en í blálok leiksins. Snæfell var yfir, 62-60, þegar 2,6 sekúndur lifðu leiks en KR nýtti þessar sekúndur vel því Melvin Scott skoraði úr þriggja stiga körfu um leið og tíminn rann út og tryggði KR sigur.

„Þetta var alveg rosalegt,“ sagði kátur þjálfari KR, Herbert Arnarson, eftir leikinn. „Við vorum með frumkvæðið að þessu sinni en annars var þetta jafnt eins og alltaf hjá þessum liðum. Við erum búin að mætast sex sinnum í vetur en það munar samt aðeins sjö stigum á liðunum sem segir sína sögu. Leikirnir ráðast líka oftast á lokaskotinu og ég hef sagt það í gríni að við þurfum bara að skora úr lokaskotinu, þá vinnum við.“

- hbg

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Iceland Express-deild karla:*

| FJÖLNIR-KEFLAVÍK | 84-87 |
|---|---|

**Stig Fjölnis:** Nemanja Sovic 25, Grady Reynolds 20, Marvin Valdimarsson 10, Hörður Axel Vilhjálmsson 10, Hjalti Þór Vilhjálmsson 8, Alexander Ivanovic 5.

**Stig Keflavíkur:** AJ Moye 37, Vlad Boer 13, Arnar Freyr Jónsson 11, Magnús Þór Gunnarsson 10, Jón Norðdal Hafsteinsson 10, Gunnar Einarsson 2.

**Keflavík vann** einvígið, 2-0.

| SNÆFELL-KR | 62-63 |
|---|---|

**Eins ótrúlega** og það hljómar þá gleymdu starfsmenn Snæfells að taka tölfræði í fyrri hálfleik í gær og því vart hægt að styðjast við þær tölur sem gefnar voru upp í gærkvöldi. Hreint ótrúleg uppákoma sem á sér enga hliðstæðu og það sem gerir þessa uppákomu enn ótrúlegri en ella er að þetta skuli eiga sér stað í sjálfri úrslitakeppninni.




**SVEKKTIR** Stuðningsmenn Pacers tóku ekki vel á móti Ron Artest.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Artest fékk óblíðar móttökur:

# Baulað á Artest í Indiana

**KÖRFUBOLTI** Það var ekki tekið vel á móti Ron Artest þegar hann sneri í fyrsta skipti aftur til Indianapolis með nýja liðinu sínu, Sacramento Kings. Artest hefur örugglega aldrei heyrt eins hávært baul í höllinni og leikmenn Detroit Pistons hafa ekki einu sinni fengið eins slæma móttöku.

Þakið ætlaði af húsinu þegar Artest var kynntur til leiks og stuðningsmenn Indiana bauluðu á hann í hvert skipti sem hann fékk boltann og héldu mótmælin út allan leikinn.

Til að bæta gráu ofan á svart fyrir Artest vann Indiana leikinn og hann átti slæman leik með 18 stig en skelfilega skotnýtingu. - hbg



**MESSI OG GARCIA** Spænsku stórliðin Barcelona og Real Madrid eru bæði í G14.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

G14 blæs á kjaftasögurnar:

# Ný deild ekki stofnuð

**FÓTBOLTI** Breska blaðið Guardian sagði frá því í gær að þau félagslið sem skipa G14-hópinn svokallaða væru að íhuga að hætta þátttöku í Meistaradeild Evrópu. Blaðið segir að þau átján lið sem myndi hópinn hyggist stofna sína eigin Evrópukeppni. G14 var samt ekki lengi að neita þessum fregnum í gær og ætti það því að róa menn innan knattspyrnusambands Evrópu.

„Að hætta í Meistaradeildinni væri röng ákvörðun og við styðjum það alls ekki," sagði Thomas Kurth hjá G14. Mörg frægustu félög Evrópu mynda G14-hópinn en þar má nefna lið eins og Manchester United, Juventus, Barcelona og Bayern München. - egm

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

16 17 18 **19** 20 21 22

### Sunnudagur

**LEIKIR**

- 18.00 **Haukar** og **Víkingur** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 19.15 **ÍR** og **Njarðvík** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta.
- 19.15 **Grindavík** og **Skallagrímur** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta.

**SJÓNVARP**

- 11.25 **Formúla 1** á RÚV. Bareinkappaksturinn endursýndur.
- 13.50 **Ítalski boltinn** á Sýn. Udinese gegn AC Milan í beinni.
- 17.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Real Madrid gegn Real Betis í beinni.
- 19.50 **Golf** á Sýn. Bay Hill-mótið í beinnu útsendingu.
- 21.15 **Helgarsportið** á RÚV.

Stórskemmtileg tímataka í Formúlu 1 í gærmorgun:

# Fisichella á ráspól

**FORMÚLA 1** „Þetta verður mjög erfitt fyrir mig en ég ætla að reyna að fá eins mörg stig og hægt er. Við skulum bara bíða og sjá hvernig keppnin sjálf þróast. Þetta voru leiðinleg mistök en það þýðir ekkert að væla, þetta er búið og gert," sagði heimsmeistarinn Fernando Alonso en hann verður áttundi á ráspól í Formúlu-1 keppninni í Sepang. Fyrir mistök var sett bensín tvisvar á bíl hans í lokalotu tímatökunnar í gærmorgun og því fór sem fór.

„Það voru gerðar breytingar á bíl mínum sem ég vil þakka þennan árangur. Ég er hæstánægður með minn hlut og fannst mjög þægilegt að keyra bílinn," sagði Fisichella mjög kátur eftir tímatökuna og skal engan undra en hann hefur mátt lifa í skugga félaga síns Fernando Alonso ansi lengi.

Jenson Button á Honda varð annar og þriðji Nico Rosberg á Williams. Magnaður árangur hjá Rosberg, sem er tvítugur nýliði í Formúlu 1 og er aðeins að fara að keppa í sínu öðru móti.

„Liðið hefur unnið frábæra vinnu þessa helgina og ég tel að við verðum öflugir í mótinu," sagði Rosberg. Annars var mikið um vélarbilanir í tímatökunni, sem var stórskemmtileg og spennandi og lofar mjög góðu fyrir keppnina sjálfa. - egm



**FREMSTUR** Giancarlo Fisichella mun byrja fremstur í Barein-kappasktrinum sem hófst snemma í morgun.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



# Ætla að spila með Völsungi á Húsavík ef ég enda ferilinn á Íslandi

Íþróttamaður ársins, **Eiður Smári Guðjohnsen**, svarar í dag spurningum lesenda Fréttablaðsins og Vísis. Margt áhugavert kemur fram í viðtalinu og nægir þar að nefna að Eiður útilokar ekki að feta í fótspor föður síns og afa og spila með Völsungi. Eiður játar að hann hafi gaman af Silvíu Nótt og svo upplýsir hann að Ricardo Carvalho fái oft að heyra það frá Jose Mourinho.



**FRÁ CHELSEA TIL VÖLSUNGS?** Eiður Smári Guðjohnsen segir í viðtali við lesendur Fréttablaðsins og Vísis að hann muni enda ferilinn með Völsungi á Húsavík fari svo að hann spili aftur á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

**Kristinn Bjarnason, Hveragerði, 23 ára. Telur þú að frægðin hafi stigið þér til höfuðs eftir að þú komst í hóp meðal bestu knattspyrnumanna heims?**

Nei, ég reyni að láta það ekki gerast og vona að mér takist það.

**Karl Gunnarsson, Reykjavík, 27 ára. Ég var að velta því fyrir mér hvort þú hafir einhvern tímann boðið einhverjum sem á við alvarleg veikindi ad stríða a völlinn ?**

Ég hef nokkrum sinnum boðið börnum á völlinn. Síðast bauð ég ungum enskum strák sem var með alvarlegt krabbamein.

**Rúnar Ólafsson, Reykjavík, 30 ára. Ég er með strák sem er 10 ára og er rétt núna að fá fótboltadellu. Hvernig er best að fara að því að virkja meira áhugann hjá honum?**

Fara saman á völlinn er gott ráð en annars held ég að áhuginn komi yfirleitt af sjálfu sér. Svo eru náttúrlega alltaf einhverjir sem bara hafa ekki áhuga á fótbolta.

**Egill Harðarson, Reykjavík, 30 ára Ef þú mættir velja hvaða leikmann sem er til að spila þér við hlið, hvern myndir þú velja?**

Ronaldinho í Barcelona.

**Gunnar Gunnarsson, Egilsstöðum. Veistu til þess að Manchester United hafi reynt að ná í þig eða fylgst náið með þér? Ef já - hvenær var það og hvað kom í veg fyrir að þú færir til United?**

Já, ég veit að þeir voru að fylgjast með mér fyrir fjórum árum. Ken Bates sem átti Chelsea kom í veg fyrir það. Það er svo ekki víst að ég hefði viljað fara ef það hefði komið til.

**Atli Sigurðsson, Reykjavík, 16 ára. Léstu þig detta í fyrri leik ykkar við Liverpool þegar Alonso fékk gult spjald í undanúrslitum meistaradeildarinnar?**

Nei. Hann kom mér úr jafnvægi.

**Jón Þór Tryggvason, Keflavík, 14 ára. Hvernig bíla áttu?**

Range Rover.

**Rafn Gíslason, Reykjavík, 40 ára. Það fer ekki á milli mála að þú ert sterkbyggður með mikinn vöðvamassa. En þú virkar á mynd sem að þú sért 3-4 kílóum of þungur, hvað segir þú um það ?**

Ég fæ sekt frá Chelsea ef ég er of þungur. Ég hef ekki verið sektaður enn.

**Vala Margrét, Hveragerði, 16 ára. Hver er uppáhaldsstaðurinn þinn á Íslandi?**

Minn uppáhaldsstaður á Íslandi er Þingvellir.

**Örn Arnarsson, Reykjavík, 35 ára. Hvað fór í gegnum huga þinn er þú labbaðir inn á völlinn fyrir landsleik ykkar á móti Trínidad og Tóbagó? Er ekki ógerningur að ná upp stemningu í svoleiðis leik, svona mitt á milli stórleikjanna með Chelsea?**

Það er það, jú. Það er mjög erfitt og þar sem ég var að eignast barn daginn eftir átti það allan hug minn þennan dag.

**Örn Geir Arnarson, Hafnarfirði, 10 ára. Hver er uppáhaldshljómsveitin þín ?**

Rolling Stones.

**Brynjar Mar Bjarnason, Breiðholti, 16 ára. Hvaða stöðu spilaðirðu í þinum allra fyrsta leik?**

Á miðjunni, með ÍR, minnir mig.

**Jóhannes Jóhannsson, Reykjavík, 21 árs. Eru paparazzi-ljósmyndarar mikið á eftir þér?**

Ekki á eftir mér en það hafa verið teknar myndir af mér inni í London af slíkum ljósmyndurum.

**Viktor Jónsson, 108 Reykjavík, 13 ára. Hverju mælirðu með fyrir litla krakka þarna úti sem eiga sér þann draum að verða atvinnumenn í fótbolta??**

Æfa eins mikið og hægt er og hafa bolta með sér hvert sem maður fer.

**Gunnlaugur Jón Ingason, Hafnarfirði, 14 ára. Hvernig æfingar tókstu fyrir þegar þú æfðir þig aleinn á yngri árum?**

Tækniæfingar. Fyrst og fremst móttökur á bolta, skjóta fast í vegg og taka boltann niður.

**Halldór Björnsson, Grindavík, 23 ára. Með hvaða leikmönnum eyðirðu mestum tíma, það er að segja, af þessum hóp hverjir eru þínir vinir?**

Frank Lampard og John Terry og svo er Damien Duff líka góður vinur minn.

**Fannar, Reykjavík, 19 ára. Ég hef löngum velt því fyrir mér hvaða leikmaður í Chelsea er skemmtilegastur og hver er leiðinlegastur?**

Skemmtilegastur er Damien Duff, en það er best að ég haldi því út af fyrir mig hver er leiðinlegastur.

**Sigríður, Rvk, 13 ára. Fílarðu Silvíu Nótt?**

Já, mér finnst hún mjög fyndin.

**Svala Rut, Öxarfirði, 15 ára. Við hvaða lið finnst þér skemmtilegast að spila? Hver er skemmtilegasti leikur sem þú hefur spilað?**

Mér finnst skemmtilegast að spila við Barcelona og skemmtilegasti leikur sem hef spilað var á móti Barcelona í fyrra þegar við unnum 4-2.

**Pálína, Íslandi, 15 ára. Ertu fylgjandi því að fylla Ísland af álverum og rústa landinu okkar?**

Ég er ekki fylgjandi því að landinu okkar sé rústað alveg sama hvað á í hlut.

**Hörn Heiðarsdóttir, Reykjavík, 13 ára. Með hvaða liði hélstu í enska boltanum þegar þú varst lítill?**

Tottenham, þegar ég var ungur og vitlaus!

**Hjalti Ómarsson, Reykjavík, 21 árs. Heldur þú að meiðslin sem þú máttir þola á þínum yngri árum hafi haft áhrif á snerpu þína og haldi stundum aftur af leik þínum í dag? Hvað telur þú að sé þinn mesti galli á vellinum?**

Já, ég held að þau hafi haft áhrif á hvernig ég mótaðist sem knattspyrnumaður.

Mín veikasta hlið er kannski að skalla.

**Brynjar Gunnarsson, Vesturbænum, 17 ára. Hver er besti varnarmaðurinn í ensku deildinni utan Chelsea? Hvaða lið í enska boltanum er skemmtilegast að vinna?**

Jamie Carragher. Skemmtilegasta liðið að vinna er Tottenham.

**Brynjar Emil Friðriksson, Keflavík, 27 ára. Á hvaða leikvangi finnst þér besta andrúmsloftið í ensku úrvalsdeildinni, fyrir utan Stamford Bridge?**

Anfield hjá Liverpool. Þar eru mestu lætin.

**Hafsteinn J. Brynjólfsson, Hafnarfirði, 15 ára. Ef þú endar ferilinn á Íslandi, hvaða liði hefurðu hugsað þér að spila með?**

Völsungi á Húsavík.

**Birgir Rúnar Halldórsson, Hfj, 16 ára. Hvernig er matseðillinn hjá þér frá morgni til kvölds? Borðarðu mikið af nammi og sukki? Notarðu fæðubótarefni?**

Haframjöl á morgnana. Kjúklingur og pasta í hádegi. Yfirleitt einhverskonar prótin á kvöldin hvort sem það er fiskur, kjúklingur eða kjöt. Borða nánast aldrei nammi. Tek lýsi en ekki fæðubótarefni.

**Svanur Páll, Vestmannaeyjum, 9 ára. Hver var uppáhaldsleikmaðurinn þinn í enska boltanum þegar þú varst yngri?**

Eric Cantona, Manchester United.

**Hrund Heimisdóttir, 200 Kópavogur, 13 ára. Er ekki erfitt að vera fótboltamaður? Sérðu fjölskylduna sjaldan?**

Ég er svoldið mikið í burtu og mikið á hótelum en á móti kemur stuttur vinnudagur yfirleitt. Og þegar ég er í London hef ég góðan tíma með fjölskyldunni inni á milli.

**Viktor, Reykjavík, 12 ára. Mestu mistök í leik?**

Klúðraði víti í landsleik þegar ég átti möguleika á gera þrennu.

**Arnar Ægisson, Hafnarfirði, 29 ára. Hvað ertu með í forgjöf í golfi?**

Ég er með 18 og ég spila bara golf í góðu veðri.

**Róbert Þórhallsson, Reykjavík, 25 ára. Hvaða liðsfélaga þínum finnst/fannst þér skemmtilegast að leika með?**

Jimmy Floyd Hasselbaink er enn í uppáhaldi.

**Guðlaugur Karlsson, Reykjavík, 25 ára. Þegar þú ferð á Bæjarins bestu og færð þér pylsu, hvað lætur þú setja á hana og hvað færð þú þér margar?**

Ég borða mjög sjaldan pylsur, en ég myndi fá mér með öllu nema hráum og bara eina. Í mesta lagi tvær.

**Gunnlaugur Karlsson, Njarðvík, 25 ára. Hver besti leikmaðurinn sem þú hefur mætt í ensku úrvalsdeildinni?**

Patrick Vieira.

**Rúnar Ágúst Svavarsson, Seltjarnarnesi, 24 ára. Hver finnst þér vera besti bjór í heimi?**

Grolsch er í uppáhaldi.

**Haukur Elvar Hafsteinsson, Reykjavík, 21 ára. Mig langar að spyrja hvernig maður Mourinho er? Flengir hann ykkur ef þið spilið illa og er einhver sérstakur sem er í uppáhaldi hjá honum að flengja?**

Hann flengir engan en lætur menn heyra það og Carvalho fær oft að heyra mest.

**Konráð Jónas, Reykjavík, 25 ára. Færðu þér strípur í ljósu lokkana? Hvort finnst þér ljósabekkir eða**



**HRIFINN AF RONALDINHO** Eiður Smári segist myndu spila með Ronaldinho sér við hlið ef hann mætti velja sér einn draumafélaga. Þeir sjást hér bítast um boltann í leik Barcelona og Chelsea á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



spray-on brúnka betri? Og hvaða snyrti-tips áttu fyrir okkur metrómennina?**

Ég hef aldrei prófað spray on. Hef fengið mér strípur en það er dálitið langt síðan. Eina snyrtitipsið sem ég get gefið er að lykta vel.

**Stefán Benedikt Stefánsson, Rvík, 30 ára. Ef þú færir í annað lið,hvaða lið væri þá þitt draumalið?**

AC Milan.

**Gunnar Ásgeirsson, Kópavogi, 41 árs. Nú bendir allt til þess að Ballack komi til Chelsea. Hvaða álit hefur þú á honum sem leikmanni og kemur þetta til þess að hafa áhrif á þína stöðu innan liðsins?**

Mér finnst hann mjög góður leikmaður. Nei, ég á ekki von á því þetta hafi mikil áhrif á mína stöðu. Þetta undirstrikar enn einu sinni að maður verður alltaf að sýna sitt besta og vera í topp formi.

**Arna Diljá Guðmundsdóttir, Garðabæ, 17 ára. Hverju þakkarðu velgengni þína ?**

Guði og fjölskyldu og smá sjálfum mér.

*Hægt er að sjá fleiri svör Eiðs Smára við spurningum lesenda Fréttablaðins og Vísis inni á visir.is.*



SUNNUDAGSPENNINN SVALI H. BJÖRGVINSSON

# Ráðast úrslitin af dagsforminu?

Í upphafi úrslitakeppninnar í körfuknattleik er hollt að velta stuttlega fyrir sér hvað ræður úrslitum leikja. Hverjir koma til með að vinna mótið? Strax í fyrstu umferð er ljóst að áþekk lið mætast og þá er næsta víst að undanúrslitin verða jöfn og að úrslitin sjálf verða spennandi, a.m.k. bendir lokaniðurstaðan í deildinni til þess. Efsta lið vann 18 leiki en Snæfell, sem endaði í 6. sæti, vann 14 leiki.

Þegar þjálfarar og jafnvel lærðir fræðimenn rýna í leiki og mögulegan gang þeirra er oft vísað í dagsformið. Sagt er að úrslit leikja ráðist af dagsforminu. Reyndir þjálfarar og sérfræðingar setja sig jafnvel í gáfulegar stellingar fyrir mikilvæga kappleiki og vísa í þetta svokallaða dagsform: „Þetta ræðst af dagsforminu“. Hér er ugglaust átt við form eða ástand af einhverju tagi sem leikmaður og/eða lið er í eina stundina en ekki aðra. Samkvæmt því þá gæti dagsformið verið í lagi fyrir hádegi tiltekinn dag, en ekki seinni part sama dags. Því er tíma- og dagsetning leikja nokkuð sem vert er að rannsaka af kostgæfni til að skilja eðli og uppruna þessa þýðingamikla forms. Því mikilvægari sem leikurinn er, því oftar er vísað í dagsformið. Fréttaritarar íþróttadeilda gleypa þessa skýringu og nota hana jafnvel til að koma eigin snilligáfu og innsæi til skila og spyrja jafnvel fyrir leiki: „Ræðst þetta ekki af dagsforminu gæskurinn?“

Í framhaldinu finnst mér eðlilegt að reyna að skilgreina þennan þýðingarmikla áhrifaþátt sem virðist ráða svo miklu um gang leikja, með það að markmiði að reyna að þjálfa leikmenn í því að vera í góðu dagsformi öllum stundum. Nú er almennt viðurkennt að besta leiðin til að hitta betur úr vítaskotum er einfaldlega að æfa vítaskot, en um dagsformið virðist gilda önnur lögmál. Þar virðast ekki gilda einföld lögmál kennslufræðinnar, um æfingu og endurtekningar til að hámarka afköst, heldur frekar lögmál veðurfræðinnar: annað hvort er rigning eða ekki. Það sem er hins vegar ólíkt er að okkur hefur tekist að þróa ágætar aðferðir til að spá með nokkurri vissu um veðrið, en það virðist ógjörningur að spá fyrir um dagsformið.

Það er ekki fyrr en eftir leik sem við getum sagt hvort þetta mikilvæga dagsform hafi verið okkur í hag eður ei. Hafi sigur unnist þá var dagsformið okkur í hag en í tapleik var dagsformið hreinlega ekki í lagi. Vandinn er hins vegar sá að eftir leikinn er nánast útilokað að snúa úrslitum hans við, það er einfaldlega of seint. Hugsanlega væri hægt að kæra niðurstöðuna en það ber afar sjaldan árangur. Það besta sem við getum gert í stöðunni er að vona að lögmál tilviljunar virki á dagsformið líkt og þegar krónupeningi er kastað, þannig að dagsformið verði okkur í hag í helmingi tilvika. En svo virðist að jafnvel tilviljunarlögmálin virki ekki á dagsformið.

Með tali um dagsformið er í raun verið að varpa frá sér ábyrgð og treysta á afar vafasöm fræði eins og heppni eða slakan undirbúning andstæðinganna. Dagsformið hefur sennilega álíka mikil áhrif á úrslit leikja og veðrið í þeim íþróttum sem keppt er í innandyra. Við þurfum ekki að leita flókinna skýringa til að spá fyrir um úrslit leikja. Það lið sem hefur betri körfuknattleiksmenn (t.d. hittir betur úr skotum sínum), þar sem hlutverkaskipan er skýr, er betur þjálfað og betur undirbúið og, síðast en ekki síst, það lið sem leggur sig betur fram, vinnur mikinn meirihluta leikja.

Það var ekkert að dagsforminu hjá Njarðvíkingum þegar þeir mættu Keflavík um daginn í úrslitaleik deildarkeppninnar. Það vantaði hins vegar talsvert upp á skipulagðan sóknarleik og góð svör við sterkri vörn Keflavíkur. Sóknarleikur Njarðvíkinga einkenndist einna helst af því að hinn stórgóði leikmaður þeirra, Jeb Ivey, reyndi að skoppa knettinum svo títt og mikið að andstæðingarnir fengju varnarleiða og gleymdu stað og stund. En án árangurs. Þá virtist einnig verulegur skortur á samstöðu innan liðsins við að svara afar sigurviljugum Keflvíkingum. Svo áfram sé haldið, þá er það ekki dagsformið sem hefur verið Keflavík svona hentugt á liðnum misserum og Valsmönnum svo sérdeilis óhentugt. Keflvíkingar eru einfaldlega góðir í körfuknattleik, prýðisgóðir leikmenn og með góða erlenda leikmenn, ágæta þjálfara og afar mikla þekkingu á því hvernig vinna á leiki. Valsmenn á hinn bóginn hafa einfaldlega verið með frekar slakt lið í samanburði við þau bestu og leiðin til að breyta því er ekki að setja saman dagsformsstyrkjandi æfingaprógramm, heldur æfa betur leikinn fagra.



Að þessu sögðu óska ég leikmönnum og þjálfurum alls hins besta í komandi úrslitakeppni. Megi hún verða í senn spennandi og hörð en á sama tíma drengileg. Þá vona ég að dagsformið verði með öllum liðum, öllum stundum – „may the force be with you“. Að lokum finnst mér við hæfi að gera orð séra Friðriks að mínum: „Látið ekki kappið bera fegurðina ofurliði.“

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### Enska úrvalsdeildin

**ARSENAL - CHARLTON 3-0**
1-0 Robert Pires (13.), 2-0 Emmanuel Adebayor (32.), 3-0 Alexandr Hleb (49.).

**BIRMINGHAM - TOTTENHAM 0-2**
0-1 Aaron Lennon (66.), 0-2 Robbie Keane (78.).

**BLACKBURN - MIDDLESBROUGH 3-2**
1-0 Craig Bellamy (11.), 1-1 Mark Viduka (16.), 2-1 Morten Gamst Pedersen (28.), 2-2 Fabio Rochemback (63.), 3-2 Craig Bellamy (68.).

**BOLTON - SUNDERLAND 2-0**
1-0 Kevin Davies (47.), 2-0 Kevin Nolan (85.).

**EVERTON - ASTON VILLA 4-1**
1-0 James McFadden (15.), 2-0 Tim Cahill (22.), 3-0 Leon Osman (45.), 3-1 Gabriel Agbonlahor (64.), 4-1 Tim Cahill (90.).

**MANCHESTER CITY - WIGAN ATHLETIC 0-1**
0-1 Lee McCulloch (55.).

**WBA - MANCHESTER UNITED 1-2**
0-1 Louis Saha (16.), 0-2 Louis Saha (64.), 1-2 Nathan Ellington (78.).

**WEST HAM UNITED - PORTSMOUTH 2-4**
0-1 Lomana Lua-Lua (19.), 0-2 Sean Davis (25.), 0-3 Pedro Mendes (42.), 1-3 Teddy Sheringham (69.), 1-4 Svetoslav Todorov (77.), 2-4 Yossi Benayoun (90.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **CHELSEA** | **29** | **24** | **3** | **2** | **58-18** | **75** |
| MAN. UNITED | 29 | 19 | 6 | 4 | 58-29 | 63 |
| **LIVERPOOL** | **30** | **17** | **7** | **6** | **39-20** | **58** |
| TOTTENHAM | 30 | 14 | 10 | 6 | 43-28 | 52 |
| **ARSENAL** | **30** | **15** | **5** | **10** | **48-23** | **50** |
| BLACKBURN | 30 | 15 | 4 | 11 | 41-36 | 49 |
| **BOLTON** | **28** | **13** | **9** | **6** | **39-28** | **48** |
| WIGAN | 30 | 14 | 4 | 12 | 35-36 | 46 |
| **EVERTON** | **30** | **13** | **4** | **13** | **28-38** | **43** |
| WEST HAM | 29 | 12 | 6 | 11 | 44-44 | 42 |
| **MAN. CITY** | **30** | **12** | **4** | **14** | **39-35** | **40** |
| NEWCASTLE | 29 | 11 | 6 | 12 | 29-32 | 39 |
| **CHARLTON** | **30** | **11** | **6** | **13** | **34-41** | **39** |
| ASTON VILLA | 30 | 8 | 10 | 12 | 34-41 | 34 |
| **MIDDLESB.** | **29** | **9** | **7** | **13** | **39-49** | **34** |
| FULHAM | 30 | 9 | 5 | 16 | 39-51 | 32 |
| **WBA** | **30** | **7** | **6** | **17** | **27-45** | **27** |
| BIRMINGHAM | 29 | 6 | 6 | 17 | 23-41 | 24 |
| **PORTSMOUTH** | **30** | **6** | **6** | **18** | **24-51** | **24** |
| SUNDERLAND | 30 | 2 | 4 | 24 | 19-54 | 10 |

### Enska meistaradeildin

**COVENTRY CITY - LEEDS UNITED 1-1**
**Gylfi Einarsson** sat á bekk Leeds United allan leikinn eins og svo oft í vetur.

**MILLWALL - LEICESTER CITY 0-1**
**Jóhannes Karl** Guðjónsson spilaði allan leikinn fyrir Leicester City.

**READING - WOLVES 1-1**
**Ívar Ingimarsson** og Brynjar Björn Gunnarsson voru báðir í byrjunarliði Reading. Ívar lék allan leikinn en Brynjar fór af velli á 76. mínútu.

**STOKE CITY - BURNLEY 1-0**
**Hannes Sigurðsson** spilaði síðustu tíu mínútur leiksins fyrir Stoke City.

# Louis Saha er sjóðheitur

**Hollenski markahrókurinn Ruud van Nistelrooy situr enn utan vallar. Á meðan fer Louis Saha á kostum með Manchester United og skoraði tvö mörk í gær. Stjórinn Sir Alex Ferguson hefur beðið van Nistelrooy um að sýna þolinmæði.**

**FÓTBOLTI** Um fátt annað er talað í Manchester þessa dagana en framtíð Ruuds van Nistelrooy hjá Man. Utd. en þessi magnaði hollenski markahrókur hefur mátt gera sér það að góðu undanfarnar vikur að fylgjast með félögum sínum af varamannabekknum enda hefur Frakkinn Louis Saha skorað í hverjum leik fyrir United.

Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, segir að van Nistelrooy hafi ekki kvartað en þrátt fyrir það biður hann Hollendinginn um að sýna þolinmæði.

„Ruud er með langtímasamning við United og það er ekkert sem breytir því,“ sagði Sir Alex eftir 2-1 sigur United á WBA í gær. Við vitum öll hvað hann getur og að sjálfsögðu mun hann fá tækifæri með liðinu á ný. Louis á aftur á móti skilið sæti sitt í liðinu þar sem hann er að spila vel og skorar grimmt. Þetta er óheppileg staða fyrir Ruud en hann verður að vera þolinmóður og hann hefur verið mjög rólegur. Hann hefur aldrei kvartað og veit vel að hans tími kemur fljótt aftur.“



**AÐALMAÐURINN** Louis Saha er einn sá heitasti í enska boltanum í dag og hann skoraði tvö mörk gegn WBA í gær. Hann fagnar hér með John O´Shea.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Saha skoraði bæði mörkin fyrir United í gær og öruggur sigur liðsins var í nokkurri hættu undir lokin eftir að Nathan Ellington hafði minnkað muninn fyrir WBA. Bryan Robson, framkvæmdastjóri WBA og fyrrum fyrirliði Man. Utd., kvartaði ekki yfir frammistöðu sinna manna eftir leikinn.

„Strákarnir stóðu vel fyrir sínu og með smá heppni hefðu þeir nælt í stig. Við vorum að spila við öflugt lið og stóðum ágætlega í þeim. Það er mikil barátta fram undan næstu vikur og við megum ekki hugsa of mikið um önnur lið heldur verðum við að hugsa um okkur sjálfa ef við ætlum að bjarga okkur frá falli,“ sagði Robson.

Man. Utd. er ekki eina liðið sem er á mikilli siglingu því Arsenal er ekki á minni ferð, en Thierry Henry og félagar fóru illa með Charlton á Highbury í gær. Arsenal lék nágranna sína grátt allan leikinn og vann mjög sannfærandi 3-0 sigur sem hæglega hefði getað orðið stærri en Arsenal átti sautján skot í leiknum en Charlton aðeins tvö.

„Það var aldrei spurning um hvort liðið færi með sigur af hólmi í dag,“ sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal, eftir leikinn. „Við byrjuðum vel, það var góð hreyfing á liðinu og maður hafði aldrei trú á því að Charlton myndi takast að komast inn í leikinn á ný. Liðið okkar verður betra í hverri viku þannig að ég er mjög sáttur.“ sagði Wenger en hann sér fram á hatramma baráttu við Tottenham um fjórða sæti deildarinnar sem gefir þátttökurétt í Meistaradeildinni á næstu leiktíð.

**henry@frettabladid.is**



**THIERRY HENRY** Neitar því að hann hafi gert samning við Barcelona. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Thierry Henry:

# Slær á þrálátan orðróm

**FÓTBOLTI** Mikið hefur verið rætt og ritað síðustu daga um að Thierry Henry sé á leið frá Arsenal til Barcelona og sumir fjölmiðlar gengu svo langt að segja að Barcelona hefði náð munnlegu samkomulagi við franska framherjann. Sjálfur vill Henry ekki gera mikið úr þessum sögum.

„Það hefur ekkert breyst síðustu tvær vikur,“ sagði Henry. „Ef blöðin vilja spá í hlutina þá er það þeirra mál en staðreyndin er sú að það hefur ekkert gerst eða breyst í mínum málum. Ég vil biðja fólk um að athuga að það eru ekki ummæli frá neinum sem máli skipta í þessum sögum og það er ástæða fyrir því.“

Samningur Henry við Arsenal rennur út sumarið 2007 og gengur Lundúnaliðinu illa að fá hann til að skrifa undir nýjan samning.

**- hbg**

# Fram aftur á toppinn

## Fram mun berjast um Íslandsmeistaratitilinn til enda. Það varð ljóst er liðið lagði Stjörnuna, 29-32. Stjarnan er hins vegar úr leik í baráttunni.

**HANDBOLTI** Stemningin var frábær að Ásgarði í gær og áhorfendur gáfu tóninn fyrir fjörið sem var fram undan. Framarar byrjuðu leikinn með sína hefðbundnu 3-2-1 vörn með Sverrir Björnsson í fararbroddi en Stjörnumenn hins vegar í 6-0 vörn. Fram náði strax tökum á leiknum með frábærri vörn og góðri sókn en Stjörnumenn brugðu þá á það ráð að taka Sigfús Sigfússon úr umferð en það skilaði þeim litlu því Fram leiddi í hálfleik 13-18.

Sergiy Serenko var atkvæða mikill hjá Fram en Tite Kalandadze hélt Stjörnumönnum á floti. Athyglisvert var þó að sjá að Roland Valur Eradze varði einungis 5 bolta í fyrri hálfleik. Í seinni hálfleik mætti allt annað og ferskara Stjörnulið til leiks og á fyrstu 5 mínútunum skoruði Fram ekki mark en Stjarnan gekk á lagið og þegar 8 mínútur voru liðnar af seinni hálfleik var Stjarnan búin að skora 6 mörk á móti 1 marki Fram og komst þar með yfir í fyrsta skipti í leiknum.

Þegar aðeins 6 mínútur voru eftir af leiknum dæma dómararnir víti á Stjörnuna, staðan þá 27-28. Roland ver vítið frá Guðjóni Drengssyni en dómarinn lætur þá endurtaka vítið þar sem Patrekur hafði verið kominn inn fyrir punktalínu áður en vítið var tekið,



**Á FLUGI** Framarar eru á miklu flugi þessa dagana og sitja á toppi DHL-deildarinnar. Stefán Stefánsson skorar hér gegn Stjörnunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jóhann Gunnar Einarsson steig svo fram og skoraði úr vítinu. Vendipunktur myndu margir segja. Stjörnumenn fóru svo illa að ráði sínu þegar þeir voru 5 á móti 4 og misnotuðu gott færi. Þar með voru Framarar með pálmann í höndunum og héldu þeir út þær fáu mínútur sem eftur voru. Lokatölur 29-32. Frábær sigur hjá Fram.

Í liði Fram var Sergiy Serenki frábær í sókninni. Ekki má ekki gleyma þætti Sigúsar Sigfússonar og Jóhanns Einarssonar sem léku oft eins og þeir væru hoknir af reynslu. Á milli stanganna stóð svo Petkevicius og átti hann góðan leik, varði 19 skot.

Sverrir Björnsson var hæstánægður eftir sigurleik sinna manna. „Það var liðsheildin sem skóp þennan sigur sem var mjög ljúfur. Við trúðum þessu allan tímann og höfðum viljann í okkar liði. Við erum enn í baráttunni og megum ekki misstíga okkur,“ sagði Sverrir en Patrekur Jóhannesson Stjörnumaður játaði eftir leik að hans lið væri úr baráttunni.

**- eb / - hbg**



B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is
Keflavík 421 4444 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### DHL-deild karla:

**STJARNAN-FRAM 29-32**

**Mörk Stjörnunnar:** Tite Kalandadze 8, David Kekelia 7, Þórólfur Nielsen 6, Patrekur Jóhannesson 5, Björn Óli Guðmundsson 2, Kristján Kristjánsson 1. Varin skot: Roladn Eradze 14.

**Mörk Fram:** Sergei Serenko 9, Jóhann Gunnar Einarsson 8, Sigfús Sigfússon 5, Haraldur Þorvarðarson 3, Guðjón Drengsson 2/2, Stefán Baldvin Stefánsson 2, Rúnar Kárason 1, Sverri Björnsson 1.

**Varin skot:** Egidijus Petkevicius 19.

**HK-AFTURELDING 29-23**

**STAÐAN:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FRAM | 21 | 16 | 2 | 3609:552 | 34 |
| HAUKAR | 21 | 16 | 1 | 4647:581 | 33 |
| VALUR | 20 | 14 | 1 | 5607:552 | 29 |
| STJARNAN | 21 | 12 | 4 | 5617:578 | 28 |
| FYLKIR | 21 | 12 | 2 | 7581:530 | 26 |
| HK | 21 | 10 | 2 | 9606:591 | 22 |
| ÍR | 21 | 9 | 3 | 9668:645 | 21 |
| KA | 21 | 8 | 3 | 10580:592 | 19 |
| FH | 21 | 8 | 2 | 11577:587 | 18 |
| AFTURELD. | 21 | 6 | 4 | 11529:555 | 16 |
| ÍBV | 20 | 7 | 1 | 12579:624 | 15 |
| ÞÓR A. | 21 | 4 | 4 | 13589:640 | 12 |
| VÍK/FJÖL | 21 | 5 | 1 | 15578:646 | 11 |
| SELFOSS | 21 | 3 | 2 | 16567:661 | 8 |

### DHL-deild kvenna:

**GRÓTTA-STJARNAN 19-23**

**Mörk Gróttu:** Agnes Árnadóttir 6, Karen Smidt 4.

**Varin skot:** Íris Björk Símonardóttir 8.

**Mörk Stjörnunnar:** Rakel Dögg Bragadóttir 5, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 5, Sólveig Kjærnested 5.

**Varin skot:** Helga Dóra Magnúsdóttir 11.

**HK-KA/ÞÓR 31-24**

**Mörk HK:** Aukse Vysniauskaite 6, Arna Sif Pálsdóttir 6, Auður Jónsdóttir 5, Rut Jónsdóttir 4, Tatjana Zukowska 4, Hjördís Rafnsdóttir 3, Marta Björnsdóttir 2, Erna Davíðsdóttir 1.

**Mörk KA/Þórs:** Jurgita Markeviciute 10, Guðrún Guðmundsdóttir 4, Þórsteina Sigurbjörnsdóttir 2, Auður Ómarsdóttir2, Guðrún Tryggvadóttir 2, Erla Tryggvadóttir 1, Jóhanna Tryggvadóttir 1, Anna Morale 1.

**FRAM-VALUR 21-29**

**STAÐAN:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| VALUR | 16 | 13 | 0 | 3446:369 | 26 |
| HAUKAR | 15 | 13 | 0 | 2466:391 | 26 |
| ÍBV | 15 | 12 | 1 | 2390:327 | 25 |
| STJARNAN | 16 | 11 | 1 | 4422:367 | 23 |
| FH | 15 | 9 | 0 | 6401:364 | 18 |
| GRÓTTA | 16 | 6 | 0 | 10370:397 | 12 |
| HK | 16 | 5 | 1 | 10432:472 | 11 |
| FRAM | 16 | 3 | 0 | 13384:447 | 6 |
| VÍKINGUR | 15 | 2 | 1 | 12328:405 | 5 |
| KA/ÞÓR | 16 | 2 | 0 | 14375:475 | 4 |



**LÉTT OG LÖÐURMANNLEGT VERK** Stjarnan vann auðveldan sigur á Gróttu í gær. Kristín Clausen skorar hér fyrir Stjörnuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stjarnan lagði Gróttu:

# Tilþrifalítið á Nesinu

**HANDBOLTI** Stjörnustúlkur tóku strax öll völd á vellinum og komust í 3-0 en Gróttu stúlkur skoruðu ekki mark fyrir en eftir sex og hálfa mínútu. Góð 3-2-1 vörn Stjörnunnar var erfiður biti að kyngja fyrir Gróttu og leiddu Stjörnustúlkur allan fyrri hálfleikinn með 4-5 mörkum.

Seinni hálfleikur hófst nokkuð fjörlega og á upphafsmínútunum fengu tvær Stjörnustúlkur tveggja mínútna brottvísun og jukust þá möguleikar Gróttu á að minnka muninn. Í stað þess að minnka muninn fengu þær á sig klaufalegan ruðning, skoruðu eitt mark á móti þrem mörkum Stjörnunnar og klúðruðu því möguleika sínum á að komast inn í leikinn, Þegar 15 mínútur voru liðnar af seinni hálfleik höfðu Stjörnustúlkur stungið af, staðan 10-19 og ballið búið.

Í liði Stjörnunnar voru þær Rakel Dögg Bragadóttir, Jóna Margrét Ragnarsdóttir og Sólveig Lára Kjærnested bestar en í frekar slöku liði Gróttu var Agnes Árnadóttir skást.

**- eb / - hbg**



**BRÆÐUR AÐ BERJAST** Þjálfararnir og bræðurnir Ólafur og Teitur Þórðarsynir mættust í Egilshöllinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÍA bar sigurorð af KR í deildabikarleik í Egilshöllinni:

# Merkilegur leikur

**FÓTBOLTI** Bræðurnir Ólafur og Teitur Þórðarsynir mættu með lið sín í Egilshöllina í gær þegar ÍA og KR léku í deildabikarnum. Leikurinn var athyglisverður fyrir margra hluta sakir en úrslitin urðu 2-1 fyrir Skagamenn. Þórður Guðjónsson kom ÍA yfir í leiknum en hann lék á miðjunni á meðan Bjarni bróðir hans var í hlutverki miðvarðar í vörninni.

Gunnlaugur Jónsson, fyrirliði Skagamanna til margra ára, er kominn í Vesturbæinn og bar fyrirliðabandið gegn sínum fyrrum samherjum í gær. Hann fiskaði vítaspyrnu í leiknum en úr henni skoraði Bjarnólfur Lárusson og jafnaði metin í 1-1, sem var staðan í hálfleik. Snemma í seinni hálfleik fékk Sigmundur Kristjánsson rautt fyrir að tækla Igor Pesic og Skagamenn léku einum fleiri út leiktímann.

Það var síðan Ellert Jón Björnsson sem skoraði sigurmarkið í leiknum. Gaman var að sjá Arnar Gunnlaugsson leika með ÍA gegn KR í þessum leik en hann var í byrjunarliðinu. Þá kom varnarmaðurinn Árni Thor Guðmundsson inn á sem varamaður í sínum fyrsta leik fyrir Skagamenn síðan hann var keyptur frá HK. KR-ingar hafa þar með tapað öllum þremur leikjum sínum í deildabikarnum til þessa en lið ÍA er með ellefu stig eftir sína fimm leiki.



**LÉKU VEL** Bræðurnir Bjarni og Þórður Guðjónssynir léku vel í gær en Þórður skoraði fyrsta mark leiksins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hörður Sveins heldur áfram að skora í Danmörku:

# Tvö mörk í óvæntum sigri á Bröndby

**FÓTBOLTI** Hörður Sveinsson er svo sannarlega að fara vel af stað með Silkeborg í dönsku úrvalsdeildinni en í gær skoraði hann bæði mörk liðsins í óvæntum 2-0 sigri á meistaraliðinu Bröndby. Hörður hefur þar með skorað fjögur mörk í tveimur fyrstu leikjum sínum fyrir félagið en um síðustu helgi skoraði hann einnig tvö mörk í 3-2 sigri á Viborg.

Fyrra mark Harðar í gær kom snemma leiks en það síðara undir lok fyrri hálfleiksins með skalla, og hann var að sjálfsögðu valinn maður leiksins. Stuðningsmenn Silkeborg eru himinlifandi með byrjunina hjá Herði og klöppuðu honum lof í lófa eftir leikinn í gær. Liðið er í sjöunda sæti deildarinnar með 26 stig eftir 22 leiki.

Bjarni Ólafur Eiríksson er einnig að standa sig vel með Silkeborg en hann lék allan leikinn gegn Bröndby í vinstri bakverðinum líkt og hann gerði gegn Viborg um síðustu helgi.

**- egm**

Sérkennilegur atburður á veitingahúsi í Manchester:

# Rooney snæddi kvöldverð með Mike Tyson

**FÓTBOLTI** Langþráður draumur enska ungstirnisins Wayne Rooney rættist á dögunum þegar hann hitti sjálfan Mike Tyson og snæddi með honum kvöldverð.

Rooney þótti efnilegur boxari áður en hann sneri sér alfarið að boltanum og hann hefur lengi litið upp til Tysons. Þeir hittust í einkasal á veitingahúsi í Manchester og sátu saman, snæddu og ræddu málin í tvo tíma og ku hafa farið ákaflega vel á með þessum tveim skaphundum.

Fundur þeirra átti að eiga sér stað fyrir ári síðan en datt upp fyrir. Upprunalega ástæðan fyrir fundinum var sú að Tyson ætlaði að kenna Rooney að hemja skap sitt á vellinum, eins ótrúlega og það hljómar.



**MJÚKUR MAÐUR** Tyson segist vera að mildast með árunum og sést hér kyssa hvíta dúfu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Ástæðan fyrir veru Tysons í Manchester var sú að hann var að dæma svokallaðan búrbardaga eða „cage fight“.

**- hbg**



Nýr þáttur þar sem Halla Gunnarsdóttir veitir okkur innsýn í framandi heim. Í hverjum þætti tekur hún fyrir eitt land og kallar til sín góða gesti sem hafa þekkingu á landinu og geta frætt okkur sem heima sitjum um menningu þess og sögu.

Að þessu sinni: Þetta fólk ... í Íran

ÞETTA FÓLK

Halla Gunnarsdóttir og framandi lönd
Alla sunnudaga á NFS kl. 11

GOTT FÓLK McCANN

NFS vísir VEF TV digital ísland

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„The most beautiful thing in the world is a match well made.“**

**Svar:**
Emma Woodhouse úr kvikmyndinni Emmu frá árinu 1996.

# dagskrá

## ÍTÆKINU: KRISTIN DAVIS LEIKUR Í SEX AND THE CITY Á SKJÁ EINUM KLUKKAN 01.00

# *Opnaði jógastúdíó*

Kristin Landen Davis fæddist 23. febrúar árið 1965 í Colorado. Hún var einkabarn foreldra sinna sem skildu þegar hún var kornabarn. Móðir hennar giftist aftur og var Kristin ættleidd af stjúpföður sínum aðeins þriggja ára gömul.

Fjölskyldan flutti fljótlega til Suður-Karólínu en þar starfaði stjúpfaðirinn sem sálfræðiprófessor við háskóla. Þegar Kristín útskrifaðist úr menntaskóla, 17 ára gömul, flutti hún til New Jersey og fór í háskóla þar. Eftir háskólaútskrift flutti hún til New York og þjónaði til borðs áður en hún opnaði jógastúdíó með vini sínum. Árið 1995 komst leikferillinn á skrið en þá fékk Kristin hlutverk Brooke Armstrong Campbell í Melrose Place. Hún hætti í þáttunum aðeins ári síðar þar sem framleiðendur komust að því að áhorfendum líkaði ekki við frekjulegan karakterinn. Árið 1998 fékk Kristín hlutverk Charlotte í Sex and the City og lék í þáttunum til enda, árið 2004.

Kristin býr í Los Angeles og er ógift og barnlaus. Hún stundar jóga reglulega og skokkar og hjólar. Hún elskar að ferðast og stefnir á að fara til Indlands í náinni framtíð.





▶ 21.40 *Kvikmyndir*

PIEDRAS



▶ 20.30 *Spenna*

COLD CASE



▶ 20.00 *Gaman*

AMERICAN DAD



▶ 21.00 *Drama*

BOSTON LEGAL



▶ 17.50 *Fótbolti*

REAL MADRID – BETIS

### SJÓNVARPIÐ

**6.30** Formúla 1 **9.00** Morgunstundin okkar **9.06** Stjáni (41:52) **9.28** Sígildar teiknimyndir (27:42) **9.35** Lílo og Stitch (64:65) **10.00** Gæludýr úr geimnum (1:26) **10.25** Latibær **10.55** Spaugstofan **11.25** Formúla 1

**14.00** Græna herbergið (3:6) **14.40** Bítlabærinn Keflavík (1:2) **15.35** Bítlabærinn Keflavík (2:2) **16.35** Börn systur minnar **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar **18.28** Geimálfurinn Gígur (2:12)

**18.40** **Barry breytt** (Changing Barry)Barnamynd frá Írlandi.
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
**20.15** **Krónikan (18:20)** (Krøniken)Danskur myndaflokkur sem segir frá fjórum Dönum á 25 ára tímabili.
**21.15** **Helgarsportið**
▶ **21.40 Skór númer 38** (Piedras) Spænsk bíómynd frá 2002 um fimm konur sem allar eru að leita að draumaprinsinum sínum.

**23.50** Kastljós **0.20** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**7.00** Pingu **7.10** Myrkfælnu draugarnir **7.25** Tiny Toons **7.50** Oobi **8.00** Töfravagninn **8.25** Engie Benjy **8.40** Noddy **8.50** Kalli og Lóla **9.05** Ginger segir frá **9.30** Hjólagengið **9.55** Nornafélagið **10.20** Sabrina – Unglingsnornin **10.45** Hestaklúbburinn **11.10** Tvíburasysturnar **11.35** Home Improvement 4

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Silfur Egils **14.00** Neighbours **14.20** Neighbours **14.40** Neighbours **15.00** Neighbours **15.20** Neighbours **15.45** Það var lagið **16.50** Absolutely Fabulous (6:8) **17.20** Punk'd **17.45** Martha

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.10** **Kompás** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar.
**20.00** **Sjálfstætt fólk**
▶ **20.30 Cold Case (1:23)** (Óupplýst mál) (Family) Vonin lifir ... því sönnunargögnin deyja aldrei. Bönnuð börnum.
**21.15** **Twenty Four (8:24)** (24 )Jack hunsar fyrirmæli forsetans þegar hanneltir uppi hryðjuverkamennina sem ætla að ráðast á verlunarmiðstöð ámeðan forsetafrúin reiðist manni sínum fyrir framferði hans.Stranglega bönnuð börnum.
**22.00** **Rome (8:12)** (Rómarveldi)(Caesarion)Sesar hrekur her Pompeiusar til Egyptalands og heldur svo sjálfur með herlið sitt í humátt á eftir honum og tekur þar land í Alexandríu. Stranglega bönnuð börnum.
**22.55** **Idol – Stjörnuleit** (e)

**0.25** Idol – Stjörnuleit **0.55** Traffic (Str. b. börnum) **2.20** Traffic (Str. b. börnum) **3.45** Traffic (Str. b. börnum) **5.05** Cold Case **5.50** Fréttir Stöðvar 2 **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**17.30** Fashion Television Nr. 18 (e) **18.00** Idol extra 2005/2006 (e)

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.10** **Friends (17:24)**
**19.35** **Friends (18:24)**
▶ **20.00 American Dad (3:16)** .
**20.30** **The War at Home (e)** (Breaking Up Is Hard To Do)Amma Betty kemur í mat með nýja kærastann sinn. Þegar Dave kemst að því að hún sé að eyða fullt af peningum í hann, ákveður hann að reyna að stía þeim í sundur.
**21.00** **My Name is Earl (e)** (White Lie Christmas)Earl hittir fyrrum tengdarforeldra sína sem halda að hann sé enn giftur dóttur þeirra og það sem meira er þá halda þau að hann sé nýkominn heim frá stríðinu í Írak.
**21.30** **Invasion (10:22) (e)** (Origin Of Species)Smábær í Flórída lendir í miðjunni á heiftarlegum fellibyl sem leggur bæinn í rúst.
**22.15** **Reunion (9:13) (e)** (1994)

**23.00** X-Files (e) **23.45** Smallville (e)

### SKJÁREINN

**11.15** Fasteignasjónvarpið (e)

**12.00** Cheers – öll vikan (e) **14.00** Family Affair (e) **14.30** How Clean is Your House (e) **15.00** Heil og sæl (e) **15.30** Fyrstu skrefin (e) **16.00** Queer Eye for the Straight Guy (e) **17.00** Innlit / útlit (e) **18.00** Close to Home (e)

**19.00** **Top Gear** Top Gear er vinsælasti bílaþáttur Bretlands..
**19.50** **Less than Perfect** Videoleigan sem að Carl vinnur í fer á hausinn og Claude hjálpar honum að fá vinnu hjá GNB.
**20.15** **Yes, Dear** Big Jimmy kemur í heimsókn og játar að honum finnist hann útundan þegar hann sér vini sína á elliheimilinu með barnabörnunum sínum en hann þekkir varla sín eigin. Jimmy fær hann þá til að fara með þeim til Six Flags.
**20.35** **According to Jim**
▶ **21.00 Boston Legal** Í Boston Legal sjá áhorfendur heim laganna á nýjan hátt.
**21.50** **Threshold**
**22.40** **Woman in Red** Teddy Pierce er feiminn og rólyndur, en allt breytist þegar hann verður hugfanginn af rauðklæddri konu.

**0.05** C.S.I. (e) **1.00** Sex and the City (e) **2.30** Cheers – 10. þáttaröð (e) **2.55** Fasteignasjónvarpið (e) **3.05** Óstöðvandi tónlist

### SÝN *besta sætið*

**8.00** US PGA Tour 2005 – Bein útsending **11.00** Súpersport 2006 **11.05** Hnefaleikar (Hasim Rahman vs. James Toney) **12.50** Gillette World Sport 2006 **13.20** Destination Germany (Spain + Costa Rica) **13.50** Ítalski boltinn (Udinese – AC Milan) Bein útsending.**16.00** US PGA Tour 2005 – Highlights **16.50** US PGA 2005 – Inside the PGA T **17.20** UEFA Champions League ▶**17.50** Spænski boltinn (Real Madrid – Betis) Bein útsending.

**19.50** **US PGA Tour 2005 – Bein útsending** (Bay Hill Invitational)Bein útsending frá síðasta deginum á Bay Hill Invitational golfmótinusem fer fram í Orlando á Flórída.

**23.20** Ítalski boltinn (Udinese – AC Milan)

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Race to Space **8.00** The Man Who Sued God **10.00** Með allt á hreinu **12.00** Forrest Gump (e) **14.20** Race to Space **16.05** The Man Who Sued God **18.00** Með allt á hreinu **20.00** **Forrest Gump (e)** Sexföld Óskarsverðlaunamynd. **22.20** **The Butterfly Effect** (Fiðrildaáhrifin) Stranglega bönnuð börnum. **0.10** Veronica Guerin (Bönnuð börnum) **2.00** Robocop 2 (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** The Butterfly Effect (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News Special **12.30** Behind the Scenes **13.00** It's So Over: 50 Biggest Celebrity Break-Ups **15.00** Sexy, Single, and Filthy Rich: Top 10 Hottest Bachelors **16.00** Jennifer Aniston – America's Sweetheart **17.00** The E! True Hollywood Story **19.00** It's Good To Be **19.30** E! News Special **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** Rich Kids: Cattle Drive **22.00** Gastineau Girls **22.30** Gastineau Girls **23.00** Wild On Tara **23.30** Wild On Tara **0.00** Party @ the Palms **0.30** Wild On Tara **1.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **2.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**11.20** Birmingham – Tottenham frá 18.03 **13.20** Newcastle – Liverpool (b) **15.50** Fulham – Chelsea (b) **18.15** Newcastle – Liverpool

**20.30** **Helgaruppgjör**
**21.30** **Helgaruppgjör (e)**
**22.30** **Everton – Aston Villa frá 18.03** Leikur sem fór fram í gær.

**0.30** Dagskrárlok



## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Cold Case **Stöð 2**, kl. 20.35

### Ný þáttaröð af Cold Case hefst í kvöld



*Lilly Rush ásamt rannsóknarliði sínu leysir gömul sakamál.*

Vonin lifir ... því sönnunargögnin deyja aldrei. Þriðja þáttaröð þessa vinsælu sakamálaþátta þar sem rannsóknarlögreglukonan Lilly Rush fer fyrir vaskri sveit sérfræðinga sem manna færastir eru í að leysa gömul óleyst sakamál. Í þættinum í kvöld opnar fulltrúinn Rush að nýju gamalt mál frá 1988 þegar maður hefur samband við unga stúlku og segist vera faðir hennar en unglingspiltur var drepinn sömu nótt og hún fæddist.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 5 | | | 2 | 8 | |
| 7 | | | | | 8 | 9 | | |
| | 3 | | | | | | | 4 |
| 6 | | | | | | 3 | | |
| | 8 | | 2 | | 4 | | 6 | |
| | | 2 | | | | | | 7 |
| 8 | | | | | | | 3 | |
| | | 6 | 7 | | | | | 5 |
| | 7 | 3 | | | 1 | 4 | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 6 | 5 | 3 | 7 | 9 | 8 | 4 | 1 |
| 4 | 9 | 1 | 5 | 6 | 8 | 7 | 3 | 2 |
| 7 | 3 | 8 | 2 | 4 | 1 | 9 | 6 | 5 |
| 3 | 8 | 6 | 4 | 2 | 5 | 1 | 7 | 9 |
| 1 | 2 | 7 | 6 | 9 | 3 | 5 | 8 | 4 |
| 5 | 4 | 9 | 1 | 8 | 7 | 3 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 2 | 8 | 3 | 6 | 4 | 5 | 7 |
| 8 | 5 | 4 | 7 | 1 | 2 | 6 | 9 | 3 |
| 6 | 7 | 3 | 9 | 5 | 4 | 2 | 1 | 8 |



▶ **19.10**
*Fréttir*

KOMPÁS

**NFS**

**10.00** Fréttir **10.05** Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku **11.00** Fréttaljós

**12.00** Hádegisfréttir/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar blaðanna **12.25** Silfur Egils **14.00** Fréttir **14.10** Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku **15.00** Fréttaljós **16.00** Fréttir **16.10** Silfur Egils **17.45** Hádegið **18.00** Veðurfréttir og íþróttir

**18.30** **Kvöldfréttir/veður**
▶ **19.10** **Kompás** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. P>
**20.00** **Fréttaljós** Vikulegur fréttaskýringaþáttur með fjölda gesta í myndveri í umsjónfréttastofu NFS.
**21.00** **Silfur Egils** Umræðuþáttur í umsjá Egils Helgasonar.
**22.35** **Veðurfréttir og íþróttir**

**23.05** Kvöldfréttir **23.45** Síðdegisdagskrá endurtekin

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**8.05** Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Lóðrétt eða lárétt **10.15** Kjarval, menningarsagan og samtíminn **11.00** Guðsþjónusta

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Fjölskylduleikritið: Landið gullna Elidor **13.45** Fiðla Mozarts **14.10** Söngvamál **15.00** Sögumenn: Ég var ofvirk og dansandi **18.26** Seiður og hél **19.00** Afsprengi

**19.40** Grískar þjóðsögur og ævintýri **19.50** Óskastundin **20.35** Sagnaslóð **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.22** Í deiglunni **22.30** Leikhúsmýslan **23.00** Andrarímur

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.45** Veðurfregnir **7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.00** Fréttir **16.08** Rokkland

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Að hætti hússins **22.00** Fréttir **22.10** Popp og ról **0.00** Fréttir

### BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying


# ÖFLUGUR APRÍL

## Námskeið sem hefjast í apríl

**Vísindavefurinn:**

- **Undur skynjunarinnar**
  Haldið 1.4.2006
- **Undrin í lífi Ragnars Reykáss**
  – Eðlisvísindi hversdagslífsins
  Haldið 8.4.2006

- **Vínsmökkun – framhald**
  Hefst 3.4.2006
- **Vönduð íslenska:**
  Að skrifa gott íslenskt mál
  Hefst 4.4.2006

- **Verkefnastjórnun I:**
  Undirbúningur og áætlanagerð – grundvallaratriði
  Hefst 3.4.2006
- **Verkefnastjórnun II:**
  Stjórntæki í verkefnum
  Hefst 24.4.2006

- **Sameining fyrirtækja**
  – Mikilvægi mannlega þáttarins
  Hefst 4.4.2006
- **Stefnumiðað árangursmat (Balanced Scorecard):**
  Framkvæmd og innleiðing
  Hefst 5.4.2006

- **Raunvalréttir**
  Haldið 5.4.2006
- **Þjónustustjórnun**
  Hefst 25.4.2006
- **Virðisaukaskattur af byggingarstarfsemi**
  Haldið 27.4.2006

- **Ábyrgðarmenn röntgentækja í heilbrigðiskerfinu og geislavarnir**
  Haldið 7.4.2006
- **Notkun geislavirkra efna í klínískri læknisfræði**
  Haldið 27.4.2006

*Kynntu þér fjölbreytt námsframboð á www.endurmenntun.is eða hringdu í síma 525 4444.*

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS
- að vaxa og dafna



ARGUS / 06-0176


Vonin lifir ... því sönnunargögnin deyja aldrei. Þriðja þáttaröð þessa vinsælu sakamálaþátta þar sem rannsóknarlögreglukonan Lilly Rush fer fyrir vaskri sveit



## HRÓSIÐ

*...fær Jón Ólafsson fyrir að vera óhræddur við að sýna leikhæfileika sína, en hann leikur prest í kvikmyndinni Tristan & Isolde sem er með James Franco í aðalhlutverki.*

## HIN HLIÐIN GUNNLAUGUR EGILSSON LISTDANSARI

# Mikilvægast að njóta augnabliksins

**Hvað er að frétta?** Það er allt fínt að frétta.

**Augnlitur:** Blár.

**Starf:** Listdansari og danshöfundur.

**Fjölskylduhagir:** Mjög fjölbreyttir.

**Hvaðan ertu?** Ég er úr Reykjavík.

**Ertu hjátrúarfullur?** Nei.

**Uppáhaldssjónvarpsþáttur:** Ég næ aldrei að festast í einhverjum einum sjónvarpsþætti. Ég horfi á það sem er í gangi hverju sinni.

**Uppáhaldsútvarpsþáttur:** Ég hlusta bara á það sem er í gangi hverju sinni. Ég hlusta stundum á íslenska útvarpið í gegnum netið í Svíþjóð. Þá líður mér í smástund eins og ég sé heima.

**Uppáhaldsmatur:** Taílenskur grænn karríréttur.

**Fallegasti staður:** Ennþá er það Ísland, við sjáum til hvað gerist.

**Hvað er skemmtilegast?** Að vera í félagsskap þar sem hugsanlega allt gæti gerst en ekkert þarf að gerast.

**Hvað er leiðinlegast?** Að vera í félagsskap þar sem ekkert gerist en allt þarf að gerast.

**Helsti veikleiki:** Dagdraumar.

**Helsti kostur:** Frjótt ímyndunarafl.

**Helsta afrek:** Ég er ekki búinn að afreka það ennþá.

**Mestu vonbrigði:** Ég reyni að gleymi þeim eins fljótt og þau eru yfirstaðin.

**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Friðrik, vinur minn.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Óheiðarleiki.

**Uppáhaldskvikmynd:** Núna er það The Graduate eftir að ég sá hana í Sjónvarpinu um daginn.

**Uppáhaldsbók:** Kafka.

**Hvað er mikilvægast?** Að njóta augnabliksins.




## FRÉTTIR AF FÓLKI

Rithöfundar geta varla óskað útgáfu sinni meiri meðbyrs en þess sem **Andri Snær Magnason** fær í segl sín þessa dagana. Nýjasta bók hans, Draumalandið - sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð kemur í hillur bókaverslana eftir helgi, en í henni tæpir Andri meðal annars á mögulegri nýtingu á umráðasvæði hersins á Miðnesheiði þegar hann ákveður að fara úr landi. „Hverfið er aðskilið frá Keflavík með Berlínarmúr en gæti auðveldlega runnið saman við bæinn,“ segir Andri í bókinni og bætir við að það hljóti að felast tækifæri í 400 þúsund fermetrum af íbúðarhúsnæði, steinsnar frá höfuðborginni og alþjóðaflugvelli mitt á milli Evrópu og Ameríku. Bókin er auk þess stútfull af innblásnum og oft bráðfyndnum vangaveltum Andra um lífið og tilveruna, en útgáfa bókarinnar hefur tafist um nokkrar vikur. Edda, sem gefur bókina út, hlýtur þó að líta á það sem blessun í dulargervi, því bókin gæti ekki átt meira erindi en einmitt nú að minnsta kosti hvað málefni varnarliðsins snertir.



- bs






## INGÓLFUR GUÐBRANDSSON: KENNIR ÍSLENDINGUM AÐ FERÐAST MEÐ STÆL

# Lifað dýpra í undraveröld Ingólfs

Ingólfur Guðbrandsson er víðförlastur núlifandi Íslendinga; hefur alls ferðast til 145 landa og langt í frá sestur í helgan stein. Fáir kunna að ferðast af sama listfengi og Ingólfur, sem nú miðlar hálfrar aldar ferðamennsku sinni til íslenskra ferðalanga á stuttnámskeiðum sem haldin verða á Grand Hótel næstkomandi tvo laugardaga.

Flestir þrá að sjá sem mest af veröldinni og á undanförnum árum hafa margir skrifað bækur um þá staði sem fólk verður að sjá áður en það deyr.

„Í huga margra eru vissir hlutir sem fólk þráir að upplifa áður en dauðinn sækir það heim, en allt of margir bíða með það fram á síðustu stundu og eru dánir áður en þeir fara í ferðina sem þeir ætluðu sér. Ég vil ráðleggja fólki að gera plan fyrir lífið og njóta þess meðan það er enn hérna megin grafar,“ segir Ingólfur.

„Ferðalög geta orðið hvati að því að lifa betra lífi. Ísland er ákaflega einangrað þjóðfélag og sjálfsagt að fólk reyni að gera eitthvað gott og marktækt úr lífi sínu. Það er mér hugsjón að hjálpa fólki að skynja og lifa lífinu dýpra. Öll ferðalög hafa gildi, en oft og tíðum væri hægt að fá mun meira út úr þeim. Mig langar að kenna Íslendingum að undirbúa sig betur, ferðast með opnum huga og hafa markmið með ferðalaginu því njóti fólk engrar leiðsagnar og ferðast óundirbúið fer flest fyrir ofan garð eða neðan.“

**Engin niðurstaða án samanburðar**

Á lífsleiðinni hefur Ingólfur hitt margan ferðalanginn nýkominn á stórmerkilegum stað, sem þó hefur ekki upplifað neitt.

„Það finnst mér sorgleg sóun. Margir fara um mestu listaborgir Ítalíu en allt það merkilegasta fer framhjá vegna þess að fólkið vissi ekki af því. Fæstir finna á sér að eitthvað stórmerkilegt hafi gerst þótt það sé statt á sögulegum stað,“ segir Ingólfur, sem hefur fyrir venju á nýjum stað að skoða hann ekki án þess að verða sér úti um besta mögulega leiðsögumanninn. Ingólfur þekkir af eigin raun sjálfstæði íslenskra ferðalanga.

„Það er séríslenskt fyrirbrigði að telja sér allar leiðir færar og geta gert allt best á ferðalögum. Ferðalög eru eitt af stærstu áhugamálum samtímans, mikill hluti neyslu almennings fer í ferðalög og því skiptir máli hvernig þeim er varið,“ segir Ingólfur, sem enn ferðast mikið um heimsins undralönd.

„Ég hef séð mikið af hinum byggða hluta heimsins, en á eftir að sjá löndin í Mið-Asíu. Mér finnst ég hafa margsannað fyrir sjálfum mér að ekki er hægt að komast að neinni niðurstöðu án samanburðar. Einn aðalkostur ferðalaga er uppræting fordóma. Þeim mun meira sem fólk ferðast og menntar sig er það betur í stakk búið til að hafa sjálfstæða skoðun og draga réttar, fordómalausar ályktanir.“

thordis@frettabladid.is



**VÍÐFÖRULL OG ENN AÐ SKOÐA HEIMINN** Ingólfur Guðbrandsson fremstur í flokki íslenskra og ævintýraþyrstra ferðalanga við Musteri Smaragarðs-Búddans við Konungshöllina í Bankok í Tælandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Fimm lykilatriði Ingólfs til að ferðast með stæl

1. Að velja réttan stað á réttum tíma. París heillar mig mest á vorin, í fjórar vikur frá seinni hluta maí. Því vorkenni ég þeim sem velja annan tíma til ferða um París, þegar töfrunum er ekki saman við að jafna.

2. Að skipuleggja tíma sinn fyrir fram. Áður en farið er af stað að velja eitthvað sérstakt til að skoða og kynna sér á merkum stað. Að taka með sér eitthvað úr ferðinni sem verður dýrmætt í huganum og gefur merkilega lífssýn, eins og til dæmis að skoða eitt af bestu listasöfnum heims.

3. Að vanda val gististaða og staðsetningu í stórborgum. Grundvallaratriði er að vera á góðum stað; annars fer maður á mis við allt lífið og viðburðina.

4. Að ferðast óttalaust. Að týna ekki hlutum eða slasa sig, en sýna aðgát. Ótti hindrar marga í að ferðast; hvort sem það er hætta á hermdarverkum, fuglaflensan eða annað. Ef fólk lifir í stöðugum ótta kemur það engu í verk. Skynsemin ætti að ráða og þá ekki fara á þá staði sem hættulegastir teljast þá stundina.

5. Að tengja ferðina nýrri lífsreynslu. Með því til dæmis að komast á stórviðburði í listum eða vera viðstaddir eitthvað sem telst til stórfrétta, og auðga líf sitt um leið.






# Líður vel á leigunum

Kvikmyndagerðarmaðurinn Elvar Gunnarsson hefur tekið við rekstri Aðalvídeoleigunnar á Klapparstígnum en hún nýtur mikilla vinsælda hjá íbúum 101 enda oft hægt að nálgast myndir sem fáar ef nokkrar aðrar leigur hafa til taks. Elvar vann á sínum yngri árum á myndbandaleigu en margir leikstjórar hafa einmitt lýst því yfir að þar hafi þeir orðið sér úti um sinn mesta fróðleik og nægir að nefna bandaríska leikstjórann Quentin Tarantino sem þreytist seint á að mæra þennan starfsferil.

Elvar tók heils hugar undir þessa yfirlýsingu enda segist hann vera með hálfgert myndbandablæti. „Ég byrjaði að safna myndböndum tíu ára og það var því hálfgert himnaríki að komast í vinnu á myndbandaleigu,“ útskýrir Elvar, sem sjálfur segist taka sér góðan tíma þegar hann velur myndband. „Mér líður mjög vel inni á myndbandaleigum og tek mér hálftíma til að finna réttu myndina,“ segir hann.

Elvar mun bjóða upp á ýmsar skemmtilegar nýjungar og má þar nefna topp tíu lista leigunnar sem birtur er einu sinni í viku. „Núna erum við með tíu bestu lögin í kvikmyndum,“ segir hann og einnig verður leikari og leikstjóri vikunnar valin. „Þá höfum við verið að panta kvikmyndir danska risans Carls Th. Dreyer en þær hafa verið ófáanlegar hér á landi,“ segir Elvar. Einnig hafa verið lögð drög að því að fá B-myndir úr framleiðslu Rogers Corman en leikstjórar sem unnu undir leiðsögn hans urðu margir hverjir stórstjörnur í kvikmyndaheiminum.

- fgg



**ELVAR GUNNARSSON** Er á heimavelli þegar kemur að myndböndum en hann hefur tekið við rekstri Aðalvídeoleigunnar á Klapparstígnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# NÝJAR VÖRUR DAGLEGA!

# LAGERSALA SENU

TÓNLIST · TÖLVULEIKIR · DVD

FRISSI FRÍSKI
Kristall

FRISSI FRÍSKI OG EGILS KRISTALL FRÍTT FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA UM HELGINA!

OPIÐ 11-19 ALLA DAGA!

ÞÚSUNDIR GEISLADISKA, DVD
OG TÖLVULEIKJA Á ÆVINTÝRALEGU VERÐI!

## FRÁ 199,-

EKKI MISSA AF ÞESSU!

LAGERSALA SENU FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

...GERÐU BESTU KAUPIN ▶

sena

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



LAGERSALA SENU
TÓNLIST · TÖLVULEIKIR · DVD
OPIÐ 11-19 ALLA DAGA!
FRÁ 199,-
LAGERSALA SENU FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)
...GERÐU BESTU KAUPIN ▸
sena




**BAKÞANKAR**


VERNHARÐS ÞORLEIFSSONAR


## *Góður ásetningur*

Mér hafa verið gefin mýmörg ráð í gegnum tíðina um allt og ekkert. Sum hef ég sannreynt en langflest ekki. Ég hef bæði fengið þau úr fjölmiðlum og frá fólki í kringum mig. Sum heyri ég einu sinni og þau festast í hausnum á mér. Önnur heyri ég einu sinni og man aldrei aftur. Nokkuð mörg þarf ég ekki að muna þar sem amma hringir í mig daglega og minnir mig á þau. Það gildir einu fyrir ömmu hvort ég sé tveggja ára eða þrjátíu og tveggja þar sem hennar ráð eru allt frá því að þvo mér um hendurnar upp í uppeldi barnanna minna. Mig langar til að deila með ykkur nokkrum af mínum tilraunum.

**EINHVERN** tímann las ég grein um það að blöðruhálskirtilsvandamál karla mætti að miklu leyti forðast ef þeir bara pissuðu sitjandi því þannig næðu þeir að tæma blöðruna betur. Greinin orsakaði tvennt í mínu tilfelli. Í fyrsta lagi fór ég að spá í hvort ristilvandamál væru algengari ef við gerðum hinar þarfirnar okkar standandi líka og í öðru lagi ákvað ég að fyrirbyggja framtíðar blöðruhálskirtilvandamál mín hið snarasta. Tilhugsunin um að setjast alltaf niður var fremur notaleg og ég ákvað að gefa þessu séns. Eftir að hafa prufukeyrt nýju tæknina einu sinni reyndi ég að gera mér grein fyrir hvort blaðran væri betur tæmd en áður en það var hægara sagt en gert. Þeim mun meira sem ég hugsaði um hversu tæmd blaðran væri, því meira varð mér aftur mál að pissa. Að endingu komst ég að því að þetta væri vítahringur sem bæri að forðast og ég hef ekki reynt þetta aftur síðan.

**FYRIR** nokkrum árum sagði frænka mín mér að samkvæmt þýskri könnun skoruðu þeir einstaklingar hærra á gáfnavísitöluprófum sem ávallt gæfu stefnuljós við akstur bifreiða. Þarna sá ég fram á að geta sparað mér að minnsta kosti þrjá mánuði af bókalestri. Setu-piss-kenninguna náði ég aldrei almennilega að sannreyna en ég get staðfest að stefnuljósadæmið þrælvirkar. Ég hef nefnilega komist að því að á þessum fjórtan árum síðan ég byrjaði að gefa ávallt stefnuljós hefur mér farið fram í lestri, reikningi og almennum mannasiðum. Þetta kalla ég góðan árangur fyrir ekki meiri fyrirhöfn.

**AÐ** lokum get ég sagt ykkur að kenningin um að líkaminn þrífi sig sjálfur eftir nokkrar vikur orsakaði í mínu tilfelli útbrot og Hollywood-kúrinn svínvirkar með Egils appelsíni. Ég vona að þið getið nýtt ykkur þessa reynslu mína.


www.icelandexpress.is




# HVER VINNUR LEIKINN?

## Taktu þátt í HM leik Iceland Express

Iceland Express er stolt af því að styrkja HM 2006 á SÝN. Við færum þér HM, hvort sem þú ætlar að njóta leikjanna í sófanum heima eða stúkunni sjálfri, því í vor verða áfangastaðir Iceland Express í Þýskalandi orðnir þrír talsins: **Berlín, Frankfurt Hahn og Friedrichshafen**. Af þessu tilefni efnir Iceland Express til spennandi HM leiks.

Þeir sem bóka og ferðast með Iceland Express á tímabilinu **12. mars til 12. apríl 2006** fara sjálfkrafa í HM pott og geta **unnið ferð fyrir tvo á leik Englands og Trinidad & Tobago** á HM 2006, sem fer fram þann 15. júní í Nürnberg.

Bókaðu núna á **icelandexpress.is**

FIFA WORLD CUP GERMANY 2006
Iceland Express FÆRIR ÞÉR HM Á SÝN

Innifalið er flug og gisting fyrir tvo, bílaleigubíll og tveir miðar á leikinn í boði Iceland Express og Sýnar. Gildir einungis fyrir nýjar bókanir. Ferð verður að vera lokið fyrir 13. apríl.

Iceland Express

F í t o n / S Í A

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

AF HVERJU AÐ BORGA MEIRA?

NÝTT!



Soft Lud/KH
VERÐ FRÁ KR.:
199.900,-

AEG PAKKINN
– heimilistæki á sérstöku tilboðsverði þegar keypt er HTH-innrétting.

RADIONAUST
FURUVÖLLUM · AKUREYRI
HTH-deild · SÍMI 461-5003

SETTU ÞAÐ SAMAN HTH

Komdu í ORMSSON Smáralind!
Opið í dag frá kl. 13–18!
ORMSSON
SMÁRALIND · SÍMI 530-2900
Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu